



# Menningartengd ferðapjónusta

Tómas I. Olrich





# Menningartengd ferðapjónusta



# EFNISYFIRLIT

BLS

5	FORMÁLI
7	SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR
9	TILLÖGUR NEFNDAR UM MENNINGARTENGDA FERÐAÞJÓNUSTU
9	1. STEFNUMÖRKUN
9	2. STÖÐKERFI, GRUNNÞJÓNUSTA, RANNSÓKNIR OG ÞRÓUNARSTARF
10	3. ÍMYND OG MARKAÐSSETNING
10	4. ÞRÓUNARÁETLANIR
10	5. OPINBERIR STYRKIR
11	6. VERKEFNI
13	1. ÍSLENSK MENNING OG FERÐAÞJÓNUSTA
13	1.1. INNGANGUR
14	1.2. MENNING, SÉRKENNI OG ÍMYND
14	1.3. ÞEKING Á MARKAÐSSVÆÐUM
15	1.4. ALMENN VIÐHORF TIL MENNINGAR
16	1.5. BODLEIÐIR
16	1.6. MENNINGARARFUR OG MENNING SAMTÍMANS
16	1.6.1. <i>Vinnuferli</i>
17	2. UPPLÝSINGASAMFÉLAG MIÐALDA 870-1400
17	2.1. SÉRSTAÐA MENNINGARARFSINS
18	2.2. FJÖLÞJÓÐLEG OG ÞJÓÐLEG VIÐHORF
18	2.2.1. <i>Handritin sem upplýsingabrunnur</i>
19	2.2.2. <i>Upplýsingar um evrópskan menningararf</i>
20	2.3. MENNINGARARFURINN Í AUGUM OKKAR SJÁLFRA
21	2.4. NÝJAR LEIÐIR Í KYNNINGARSTARFI
23	2.5. FORNLEIFAFRÆÐI
24	2.6. TILGÁTUHÚS OG SÝNDARVERULEIKI
24	2.7. FERÐIR Á SÖGUSLÓÐIR OG NÝSKÖPUN Í MENNINGARTENGDRI FERÐAÞJÓNUSTU
25	2.8. NIÐURSTÖÐUR
26	3. UNÐANHALD OG ENDURREISN 1400 - 1900
26	3.1. ÓSLITINN ÞRÁÐUR
27	3.2. HELSTU KENNILEITI
28	3.3. BYGGINGAR
29	3.4. SÖFN
30	3.5. SÉRHÆFING OG SAMÞETTING MEÐ MARKAÐSSETNINGU Í HUGA
31	3.6. ÍSLENSKIR ÞJÓÐBÚNINGAR
31	3.7. NIÐURSTÖÐUR
32	4. NÚTÍMAMENNING ÍSLENDINGA
32	4.1. ÍSLAND SEM ALÞJÓÐLEGT MENNINGARSAMFÉLAG
33	4.2. LANDIÐ OG HNATTRÆN LEGA
33	4.3. NÁTTÚRUÖFLIN
34	4.4. AUÐLINDIR
36	4.5. NÁTTÚRUNÝTING OG NÁTTÚRUVERND
36	4.6. TUNGAN
39	4.7. ÞJÓÐLEG ÁRÁTTA
40	4.8. ÍMYND OG MARKAÐSSETNING ÍSLANDS SEM NÚTÍMAMENNINGARSAMFÉLAGS
40	4.9. NIÐURSTÖÐUR

BLS

41	<b>5. SÉRSVIÐ</b>
41	5.1. MENNING OG LISTIR
41	5.1.1. Myndlist
42	5.1.2. Grafísk hönnun
42	5.1.3. Tónlist
43	5.1.4. Leiklist og kvikmyndagerð
44	5.1.5. Lista- og menningarhátiðir
45	5.2. REYKJAVÍK MENNINGARBORG EVRÓPU ÁRIÐ 2000
45	5.2.1. Samstarf við ferðaþjónustu
47	5.2.2. Samstarf við sveitarfélög
47	5.2.3. Samantekt
48	5.3. MATARGERÐ OG MATREIÐSLA
49	5.4. ATVINNUMENNING: HÁTÆKNI, LÍFTÆKNI OG HUGBÚNAÐUR
49	5.5. SAMBAND MANNS OG NÁTTÚRU: HESTAMENNSKA OG REIÐLIST
50	5.5.1. Sérstaða íslenskrar hestamennsku
51	<b>6. STÖÐKERFI OG GRUNNÞJÓNUSTA</b>
51	6.1. FJÁRMÖGNUN VERKEFNA
53	6.2. ÞRÓUNARÁÆTLANIR
54	6.3. RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN
56	6.4. UPPLÝSINGAMIÐLUN
57	<b>7. STEFNUMÖRKUN: MENNINGARFERÐIR SEM HLUTI AF HEILD</b>
58	<b>8. VIÐMÆLENDASKRÁ</b>
58	8.1. VIÐMÆLENDUR NEFNDARINNAR
59	8.2. VIÐMÆLENDUR SKÝRSLUHÖFUNDAR:
61	<b>FYLGISKJAL</b>
	LEITIN AÐ MÓNU LÍSU
	<i>Hugleiðing um menningartengda ferðaþjónustu á Íslandi</i>

# Formáli

---

## ÞANN 5. NÓVEMBER 1999 SKIPADI STURLA BÖÐVARSSON SAMGÖNGURÁÐHERRA NEFND UM MENNINGARTENGDA FERÐAÞJÓNUSTU.

Í skipunarbréfi til nefndarmanna segir m.a.: Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að sóknarfæri ferðaþjónustunnar á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu verði nýtt.

Samgönguráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að fjalla um ofangreint málefni og gera tillögur um þau skref sem nauðsynleg eru til að þessi tegund ferðaþjónustu nái að skjóta rótum.

Nefndarmenn: Tómas Ingi Olrich alþingismaður og formaður Ferðamálaráðs Íslands, formaður, Dagný Emilsdóttir framkvæmdastjóri Heimskringlu, Reykholti, Signý Pálsdóttir, menningarmálastjóri Reykjavíkurborgar, Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vesturferða, Ísafirði og Þorsteinn Gunnarsson, arkitekt og leikari, Reykjavík.

Starfsmaður nefndarinnar var Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti.

Hér með er birt skýrsla um menningartengda ferðaþjónustu, sem formaður nefndarinnar hefur samið. Skýrslan hefst á samandregnum niðurstöðum og tillögum nefndarinnar, en í meginmáli skýrslunnar er fjallað um málið almennt og eftir efnisflokkum. Í lok skýrslunnar er að finna upplýsingar um nefndarstarfið og viðmælendur nefndarinnar. Ennfremur er birt í viðauka við skýrsluna ritgerð eftir Andra Snæ Magnason rithöfund, sem hann skrifaði að beiðni formanns nefndarinnar og fjallar um menningararfinn, ímynd hans og tákni og leiðir til að gera hann sýnilegri og aðgengi-legri.

Nefndin gerði sér frá upphafi grein fyrir því að viðfangsefni hennar hafði ekki skýr mörk. Ræðst það ekki síst af því að

nefndin var sammála um að skilgreina hugtakið menningu mjög vítt. Er rétt að hafa það í huga við lestur skýrslunnar, að með menningu er hér ekki einungis átt við listir og það sem menn hafa hneigst til að nefna hámenningu. Fremur takmarkast verkefnið af þeim skilningi að með menningu sé átt við það sérstaka svipmót, sem þjóðin hefur komið sér upp á rúmlega þúsund árum, og er enn að móta. Þannig verður til staðblær, sem litast af hnattrænni stöðu landsins, náttúrulegum aðstæðum, sögu, atvinnu- og menningarlífi þjóðarinnar og erlendum tengslum en þó umfram allt af þeirri sérstöðu sem tungumálið skapar þjóðinni í senn sem uppspretta og farvegur fyrir menningarleg verðmæti.

Skýrslunni er ekki ætlað að freista þess að skilgreina íslenska menningu. Leitast er við að líta verkefnið raunsæjum augum og styðjast eftir fongum við hlutstæð, hagnýt og viðskiptaleg sjónarmið. Engu að síður verður ekki komist hjá því að viðra ýmsar hugmyndir um þjóðareinkenni og menningarleg sérkenni, sem styðjast við misjafnlega traustar forsendur. Er það óhjákvæmilegt þegar um svo sveigjanlegt og óáþreifanlegt viðfangsefni er fjallað eins og hér er til umræðu. Þótt erfitt geti reynst að festa hendur með nokkurri vissu á sérkennum þjóða, er það þó hafið yfir allan vafa að sérkenni og menningarleg ímynd þjóða, þjóðarbroti og menningarsvæða hafa mjög verulega þýðingu í ferðaþjónustu og í markaðssetningu einstakra heimshluta og landsvæða fyrir ferðamenn. Í skýrslunni er leitað leiða til að höndla þessi verðmæti, þótt þar sé á köflum stuðst við tilfinningu fremur en haldgóðar staðreyndir.

Því fer fjarri að fjallað sé í skýrslunni um alla þá þætti, sem koma til álita. Á sumum atriðum er aðeins tæpt en önnur fá enga umfjöllun. Gildir hið fyrrnefnda t.d. um handverk, sem fær aðeins takmarkaða athygli í umfjöllun um þjóðbúninga. Þennan annmarka verður að skoða í ljósi

Þess hve yfirgrípsmikið verkefnið er. Gerðar eru tillögur um stefnumörkun og aðgerðir til að fylgja henni eftir. Þeim ráðstöfunum er ætlað að ýta undir ferli rannsókna, vörubrúunar og uppbyggingar, sem mun í áföngum ná til ýmissa atriða sem ekki er fjallað um í skýrslunni. Rétt er einnig að geta þess að ekki er vikið að aðlögun menntakerfisins að þeim breyttu áherslum í ferðþjónustu, sem skýrslan mælir með. Liggja til þess einkum eftirfarandi ástæður: Nýlegar breytingar á menntamálum ferðþjónustunnar lutu að því að færa málaflokkinn að fullu undir menntamálaráðuneytið. Þótt flest þau mál sem í þessari skýrslu koma til álitu snerti menntamálaráðuneytið, taldi skýrsluhöfundur ekki standa efni til að fjalla sérstaklega um það mikilvæga hlutverk, sem menntakerfið mun gegna í aðlögun ferðþjónustunnar að nýjum áherslum. Menntastofnanir hafa sýnt mikið frumkvæði við að laga sig að þörfum atvinnulífsins. Á það ekki síst við um ferðamál, en fjölmargar nýjungar hafa komið fram í menntakerfinu á síðustu árum, sem tengjast atvinnugreininni.

Ég vil þakka nefndarmönnum sem og starfsmanni nefndarinnar fyrir ágætt samstarf. Hjörleifi Stefánssyni arkitekt, sem starfaði með nefndinni lengst af, þakka ég öflugan stuðning við starf nefndarinnar.



Tómas Ingi Olrich,  
formaður nefndar um menningartengda ferðþjónustu



# Samantekt og niðurstöður

## TRAUSTUR GRUNDVÖLLUR ER FYRIR ÞVÍ AÐ ÞRÓA MENNINGARFERÐIR SEM AÐRA MEGINSTOÐ ÍSLENSKRAR FERÐAÞJÓNUSTU. HELSTU FORSENDUR ERU EFTIRFARANDI:

1. Telja verður íslenska menningu og íslenskan menningararf mikilsverðan þátt í menningu Evrópu og raunar heimsins alls, því að sumt af þeim bókmenntun, sem einungis hafa varðveist á Íslandi, varpa ljósi á norræna og germanska menningarsögu sem annars hefði verið myrkri hulin. Nægir þar að nefna eddukvæði, dróttkvæði, dansa, rímur og önnur sagnakvæði frá miðöldum, sem eiga sér rætur í germanskri arfleifð fornaldar og miðaldar, en hvergi hafa varðveist annars staðar en á Íslandi. Auk þess eiga Íslendingasögur, konungasögur, samtímasögur og fræðirit frá 12. og 13. öld sér engar hliðstæður í evrópskri menningu á þeim tíma.

2. Íslenskt miðaldasamfélag - og þá ekki síst hið forna þjóðveldi - hafa einnig mikla sérstöðu meðal evrópskra miðaldasamfélaga. Í hinu forna þjóðveldi þróaðist stjórnarform sem minnir um margt á lýðræði síðari tíma og byggði á þátttöku þegnanna í löggjöf og sjálfstæðu dómskerfi. Íslenskt miðaldasamfélag var á sinn hátt þekkingarsamfélag, þar sem menn leituðu eftir menningartengslum við meginland Evrópu og Bretlandseyjar og voru opnir fyrir nýjungum en jafnframt fastheldnir á forni minni germanskrar menningararfleifðar. Þjóðveldið, sem stofnað var árið 930, þróaðist á miklu breytinga- og gerjunarskeiði í Evrópu, á mótum heiðni og kristni. Tímamótin varpa ljósi á menningarlegt umrót sem varð, þegar flókið og þróað samfélag aflagði smám saman munnlega varðveislu, en tók að skrá heimildir, þróaði ritmál og hóf ný mennta- og menningarsjónarmið til vegs og virðingar í skjóli kirkju og klaustra. Þjóðveldið er tími upplýsingabyltingar og gerjunar á sviði lista, vísinda, lýðræðis og réttarfars. Í heild er því um að ræða efnismikinn og sérstæðan menningararf, sem ástæða er til að kynna í sinni fjölbreyttustu mynd. Hann höfðar til markaðssvæða íslenskrar ferðapjónustu báðum megin Atlantshafs og nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar í sérstöðu sinni og frumleika.

3. Menningaráhugi og almenn þátttaka í menningarstarfi er sterkur þáttur í fari Íslendinga, sem rekja má óslitið frá þjóðveldi til nútímans. Ýmiss konar menningarstarf virðist frá upphafi hafa verið eitt megintómstundagaman Íslendinga. Hæst ber starf sem tengt er tungumálinu og

rækt þjóðarinnar við fornan og nýjan skáldskap. Ritunargleði, ættfræðiáhugi og almenn fræðimennska og skráningarþörf þjóðarinnar af ýmsu tagi ber nægilegt vitni um sérkennilegt samband frumleika og nýsköpunar, íhaldssemi og sérvisku til að vekja áhuga menningarsinnaðra ferðamanna.

4. Nútímamenning Íslendinga einkennist af miklum áhuga á menningarstarfsemi í víðustu merkingu orðsins. Þessi áhugi kemur alls staðar fram á flestum sviðum lista og fræða, og er óháður stærð byggðarlaga. Jarðvegur fyrir menningartengda ferðapjónustu sem atvinnugrein er því fjór.

5. Innanlandsmarkaður er mjög mikilvægur fyrir ferðapjónustuna. Þróun menningartengdrar ferðapjónustu getur styrkt þann markað verulega. Viðhorfskannanir sýna, að menningaráhugi er hluti af því sem laðar erlenda ferðamenn til landsins. Jafnframt koma fram vísendingar um, að ekki takist að uppfylla væntingar þeirra um kynningu á íslenskri menningu.

6. Þjóðin, sem hefur frá upphafi búið við talsverðar náttúrulegar hindranir, hefur snúið þeim sér í hag. Í stað landfræðilegrar einangrunar hefur hún mótað samfélag, þar sem menning þrífst og efnahagur nærst á mótum tveggja menningarheima, Evrópu og Norður-Ameríku. Í glímunni við sterk og óstýrilát náttúruöfl hefur hún gert auðlindir sjávarins og orkulindir að undirstöðu velferðar og freistar þess nú, með talsverðum innbyrðis átökum, að umgangast þessar auðlindir af skynsemi og framsýni. Glíma Íslendinga við náttúruöflin markar þeim menningarlega sérstöðu sem verðugt er að kynna.

7. Fjölgun ferðamanna hefur verið mikil og farið verulega fram úr áætlunum. Undirstaða landkynningarstarfs hefur verið náttúra landsins og áhersla hefur verið lögð á hreinleika íslensks umhverfis og viðerni landsins. Ljóst er, að það hefur áhrif á möguleika Íslendinga til að kynna landið einkum á forsendum náttúrunnar, ef hér verður á komandi árum jafn hraður vöxtur í greininni og verið hefur undanfarin ár. Af þessum sökum er þörf á endurskoðun á

stefnumörkun. Auken áhersla á menningarkynningu er vel fallin til að laga íslenska ferðapjónustu að aðstæðum, sem hraður vöxtur í greininni mun skapa á komandi árum.

## ÞÓTT FORSENDURNAR SÉU TRAUSTAR, ER HINS VEGAR VIÐ ÝMSA VEIKLEIKA AÐ GLÍMA, ÞEGAR HORFT ER Á MÁLIÐ FRÁ SJÓNARHÓLI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR. ÞEIR HELSTU ERU EFTIRFARANDI:

1. Íslenskur menningararfur er ekki mjög sýnilegur. Hann er einkum fólgin í listrænum og bókmenntalegum verðmætum og vísindastarfsemi. Hann er mikill grunnur upplýsinga um flókið samfélag. Þessar upplýsingar hafa að hluta til verið mikið rannsakaðar, en kynning er takmarkaðri. Nokkur svið menningararfsins eru lítt rannsökuð. Frá sjónarhóli ferðapjónustunnar er því brýnt að finna leiðir til að kynna menningararfinn í margbreytileika sínum og gera hann sýnilegri.

2. Vægi móðurmálsins má líkja við burðarás í menningarviðleitni þjóðarinnar. Það er erfitt en áhugavert verkefni að kynna menningarverðmæti, sem eru svo nátengd einu minnsta málsvæði heimsins, og alla jafnan fremur óaðgengileg fyrir erlenda ferðamenn. Málmenningshefð Íslendinga er eitt af sterkari sérkennum þjóðarinnar og með henni gætir sterkar viðleitni til að laga tungumálið að síbreytilegum veruleika. Næmleiki fyrir bundnu máli og hljóðstafgrein, sem hefur fylgt þjóðinni frá öndverðu, lifir enn góðu lífi. Skáld og rithöfundar hafa frá öndverðu markað djúp spor í menningarsögu þjóðarinnar, varðveitt menningargildi, talað kjark í þjóðina á erfiðum tímum og haft forystu um menningarlega endurreisn. Það er ekki hægt að kynna íslenska menningu án þess að kynna málmenningshefð þjóðarinnar og sérkennilega náð tilfinningasamband hennar við listamenn málsins. Frá sjónarhóli ferðapjónustunnar, sem hefur tilhneigingu til að kynna einkum það sem sýnilegt er og áþreifanlegt, er það hugsanlega torleystur vandi að kynna þennan undirstöðuþátt íslenskrar menningar. Á hinn bóginn er vert að taka tillit til þess að þau menningarverðmæti íslensk, sem tvímælalaust njóta alþjóðlegrar viðurkenningar, eru öll skráð á þessu óaðgengilega máli, sem dregur að sér athygli og áhuga vegna sérstöðu og sögu.

3. Íslensk nútímamenning er í mikilli deiglu. Það kann að vera annmörkum háð að draga upp sannfærandi mynd af og kynna þess háttar menningardeiglu. Kynningarstarf og þróun menningartengdrar ferðapjónustu verður að virða þessa deiglu og kynna íslenska nútímamenningu eins og hún er. Afar mikilvægt er að halda mótsögnum til haga, þar sem þær eru þáttur í fari þjóðarinnar. Rétt er að viðurkenna, að íslensk nútímamenning, þrátt fyrir allar mótsagnir og kannski vegna þeirra, nýtur nú talsverðrar

athygli á alþjóðavettvangi, sem bendir til þess að hún hafi markaðssett sig sjálf og án beinna afskipta ferðapjónustunnar eða stofnana hennar.

4. Framtakssemi einstaklinga á sviði menningarmála er mikil og brýnt að ferðapjónustan virki þann áhuga. Hins vegar er fjárhagsgrundvöllur þessarar framtakssemi afar veikur. Arðsemi menningartengdrar ferðapjónustu kemur á tíðum fram annars staðar en þar sem kostnaður verður. Verður stuðningur ríkis og sveitarfélaga við menningarstarfsemi af þessum sökum mikilvægur. Það er hins vegar brýnt að ferðapjónustan sem atvinnugrein freisti þess að beina slíkum stuðningi einkum í þá átt að efla arðsemi ferðapjónustuaðila og þeirra, sem stunda starfsemi á mörkum ferðapjónustu og menningar.

Þær aðstæður, sem að framan er lýst, veikja ekki að ráði forsendur menningartengdrar ferðapjónustu og annmarkarnir eru yfirstíganlegir. Það krefst þess hins vegar að skilgreint verði lágmarks aðlögunartímabil fyrir þær breytingar, sem nefndin gerir tillögum um. Á þeim tíma er brýnt að ýmiss konar stoðþjónusta verði aðlöguð þessu nýja verkefni. Á það við um rannsóknir og þróunarvinnu, menntastofnanir, upplýsingamiðlun og markaðssetningu og þá ekki síst þær stofnanir ferðapjónustunnar, sem hlutverki gegna á þessum sviðum. Síðast en ekki síst veit slík aðlögun að stefnumörkun á æðsta stjórnsýslustigi, þ.e. innan ráðuneyta og í samstarfi stjórnarráðs við þá sem vinna að stefnumörkun í rannsóknum og þróunarvinnu. Slík aðlögun er þeim mun brýnni sem sumir þeirra annmarka, sem að framan er getið, valda því að erlend fordæmi um þróun menningartengdrar ferðapjónustu hafa takmarkaðra gildi á Íslandi en ella. Verður því að reiða sig í grundvallaratriðum á innlenda grunn- og stoðþjónustu, sem ferðapjónustunni stendur til boða, og vinna að því að efla hana. Brýnt er að leita leiða til að virkja, í þágu menningartengdrar ferðapjónustu, margvísleg ný þekkingarsvið, þar sem Íslendingar hafa náð góðum árangri. Er þar um að ræða þekkingu sem upplýsingasamfélagið býður upp á en einnig hefðbundna þekkingu þar sem upplýsingatæknin hefur opnað nýja möguleika. Frá sjónarhóli ferðapjónustunnar þarf að leysa úr læðingi hefðbundna sérþekkingu á menningararfinum, bókmennta- og sagnfræði, mannfræði, handritafræði og fornleifafræði. Virkja þarf þessa þekkingu í samstarfi við ýmis ný þekkingarsvið, eða hefðbundin svið sem upplýsingatæknin hefur endurnýjað og breytt. Er áhugavert að kanna nýja kosti sem bjóðast í upplýsinga- og fjarskiptatækni, hugbúnaðargerð, grafískri hönnun og tölvugrafík, listrænni framsetningu og auglýsingatækni.

*Á grundvelli þess sem að framan er sagt, er lagt til að íslensk ferðapjónusta verði í framtíðinni byggð upp á tveimur meginstöðum, íslenskrari náttúru og íslenskrari menningu og samverkan*

þessara þátta. Lagt er til að á fimm ára aðlögunartímabili verði atvinnugreinin og menningarstarfsemin ásamt stöð- og grunnþjónustu búin undir að glíma við þetta verkefni. Æskilegt er að styðjast sem mest við það sem fyrir er og vel hefur reynt. Eru fremur lagðar til breyttar áherslur en kerfisbreytingar. Jafnframt er talið brýnt að frumkvæði einstaklinga og almenn menningarviðleitni sé undirstaða þess að hægt sé að þróa sérstaklega menningarferðir sem sérgrein ferðapjónustunnar. Því beri að tryggja, að allar breytingar verði til að ýta undir virkni almennings og fyrirtækja til að standa að menningarviðburðum og kynna íslenska menningu. Í

skýrslunni eru rökstuddar tillögur sem líta að stefnumörkun, stöðkerfi, grunnþjónustu, rannsóknum og þróunarstarfi, ímynd og markaðssetningu, þróunaráætlunum og opinberum styrkjum. Er lögð áhersla á að þessum breytingum er ætlað að efla og ýta undir þann áhuga á uppbyggingu menningartengdrar ferðapjónustu, sem alls staðar getir, bæði hjá einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum og sveitarfélögum. Ennfremur eru lagðar fram hugmyndir að verkefnum, sem talið er koma til greina að ráðast í til að styrkja uppbyggingu menningartengdrar ferðapjónustu.

## Tillögur nefndar um menningartengda ferðapjónustu

---

### 1. STEFNUMÖRKUN

1.1 Menningartengd ferðapjónusta verði skilgreind sem sérstök grein ferðapjónustunnar, *menningarferðir*, sem hafi það að markmiði að kynna og auka skilning á menningarlegrri sérstöðu þjóðarinnar í nútíð og fortíð.

1.2 Íslensk ferðapjónusta verði í framtíðinni byggð upp á tveimur meginstöðum, íslenskri náttúru og íslenskri menningu og samverkan þessara þátta. Megináhersla verði lögð á að kynna náttúru landsins, menningu þjóðarinnar og gagnkvæm áhrif menningar og náttúru.

### 2. STÖÐKERFI, GRUNNÞJÓNUSTA,

#### RANNSÓKNIR OG ÞRÓUNARSTARF

2.1 Sú aðlögun, sem þessi stefnumörkun krefst, verði í fyrstu miðuð við 5 ár. Á þeim tíma verði unnið að breytingum á stöðkerfi ferðapjónustunnar, einkum með tilliti til rannsókn- og þróunarstarfs og markaðssetningar, kerfið lagað að breyttum þörfum atvinnugreinarinnar og samstarf við menningarstarfsemina bætt og aukið.

2.2 Haldnir verði árlega tveir samráðsfundir ráðuneyta menntamála og samgöngumála ásamt Rannsóknaráði Íslands, Ferðamálaráði Íslands og Markaðsráði ferðapjónustunnar, þar sem stefna verði mörkuð og áherslur samræmdar í rannsóknum, þróunarstarfi og markaðsókni. Markmið með slíkum samráðsfundum verði að styrkja stefnumótun, samræma sjónarmið þeirra sem með menningar- og ferðamál fara, auðvelda þeim að beita sér fyrir markvissum rannsókn- og þróunaráætlunum og tryggja að aðilar, sem annast markaðsmál komi að slíkum áætlunum á frumstigi. Ráðuneytin tvö tilnefni fulltrúa til að meta árangur af stefnumörkun og framkvæmd og skila um það árlegri skýrslu.

2.3 Samráðsfundir menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis leggi grunn að þróunaráætlunum, sem nái yfir vel skilgreind svæði (sjá till. 4.2.).

2.4 Í ljósi þeirrar reynslu, sem fékkst af verkefninu Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000, verði skipaður sérstakur starfshópur til að gera tillögur um hagnýtar aðgerðir til að styrkja grunnþjónustu og stöðkerfi ferðapjónustunnar, styrkja stöðu hennar til að styðjast við menningarviðburði og efla upplýsingamiðlun um menningarstarfsemi.

2.5 Á vegum Markaðsráðs ferðapjónustunnar verði unnið

að því að safna saman heimildum um erlenda markaði á grundvelli erlendra markaðsrannsóknna og þeirrar reynslu og þekkingar sem safnast hefur saman innan skrifstofa Ferðamálaráðs Íslands erlendis, hjá ferðaskrifstofum og ferðapjónustufyrirtækjum. Árlega verði gefin út úrvinnsla á þessari upplýsingasöfnun til notkunar við þróun menningartengdrar ferðapjónustu.

2.6 Ferðamálaráð Íslands komi sér upp sérstökum tengilið, sem hafi það hlutverk að miðla upplýsingum um menningarviðburði innan ferðapjónustunnar og gera atvinnugreinina að áhugaverðum samstarfsaðila fyrir þá sem stunda menningarstarfsemi.

2.7 Fjárhagslegt svigrúm Ferðamálaráðs Íslands til að ýta undir rannsóknir og þróunarverkefni verði hækkað í áföngum, allt að 20 milljónum króna á ári.

2.8 Ferðamálaasetur Íslands verði eftir á næstu fjórum árum með beinum framlögum á fjárlögum sem nemi árlega 20 milljónum í lok þess tímabils. Verði þetta svigrúm einkum nýtt til að efla rannsóknir á nýju sviði almennra rannsókna, þar sem viðfangsefnið yrði tengsl nútímamennningar og menningararfs, samstarf listgreina og upplýsingatækni við kynningu og miðlun á menningarverðmætum, og hlutverk íslenskrar menningar í samfélaginu annars vegar og í alþjóðlegu samstarfi hins vegar. Sérstaklega verði hugað að því að virkja sjálfstæðar stofnanir og einstaklinga til rannsóknna- og þróunarstarfs.

### 3. ÍMYND OG MARKAÐSSETNING

3.1 Við rannsóknir, þróun og markaðssetningu verði lögð áhersla á menningavirkni, listsköpun og vísindastarfsemi Íslendinga og áhuga þjóðarinnar á skráningu og miðlun upplýsinga, sem sameiginlegan þátt í fari þjóðarinnar í nútíð og fortíð. Leitast verði við að kynna þau áhrif sem lega landsins, á mótum tveggja menningarheima, hefur haft á menningu þjóðarinnar. Þá verði lögð áhersla á að kynna sérstaklega glímu þjóðarinnar við máttug náttúruöfl og nýtingu á auðlindum landsins.

3.2 Hugað verði að því að beina athygli ferðamanna sérstaklega að Konungsbók Eddukvæða sem menningarsögulegum minnisvarða. Handritið verði gert að tákni íslenskrar menningar, aðgangur ferðamanna að því tryggður og því búin umgjörð sem hæfir því og hlutverki þess. Hugað verði að þessu hlutverki við nýbyggingarframkvæmdir fyrir stofnun Árna Magnússonar.

3.3 Rithöfundar, listamenn og fræðimenn verði fengnir til að hugleiða menningarlega sérstöðu þjóðarinnar í

fortíð og nútíð og framtíðarmöguleika íslenskrar menningar í straumum samtímans, í þeim tilgangi að auðvelda ferðapjónustunni að byggja upp ímynd Íslands sem menningarafangastaðar og markaðssetja landið fyrir menningarferðir.

## 4. ÞRÓUNARÁETLANIR

4.1 Svæðisbundnar áætlanir um uppbyggingu menningartengdrar ferðapjónustu endurspeglir stefnumörkun stjórnvalda á samráðsfundum menntamála- og samgönguráðuneytis. Áætlanirnar verði gerðar undir tvenns konar formerkjum. Annars vegar verði þeim öllum sameiginlegt að varpa ljósi á tengsl menningar og náttúru. Hins vegar verði lögð áhersla á að draga fram sérkenni og styrkleika hvers svæðis.

4.2 Landinu verði skipt í eftirfarandi þróunar- og markaðssvæði:

- *Snæfellsnes, Dalir og Breiðafjarðarsvæðið með áherslu m.a. á Þjóðgarð undir Jökli, Eiríksstaði og landafundi*
- *Vestfirðir með áherslu á menningarsamfélagið á Ísafirði, friðlandið á Hornströndum, Jökulfirði og Djúpi*
- *Skagafjörður og Siglufjörður með áherslu á Hóla, safnamenningu, vesturferðir, þjóðlagasetur, hestamennsku og reidlist*
- *Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur með áherslu á söfn tengd sjósókn og strandmenningu, menningarstarfsemi á Akureyri, vetraríþróttir, Gásir, Mývatnssveit og Jökulsárgljúfur*
- *Austfirðir og Hérað með áherslu á aldamótabeinn Seyðisfjörð, umhverfi og landnýtingu, gróðurvernd og endurbeint landgæða, hálendið norðan Vatnajökuls og orkunýtingu*
- *Hornafjörður og Austur-Skaftafellssýsla með áherslu á Vatnajökul*
- *Eyjafjöll og Vestmannaeyjar með áherslu á söguslóðir og sambúð manns og náttúru á eldfjallaeyju*

4.3 Eftir því sem við verður komið verði atvinnuþróunarfélög virkjuð til að vinna að framkvæmd svæðisbundinna þróunaráætlana.

## 5. OPINBERIR STYRKIR

5.1 Stofnaður verði Menningarsjóður ferðamála til að styrkja menningarstarfsemi, uppbyggingu og vöruþróun, sem hefur sérstakt gildi fyrir ferðapjónustuna og fellur að þróunaráætlunum um uppbyggingu atvinnugreinarinnar. Sjóðnum verði árlega úthlutað á fjárlögum 200 milljónum króna til styrkveitinga. Hann líti 3ja manna stjórn, sem

skipuð er af samgönguráðherra og skal menntamálaráðherra tilnefna einn þeirra. Starfsemi sjóðsins verði nátengd áætlanagerð í ferðamálum og starfi í tengslum við atvinnuþróunarfélög í héraði.

5.2 Stofnaður verði sjóður í því skyni að styrkja listamenn til að koma á neti listviðburða til að efla ferðaþjónustu. Starfsemi sjóðsins taki mið af því hve listviðburðir hafa almennt mikla þýðingu fyrir þróun ferðaþjónustu, og hve brýnt er að ýta undir virkni og frumkvæði listamanna á þessu sviði. Sjóðnum verði úthlutað 30 milljónum króna árlega til styrkveitinga. Sjóðurinn lúti þriggja manna stjórn sem skipuð er af menntamálaráðherra, og skal einn stjórnarmanna tilnefndur af samgönguráðherra.

5.3 Framlög til Húsafríðunarsjóðs verði aukin.

## 6. VERKEFNI

6.1 Kannaðir verði möguleikar á gerð upplýsingavefs um íslenskan menningararf undir heitinu „Upplýsingasamfélag miðalda“, sem hafi það að markmiði að veita heildarsýn yfir flókið og þróað samfélag þjóðveldistímans. Til greina kemur að grunnur upplýsingavefsins verði tengdur ákveðnum sögustöðum en hluti vefsins verði vistaður á veraldarvefnum sem markaðssetning. Heildarkynning verði tengd Þjóðminjasafni en sérhæfð úrvinnsla sögustöðum.

6.2 Á eftirtöldum sögustöðum verði vistuð sérhæfð upplýsingasöfn og þeir verði eftir föngum vettvangur listviðburða, sem tengjast íslensku miðaldasamfélagi:

- í Skálholti verði miðstöð kirkjutónlistar
- í Þingvöllum verði safn upplýsinga um lagasetningu, stjórnsmál, stjórnsmál og dómsvald á miðöldum
- í Reykholti verði miðstöð kynningar á íslenskum bókmenntum og miðaldasagnfræði
- á Hólum í Hjaltadal verði kirkjusögusafn
- á Akureyri verði upplýsingasafn tengt verslun, viðskiptum og siglingum, og lagasetningu þar að lútandi, með skírskotun til verslunarstadarins að Gásam

6.3 Þingvellir verði kynntir sem menningarsögulegur vettvangur lýðræðisþróunar í heiminum og verði sem slíkur og vegna einstaks náttúrufars tekinn á heimsminjaskrá.

6.4 Á framangreindum sögustöðum verði leitast við að gera þær upplýsingar, sem þar verður komið á framfæri, sýnilegar og áþreifanlegar. Til greina kemur að ráðast í takmörkuð tilraunaverkefni til að kanna að hve miklu leyti hugbúnaðargerð, tækni og tölvugrafík geta farið nýjar leiðir í kynningarstarfi og tengt áhuga ungs fólks á upplýsingatækni við menningararfinn.

6.5 Kannað verði hvort hægt er að kynna byggingararf þjóðarinnar í eins konar „tölvugrafískum byggingasöfnum“, með tækni sem þrívíddargrafík og sýndarveruleiki bjóða upp á.

6.6 Athugað verði að koma upp á Héraði landnýtingarsafni, þar sem miðlað yrði upplýsingum um náttúrufar á miðöldum, landnytjar og lagasetningu þar að lútandi og rakin áhrif versnandi veðurfars og rýrnandi gróðurfars á efnahagslíf Íslendinga og menningarstarfsemi. Þar væri einnig kynnt barátta fyrir endurheimt landskosta, og rakin saga landgræðslu og skógræktar.

6.7 Fornleifafræði verði eflað og tengd áætlunum um uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu.

6.8 Kannaðar verði helstu eigindir íslenskrar frásagnarlistar með það fyrir augum að efla frásagnarlist sem listgrein.

6.9 Kannaður verði sérstaklega hlutur bundins máls í menningarsögu Íslands og sá þáttur, sem íslensk skáld hafa átt í að móta menningarlegan styrk þjóðarinnar.

6.10 Við galdrasafnið á Hólmavík verði aukið upplýsingum um þau merku skil í menningarsögu Íslands, þar sem mætast heidríkja upplýsingastefnunnar og svartnætti galdrafársins, og starf Árna Magnússonar er lýsandi fyrir.

6.11 Kannað verði, hvort hægt er að setja á laggirnar í Stofnun Árna Magnússonar kynningu á lífi og starfi Árna Magnússonar, þar sem lögð verði áhersla á órofa samhengi í íslenskri menningarviðleitni á erfiðustu tímum þjóðarinnar, og á þá sundurleitu strauma menningarstarfsemi, sem vísindarit á latínu frá þessum tíma ásamt áhuga á handritum og virðingu fyrir þeim, varpa ljósi á.

6.12 Framlag til viðhalds og endurgerðar gamalla húsa verði aukið og tengt þróunaráætlunum í menningartengdri ferðaþjónustu (sjá till. 5.1.).

6.13 Auknir verði opinberir styrkir til að varðveita og breiða út þekkingu á íslenska þjóðbúningnum og handverki og verkmenntun honum tengdum (sjá till. 5.1.).

6.14 Skapað verði svigrúm í heilbrigðislöögum og reglugerðum til að kynna í „lifandi söfnum“ búsyслу liðinna alda, framleiðslu matvæla og framleiðsluvörur.

6.15 Lögð er áhersla á að framkvæmdar verði áætlanir um gosminjasafn í Vestmannaeyjum, sem verði ætlað það hlutverk að kynna í hnotskurn glímu mannsins við náttúruöflin.

6.16 Stofnaður verði starfshópur til að gera tillögur um aðgerðir til að fjölga náttúrulegum baðstöðum við heitar laugar og setja fram hugmyndir um umbúnað þeirra, aðkomu að þeim og hönnunarforsendur.

6.17 Kannað verði, hvort unnt sé að kynna formlega fyrir ferðamönnum starfsemi íslenskra þjörgunarsveita Slysavarnarfélagsins-Landsbjargar. Kynningunni yrði ætlað að auka skilning á öryggismálum þjóðarinnar almennt og ferðamanna sérstaklega, varpa ljósi á tækjagleði Íslendinga og þann áhuga, sem þeir hafa á útivist og fjallaferðum.

6.18 Kynningarstarf um virkjanir og orkumannvirki verði aukið og ný mannvirki hönnuð með tilliti til skoðunarferða og upplýsingamiðlunar um orku og orkunýtingu. Þar verði kynnt mismunandi umhverfisáhrif sem verða af nýtingu orkulinda, hlutur orkuvinnslu í efnahag Íslendinga, umhverfisáhrif orkumannvirkja og aðgerðir til að draga úr þeim.

6.19 Í framhaldi af samstarfi ferðaþjónustunnar og fiskframleiðenda innan verkefnisins „Iceland Naturally“ verði starfshópur settur á fót til að gera tillögur um samstarf þessara aðila atvinnulífsins sem miði að því að gera ferðamönnum kleift að skoða matvælaframleiðslufyrirtæki og kynnast því umhverfi gæða og öryggis í matvælaframleiðslu, sem þar hefur þróast.

6.20 Sett verði á fót undirbúningsnefnd til að ráðast í verkefnið „Öld ársins“, þar sem umfjöllun fræðimanna, fjölmiðla og listamanna verði helguð einni öld Íslandssögunnar í heilt ár. Miðað verði við að afrakstur verkefnisins verði vistaður á sérstökum menningarsöguvef, sem tengist upplýsingamiðlun um „Upplýsingasamfélag miðalda“ (sjá

till. 6.1.). Verkefnið verði undirbúið með það í huga að beina athygli og áhuga að menningarsögu þjóðarinnar, efla kynningarstarf og tengja tækni- og hugbúnaðaráhuga þjóðarinnar við sagnfræðiáhuga og hefðbundna fræðimennsku.

6.21 Litið verði á íslenskukennslu við erlenda háskóla sem lið í kynningu á íslenskrri menningu og slík starfsemi styrkt með opinberu fé.

6.22 Hugað verði að því að koma upp á Íslandi skipulögðum námskeiðum, þar sem sameinuð verði fræðsla um náttúru landsins og menningarsögu þjóðarinnar.

6.23 Komið verði upp á nokkrum stöðum föstum þema-tengdum málverkasýningum á vegum Listasafns Íslands í þeim tilgangi að varpa ljósi á áhrif íslenskrar náttúru á myndlist og leggja drög að myndlistaráfangastöðum.

6.24 Með auknum stuðningi við tónlistarviðburði verði stuðlað að því að kynna tónlistarhefð og hlut tónlistar í samtímanum (sjá. till. 5.2.).

6.25 Kannað verði hvort unnt sé að efna til alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar á Íslandi.

6.26 Kannaðir verði möguleikar á að kynna landið sem sækeraáfangastað, þar sem í boði eru örugg matvæli. Verkefnið nái til alls landsins og feli í sér þróunarstarf, aðlögun hefðbundinna rétta að nútímakröfum, viðhald fjölbreytileika í framleiðslu matvæla, sérhæfingu eftir héruðum og árstíðum, gæðaeftirlit, markaðssetningu og kynningu.

6.27 Kannaðar verði forsendur þess að kynna íslenska reiðlist og tamningalist sem sérstæðan þátt í menningarsögu þjóðarinnar.

TÓMAS I. OLRICH:

# 1. Íslensk menning og ferðapjónusta

---

## 1.1 INNGANGUR

**M**enningarstarfsemi tengist ferðapjónustu með margvíslegum hætti. Ekki er einhlítt að skilgreina almennt þessi tengsl sem sérstaka grein ferðapjónustunnar. Samspil þeirra þátta, sem hvetja fólk til ferðalaga, er flókið, og spannar vítt svið, frá sól og sandi til sögulegra bygginga og minja og matreiðslulistar. Grundvöllur ferðamennsku er því umhverfi í víðustu merkingu hugtaksins, þar með talið allt sem manninum viðkemur. Almennt hafa því framlög til menningarmála og þróun þeirra margvísleg bein og óbein áhrif á vöxt og viðgang ferðapjónustunnar. Þar sem menning er, í víðustu merkingu hugtaksins, eins konar samnefni fyrir yfirbragð og athafnir þjóðar í tíma og rúmi, er áhugi á tiltekinni þjóð menningarlegs eðlis. Áhuginn beinist ekki síst að því er kalla verður ímynd þjóðarinnar. Ímynd er mikilvægt hugtak í viðskiptum og grundvallaratriði í ferðapjónustu. Menningarstarfsemi, svo sem listahátíð, getur þannig haft verulega þýðingu fyrir ímynd Íslands og átt þátt í að auka aðdráttarafi landsins sem áfangastaðar ferðamanna, jafnvel þótt hægt sé að sýna fram á það með viðhorfskönnun að menn ferðist ekki til Íslands til þess eins að hlusta á tónleika. Það er m.a. markmið skýrslunnar að fjalla um þennan víðari og almenna þátt. Rétt er að taka það skýrt fram að þegar hugtakið ímynd er notað í þessari skýrslu, er átt við landið og þjóðina, en ekki sérkenni ákveðinna svæða.

Á hinn bóginn hefur þróast hugtakið menningarferðapjónusta. Þar er átt við sérgreinda ferðapjónustu, sem gerir menningu að vörumerki sínu með mismunandi hætti og leggur áherslu á menningu þjóðar eða svæðis og skilgreinir það sem aðdráttarafi fyrir ferðamenn. Slíkar greinar ferðapjónustu hafa lengi verið til, en hafa hlotið meira vægi með vaxandi menntunarstigi og almennari áhuga á menningu og menningarviðburðum. Innan þessarar greinar ferðapjónustu má flokka ferðapjónustu sem byggist á lífssýn og hugsjónum eins og svokölluð „græn“ ferðapjónusta gerir. Þá stýðst ferðamaðurinn við ákveðna hugmynda-

fræði, þar sem virðing fyrir umhverfinu er sett í öndvegi. Með umhverfi er ekki síður átt við mannlegt umhverfi. Ferðamennska af þessu tagi leggur áherslu á lágmarksáhrif ferðamannsins sjálfs á menningu þeirra svæða sem leiðin liggur til.

Kostir þess að fjalla um menningarferðapjónustu sem aðgreindan þátt atvinnugreinarinnar eru einkum þeir, að auðveldara er að nálgast verkefnið frá sjónarhóli markaðarins og leita leiða til að markaðssetja landið sem menningarland. Hins vegar er brýnt að missa ekki sjónar á almennu mikilvægi menningarmála fyrir ferðapjónustu og leita leiða til að nýta ferðapjónustuna til að styrkja menningarstarfsemi og gagnkvæmt.

Skýrslan leitast við að hafa bæði þessi sjónarmið í hávegum, en gerir jafnframt grein fyrir því hvort ákveðnir þættir hafa gildi almennt fyrir ferðapjónustuna eða hvort um er að ræða þætti, sem þróa megi sérstaklega sem afmarkaða „vöru“. Í þeirri umfjöllun, sem hér fer á eftir, verður leitast við að líta á íslenska menningu frá sjónarmiði markaðarins og nálgast viðfangsefnið menningartengd ferðapjónusta frá viðskipta-sjónarmiði að svo miklu leyti sem það er unnt.

Menningartengda ferðapjónustu verður einnig að staðsetja með tilliti til þróunar atvinnugreinarinnar í heild og þeirra langtímasjónarmiða sem þar ber að gæta. Stjórnvöld samþykktu stefnu í ferðamálum á árunum 1996-97, sem nú er unnið eftir. Endurskoða ber stefnumörkunina í ljósi reynslu, vaxandi upplýsingagrunns og nýrra viðhorfa í ferðapjónustu. Áhersla á menningu í heildarframboði ferðapjónustu fer vaxandi. Jafnframt fylgjar vísbindingum um að álag á ferðamannastöðum, sem einkum draga til sín ferðamenn vegna sérkennilegra náttúrufyrirbæra, fari vaxandi og geti ógnað aðdráttarafi þeirra. Brýnt er því að skoða þróun ferðapjónustunnar í heild og framtíðarhlutdeild menningartengdrar ferðapjónustu í þróun greinarinnar. Lokakafi skýrslunnar fjallar um þennan þátt málsins.

## 1.2 MENNING, SÉRKENNI OG ÍMYND

**Þ**að er ekki markmið með þessari skýrslu að skilgreina til nokkurrar hlítar íslenska menningu og sérkenni hennar. Hins vegar er rétt að leggja áherslu á að menning og menningarleg sérstaða, ímynd þjóða og sérkenni hafa öðlast aukinn sess í vitund ferðamanna. Virðist þetta haldast í hendur við vaxandi alþjóðahyggi og fjölþjóðlegt samstarf, sem býður upp á mikla möguleika á alþjóðlegum viðskiptum en vekur jafnframt ugg um að verðmæti og sérkenni tapist í heimsþorp-inu.

Í nýlegri könnun Dana á ástæðum þess að ferðamenn á mikilvægasta ferðamarkaði þeirra, Þýskalandi, snýr sér í vaxandi mæli annað, er rauður þráður í niðurstöðum sá, að neikvæð ímynd Dana í augum Þjóðverja tengist svipleysi

Dana, sem hafi ekki að mati Þjóðverja neina afmarkaða ímynd né menningarleg sérkenni. Lífsstíll þjóðar og ein-kenni eru orðin vörumerki og aðdráttarafl í ferðapjónustu á sama hátt og sérkennilegt landslag ellegar hagstætt verðurfar. Þessir þættir hafa vaxandi áhrif á það hvert ferðamenn sækja og virðast veða þyngra hjá þeim sem hafa meiri fjárráð.

Að þessu leyti er ljóst að menningarleg sérstaða þjóða hefur mikið viðskiptalegt gildi, sem hefur mismunandi vægi eftir markaðssvæðum. Þótt það sé ekki beinlínis markmið með skýrslunni að gera almennt grein fyrir íslenskrri menningu og sérkennum hennar, verður þess engu að síður freistað að skerpa skilning á hvoru tveggja.

## 1.3 ÞEKING Á MARKAÐSSVÆÐUM

**M**ikilvægt er að hafa í huga í umfjöllun sem þessari, að við þróun menningartengdrar ferðapjónustu verður að hafa í heiðri og laga sig að ýmsum grundvallarsjónarmiðum í markaðs- og kynningarstarfi. Þekking á mörkuðum, mismunandi eðli þeirra, viðbrögðum og þróun skiptir að þessu leyti sköpum.

Íslensk ferðapjónusta starfar á stórum og flóknum markaði erlendis. Stærstu og mikilvægustu svæðin eru í Þýskalandi, á Norðurlöndum og á Bretlandseyjum annars vegar og hins vegar í Norður-Ameríku. Á þessum svæðum er starfsemi íslenskra ferðapjónustufyrirtækja mest. Þekking okkar á þessum mörkuðum veitir okkur aðgang að og innsýn í sérkenni þeirra og sérþarfir. Á norður-ameríska markaðssvæðinu er markaður fyrir menningartengda ferðapjónustu sem er að talsverðu leyti frábrugðin Evrópumarkaði. Þar verður einnig að gæta sérþarfa þess ferðamarkaðar, sem vaxandi tengsl við Vestur-Íslendinga í Kanada og innan Bandaríkjanna eru þegar farin að móta. Innan Evrópumarkaðarins er hins vegar veruleg fjölbreytni eitt af meginéinkennum markaðarins.

Almennt séð er ekki hægt að þróa íslenska menningarferðapjónustu án mikillar og staðgóðrar þekkingar á þeim mörkuðum, sem við ætlum okkur að nýta. Að hluta til veita þessir markaðir okkur nauðsynlegar vísbendingar um hvað það er í íslenskrri menningu, sem felur í sér viðskiptamöguleika fyrir ferðapjónustuna. Er því nauðsyn-

legt að leggja grundvöll að upplýsingastarfi um þessi markaðssvæði. Að hluta til er nú þegar til þekking á markaðssvæðum, sem safna ber saman og setja fram í aðgengilegri mynd. Er hér ekki síst vitnað til þeirrar þekkingar, sem safnast hefur upp hjá starfsfólki Ferðamálaráðs Íslands í New York og Frankfurt og nú síðast í París, en á hinn bóginn innan ferðapjónustufyrirtækjanna og þá einkum innan Flugleiða, sem rekur umfangsmikla markaðsstarfsemi. Einnig er brýnt að nýta þá þekkingu og reynslu, sem fengist hefur í tengslum við landafundaatburðina á síðastliðnu ári og verkefnið Iceland Naturally, sem stendur næstu 4 ár. Að öðru leyti er um rannsóknastarf að ræða, sem ráðast þarf í eftir faglegum leiðum.

Reglubundnar kannanir á viðhorfi erlendra ferðamanna til lands og þjóðar hafa aðeins verið stundaðar hérlendis í fimm ár. Þótt hér sé um stuttan tíma að ræða, varpa þær ljósi á hvað það er sem dregur erlenda ferðamenn til landsins og hlut menningarinnar í því aðdráttarafl. Þær greina einnig mismunandi áhuga á menningu þjóðarinnar eftir markaðssvæðum, og eftir aldri og efnahag ferðamannanna. Það háir hins vegar því verkefni, sem hér er ráðist í, að ekki hafa farið fram sérstakar kannanir á áhuga útlendinga á íslenskrri menningu, þar sem viðhorf ferðamanna eru brotin niður og skilgreind nánar en í hinum almennu viðhorfskönnunum.

Þær kannanir, sem gerðar hafa verið sl. fimm ár, hafa þann kost, að þær eru sambærilegar frá ári til árs og mæla




Því breytingar allvel. Sambærileg könnun á innlendum markaði fyrir ferðafjónustu var fyrst gerð á síðastliðnu ári og verður hún væntanlega endurtekin árlega. Takmarkaðar upplýsingar um viðhorf innlendra ferðamanna til menningarstarfsemi svo og skortur á sérstökum könnunum um viðhorf útlendinga til íslenskrar menningar, veikir talsvert þann þekkingargrunn sem stuðst er við í skýrslunni.

### 1.4 ALMENN VÍÐHORF TIL MENNINGAR

Þótt viðhorfskannanir Ferðamálaráðs hafi ekki staðið lengi og mæli ekki nákvæmlega markaðinn fyrir menningartengda ferðafjónustu, veita þessar kannanir engu að síður athyglisverðar upplýsingar um almennan áhuga útlendinga á menningu þjóðarinnar, sem nauðsynlegt er að hafa sem vegamenti.

Þegar erlendir ferðamenn eru spurðir um það hvaða þættir hafi haft áhrif á þá ákvörðum þeirra að leggja leið sína til Íslands, svara 25,6% vetrargesta en 30,2% sumargesta að það sé „íslensk menning og saga“. Þau markaðssvæði, þar sem áhugi á íslenskrri menningu og sögu er hvað mestur eru Norður-Ameríka, Norðurlönd og Mið-Evrópa. Í einstökum löndum er áhuginn mestur hjá Bretum, Írum og Austurríkismönnum, en Svíar og Norðmenn fylgja fast á eftir.

Þegar spurt er hvaðan hugmyndin að Íslandsferðinni hafi komið, svara 65% sumargesta en 38% vetrargesta því til, að hún hafi sprottit af áhuga á landi og þjóð. Rétt er að geta þess að megináhersla í markaðskynningu Íslands erlendis hefur verið á landinu og náttúru þess, en hlutur þjóðarinnar hefur farið vaxandi. Sömu spurningu svara hins vegar 7% vetrargesta og 7,9% sumargesta á þann veg að hugmyndina megi rekja til íslenskra bókmennta og kvikmynda. Hvorki bókmenntir né kvikmyndir hafa verið hluti af beinni markaðssetningu landsins erlendis. Þessi áhugi er mestur á Norðurlöndum, í Mið-Evrópu og í Norður-Ameríku.




1. Hvaðan kom hugmyndin að Íslandsferð?

Þegar spurt er um einstaka viðburði eða viðburðaröð árið 2000, er ljóst að úrtakið er orðið það lítið að það er

Ýmsar aðrar heimildir um ferðamarkaði eru til þótt þær séu misvel miðaðar við þarfir íslenskrar ferðafjónustu. Fyrir utan erlendar kannanir er eins og áður segir uppsöfnuð mikil þekking innan ferðafjónustufyrirtækja á erlendum mörkuðum. Finna þarf leiðir til að virkja þá þekkingu.

naumast marktæk vísibending. Reykjavík menningarborg höfðaði til allra markaðssvæða, þó greinilega meira til S- Evrópu og N-Ameríku en til Norðurlanda og V-/Mið-Evrópu, sem þó sýndu menningarborginni mikinn áhuga. Kristnitökuhátið höfðaði einkum til Norðurlanda og N-Ameríku, en landsmót hestamanna til Norðurlanda og Mið-Evrópu. Þótt þessar niðurstöður séu á mörkunum að vera traustar heimildir, er hins vegar ljóst að áhugavert hefði verið fyrir það verkefni sem hér er til umfjöllunar, að kanna þetta betur.




2. Hvaða afþreying var nýtt?

Þegar spurt er um afþreyingu, kemur í ljós að 26% vetrargesta og 39,7% sumargesta sækja söfn. Sambærilegar tölur fyrir tónleika eru 6,5% og 5%.

Þessar upplýsingar gefa vísibendingu um tiltölulega sterka stöðu og aðdráttarafl íslenskrar menningar, sem hefur ekki verið meginatriði í kynningu landsins erlendis. Þær ber að skoða í ljósi þess að þegar ferðamenn eru spurðir hvaða þáttur hafi verið jákvæðastur við Íslandsferðina, svara aðeins fáir að það hafi verið menningin (v.g. 8,7%; s.g. 5,1%). Ljóst er að menningin eða kynningin á henni standa ekki undir væntingum. Álit gestanna á menningu og síðum Íslendinga er á hinn bóginn gott, eða um 8 á kvarðanum 1 - 10. Það bendir til þess að veikleikarnir séu í kynningunni hérlandis og þjónustunni við ferðamenn fremur en að þeirra sé að leita í menningunni sjálfri.

Könnun Ferðamálaráðs á innlendum ferðamarkaði hefur takmarkað gildi fyrir þessa skýrslu, vegna þess hve stutt skeið hún spannar. Þar veur þó athygli að rúmlega 80% Íslendinga ferðuðust um eigið land árið 2000, sem reyndar var viðburðaríkt ár í menningarlífi, ekki síst vegna Reykjavíkur menningarborgar 2000 og Kristnihátíðar.



3. Hverjir af eftirtöldum þáttum voru jákvæðastir við ferðina?

Einnig er það athyglisvert að Íslendingar nýta sér ekki mikið afþreyingarkosti ferðapjónustunnar. Á menningar-sviðinu fara 5,8% á minjasöfn, 3,3% í leikhús eða á tónleika, en 1,3% sækja listsýningar.

## 1.5 BOÐLEIÐIR

**M**edal þeirra grundvallarsjónarmiða í markaðs- og kynningarstarfi, sem taka verður tillit til, eru boðleiðir. Til markaðssvæða þurfa að liggja einfaldar og skilvirkar boðleiðir. Það gildir að sjálfsgöðu og ekki síst um menningartengda ferðapjónustu. Slíkar boðleiðir hafa veruleg áhrif á það hve vel fjármunir nýtast og hve auðvelt eða erfitt reynist að skapa þjónustunni vörumerki eða ímynd. Þróun menningartengdrar ferðapjónustu er því ekki aðeins háð því, að íslensk menning höfði til erlendra ferðamanna. Hún er ekki síst háð því að hægt sé að koma tiltölulega einföldum skilaboðum til skilgreindra markaðssvæða.

Það er vandasamt verk að koma á slíkum boðleiðum. Í fyrsta lagi krefst það mikillar sérþekkingar og sérhæfingar á sviði markaðsmála og auglýsingatækni. Í öðru lagi skiptir miklu máli að unnt reynist að sýna fram á sérstöðu þess sem selja á og að þjónustan standi undir nafni.

Einfaldar boðleiðir eru taldar skipta máli. Bandarískir sérfræðingar, sem voru til ráðgjafar í verkefninu „Iceland

Í þeirri umfjöllun, sem hér fer á eftir, eru þær takmörkuðu upplýsingar, sem til eru um nákvæm viðhorf erlendra og innlendra ferðamanna til íslenskrar menningar, notaðar eftir því sem efni standa til.

Naturally“, töldu það veikleika í markaðssetningu Íslands vestanhafs, hve skilaboðin voru óljós og flókin („confusing messages“). Þótt það hafi augljósa kosti ef hægt er að hanna sterka og einfalda ímynd, ber að gjalda varhug við því að einfalda um of það sem í eðli sínu er margslungið.

Í þessari skýrslu er leitast við að draga fram þætti í íslenskrari menningu, sem virðast sterkari en strauamar tískunnar og tíðarandans, og birtast í sögu þjóðarinnar við mismunandi aðstæður. Tilgangurinn með þessu vinnulagi er sá að leita að samnefnurum og möguleikum á að skapa menningartengdri ferðapjónustu sterka ímynd eða tákni. Viðleitni af þessu tagi á sér hins vegar verulegar takmarkanir þegar fengist er við menningarmál, ekki síst þegar kemur að íslenskrari nútímamenningu. Hættan er sú, þegar verkefnið er skilgreint á forsendum viðskipta eins og í þessari skýrslu er reynt að gera, að of langt sé gengið í þá átt að einfalda og klæðskerasauma það sem í eðli sínu er margslungið og nærist á því að vera flókið. Er þessi vandi einkum ræddur í kaflinum „Ímynd og markaðssetning Íslands sem nútímamenningsarsamfélags“.

## 1.6 MENNINGARARFUR OG MENNING SAMTÍMANS

**Þ**egar skilgreina á sérstöðu íslenskrar menningar, er gagnlegt að greina á milli menningararfsins annars vegar og helstu menningarlegra einkenna samtímans hins vegar. Sérstaða íslensks menningararfs nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar. Það sama gildir ekki um íslenska nútímamenningu. Þótt leiða megi að því rök, eins og gert verður hér á eftir, að Íslendingar njóti menningarlegrar sérstöðu í dag, er sú sérstaða flókin og vissum erfiðleikum háð að festa á henni hendur. Það verkefni að gera „markaðsvöru“ úr íslenskrari nútímamenningu lýtur því væntanlega öðrum lögmálum og verður unnið á öðrum forsendum en kynning á menningararfi þjóðarinnar. Tvímælalaust er það hins vegar verkefninu í heild gagnlegt að draga sem mest fram sameiginlega þætti í nútímamenningu Íslendinga og í menningarsögu þjóðarinnar.

### 1.6.1 VINNUFERLI

Í skýrslunni verður sú leið valin að líta fyrst til þess, sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar, þ.e.a.s. menningararfsins, og snúa sér síðan að því hvernig nálgast megi svo sérgreinda skilgreiningu á nútímamenningu Íslendinga að úr því geti orðið markaðsvara.

Í skýrslunni hefur sú leið verið farin að marka kafla í menningarsögu þjóðarinnar. Þessi mörk eru annars vegar miðuð við aldamótin 1400 en hins vegar við aldamótin 1900. Ástæðan fyrir því er eftirfarandi: Þjóðveldistímanum svo nefnda lýkur 1262 þegar Íslendingar glata stjórnmalalegu sjálfstæði sínu. Þau tímamót marka ekki nein skýr þáttaskil í menningarstarfsemi þjóðarinnar. Kirkjan er öflug sem menningarstofnun og blómatími íslenskrar ritlistar stendur sem hæst á þessum tímum, ekki síst í upphafi 14. aldar.

Hrönnunarskeið, sem í hönd fer á 15. öld, á sér heldur ekki skýrt upphaf. Það markast af versnandi veðurfari, flutningi valds og viðskipta til útlanda og niðurlægingu kirkjunnar sem menntastofnunar. Plágan mikla, svartíðauði, sem herjar í upphafi 15. aldar, hefur víðtæk og hörmuleg áhrif ekki aðeins á íslenskt samfélag heldur og á Norðurlönd. Obbi handrita frá svartíðauða til siðaskipta eru endurrit eldri verka. Tungumál á þeim svæðum, sem byggðust frá Norgegi, skiljast að á 14. öldinni. Áhugi konungsvalds á sagnritun Íslendinga dofna í lok 14. aldar. Með framangreint í huga er notast við aldamótin 1400 sem upphaf þjóðfélagslegrar hrönnunar sem nær botni um 1800, þegar Alþingi er

lagt niður, Hólastóll aflagður og Auðunarstofa rauða rifin og timbrið selt bændum til að styrkja með torfhús sín.

Endurreisnarstarfið á sér heldur ekki skýrt upphaf. Í raun hefst það laust eftir siðaskipti innan kirkjunnar með biblíuþýðingum, styrkist með prentlist og útgáfustarfsemi og endurspeglast sterklega í menningarstarfi Árna Magnússonar.

Þrátt fyrir þá annmarka sem báðum ártölum fylgja sem kaflaskiptum í íslenskri menningarsögu, eru þau notuð í þessari skýrslu til hægðarauka.

## 2. Upplýsingasamfélag miðalda 870-1400

### 2.1 SÉRSTAÐA MENNINGARARFSINS

**M**enningararfleifð Íslendinga er að stærstum hluta bókmenntir. Þótt enn sé deilt um sagnfræðilegt gildi íslenskra miðaldabókmennta, er sérstaða þeirra hafin yfir allan vafa. Upplýsingagildi þessara heimilda um íslenskt miðaldasamfélag er einstakt auk þess sem þær varpa óvenju skýru ljósi á evrópskar miðaldir. Menningararfleifð Íslendinga er því óþrjótandi uppspretta rannsókna og vísinda. Þessi alþjóðlega viðurkenning er mikils virði þegar meta á möguleika á tengslum menningararfs Íslendinga við þróun ferðafjónustu. Hér er um að ræða, ef nota má orðaforða viðskiptanna, viðurkennda gæðavöru, sem á sér virðulegan stað í alfræðiritum, er umfjöllunarefni í háskólum, á sér stóran hóp aðdáenda og tengist þjóðmenningu mjög fjölmennra samfélaga. Nægir í þessu sambandi að benda á þann mikla og djúpstæða áhuga sem Þjóðverjar hafa á Íslandi og íslenskum menningararfi.

Eitt af sérkennum íslensks menningararfs er, að hann er mjög óhlutbundinn í samanburði við menningararf nágrannaþjóða. Á meðan aðrar Evrópuþjóðir sýna ferðamönnum byggingar frá miðöldum eða frá sigildum tímum Grikkja og Rómverja, eiga Íslendingar engar byggingar frá þjóðveldistíma sínum. Byggingar, listaverk og fornminur eru ein mikilvægasta undirstaða menningartengdrar ferðafjónustu á meginlandi Evrópu. Svo er ekki héraendis nema í mjög takmörkuðum mæli, ef frá eru skilin handritin sjálf. Sem gripir, hafa handritin hins vegar sjálfstætt gildi og aðdráttarafli og verður vikið að því síðar.

Það hefur sérstaka þýðingu fyrir menningartengda

ferðafjónustu að menningararfurinn er fólgin í skráðum upplýsingum en ekki í munum eða mannvirkjum. Atvinnugreinin er ekki aðeins háð því að þessar upplýsingar séu sérstæðar og mikils virði, heldur skiptir sköpum að hægt verði að gera þær sýnilegar og aðgengilegar. Hér á eftir verður fyrst fjallað um sérstöðu menningararfsins, verðmæti upplýsinganna og hugsanlega skírskotun til nútímans, en síðan rætt um það verkefni að leita nýrra leiða til að kynna þessi verðmæti ferðamönnum.

Íslenskar heimildir fjalla um eitt af merkilegustu þróunarskeiðum menningarsögunnar. Þær varpa ljósi á grundvallararbreytingu í þróun mannlegs samfélags. Þegar flókið og þróað samfélag, sem hafði varðveitt munnlega allar helstu „menningarstofnanir“ sínar<sup>1</sup>, tók að rita heimildir, verða á því djúpstæðar breytingar. Í íslenskum handritum eru því tiltölulega ferskar heimildir, ekki aðeins um munnlega geymd heldur einnig um þessar þjóðfélagslegu breytingar almennt, sem hafa víðfeðmt menningarsögulegt gildi. Munnleg geymd er einn af torráðnari þáttum menningarsögunnar. Fyrir daga bókagerðar mótuðust frumdrættir margra þeirra félagslegu og menningarlegu greina, sem setja svip á nútímann, svo sem myndlist, tónlist, skáldskapur og sagnalist, lög og félagsleg, siðferðileg og trúarleg viðhorf. En um þá þróun eru oft takmarkaðar heimildir. Að því er varðar suma framangreinda þætti er íslenskur menningararfur sérstakur heimildabrunnur. Má geta þess t.d. að Rígsþula hefur verið talin varpa ljósi á félagslega uppbyggingu og stéttaskiptingu í indögermönskum samfélögum.

Segja má að Íslendingar hafi gengið í gegnum upplýsinga-

<sup>1</sup> Með hugtakinu stofnun er hér t.d. átt við það ígildi stofnana sem munnlega varðveitt lagasafn verður að teljast og dómstólar, sem dæma á grundvelli slíkra laga.

byltingu, þegar ritmál barst hingað með kristni. Þegar tekið er tillit til þeirrar sköpunargleði, sem virðist hafa losnað úr læðingi þegar ritöld hófst, má líta á þjóðveldið sem upplýsingasamfélag. Möguleikar eru á því að skapa sérstök tengsl milli þessa forna upplýsingasamfélags og þeirrar upplýsingabyltingar, sem Íslendingar samtímans sem og önnur samfélög ganga nú í gegnum. Svo virðist sem það

sé sameiginlegt Íslendingum nútímans og þjóðveldisins að taka af mikilli ákefð þátt í byltingarkenndum breytingum á miðlun upplýsinga. Hugsanlegt er að takast megi að byggja upp sameiginlega ímynd nútíma og fortíðarmenn- ingar þjóðarinnar, sem verði sérstaklega tengd söfnun og miðlun upplýsinga.

## 2.2 FJÖLÞJÓÐLEG OG ÞJÓÐLEG VIÐHORF

Þegar kristni barst til Íslands og með henni alþjóðlegt tungumál, latína, varð hér á landi mikil gróska í menningarstarfsemi, sem stóð öldum saman. Íslendingar urðu þannig þátttak- endur í þeirri uppbyggingu menntastofnana og menningarstarfsemi, sem fór fram, að mestu undir merkjum kirkjunnar, á 11., 12. og 13. öld. Grundvöllur háskólastarf- semi á miðöldum verður til í Evrópu á 11. öld og elstu háskólar voru stofnaðir á 12. öld. Annars vegar var þar um að ræða uppgang mennta- og skólastarfsemi kirkjunnar með áherslu á guðfræði og latínu. Hins vegar bárust arabískir menningarstraumar frá skólum á Suður-Spáni til Miðjarðar- hafssvæða Frakklands, þar sem áhersla var ekki síst á stjörnu- fræði, læknisfræði og lögfræði. Það vekur athygli að Íslend- ingar bregðast fljótt við þessum straumum og fyrstu skólarn- ir eru teknir til starfa um aldamótin 1100 og á öndverðri 12. öld. Vísendingar eru um að hér hafi frá upphafi verið lögð áhersla á flestar helstu fræðigreinar evrópskra vísindastofn- ana þessa tíma. Auk þess þróuðu Íslendingar hratt nokkur sérsvið bókmennta og vísinda.

Þótt ljóst sé, að Íslendingar hafi lagt stund á latínu og þar með komist inn í heim evrópskra fræðimanna þessa tíma, kusu Íslendingar að skrá sínar bókmenntir og vísindarit að mestu á þjóðtungunni, en aðrar Evrópuþjóðir rituðu að mestu leyti á latínu. Í þessu er fólgin meginsérstaða íslenskrar miðaldamenningar og þess, sem Íslendingar hafa lagt til evrópskrar menningarsögu. Auk þeirrar fágætu frásagnarlistar sem miðaldertextarnir bera vitni og einstaks upplýsingagildis þeirra, telst það mjög óvenjulegt í evrópsku samhengi að þessir textar eru aðgengilegir fyrir Íslendinga nútímans. Sá eiginleiki íslenskrar menningar að kynslóðir geti þannig „hvíslast á“ eins og það hefur verið orðað, mark- ar henni stöðu sem hugsanlega er hægt að byggja á viðskipta- lega ímynd og vörumerki. Þessi sérstaða tengir saman menningararfinn og menningu samtímans. Nú er það talið einkenni á samtímanum að afmá hindranir í samskiptum þjóða og brúa bil milli andstæðra heima. Íslendingar hefðu í þessu samhengi þá stöðu að brúa bil milli fortíðar og

fram tíðar.

Ástæða er til að leggja sérstaka áherslu á það, þegar men- ningararfurinn er metinn, að íslensk tunga er burðarásinn í menningarlegri sérstöðu þjóðarinnar. Rétt er að huga að því hvort hér er um að ræða veikleika eða styrkleika. Í heimi þar sem lögmál markaðarins eru hafin yfir landamæri, þar sem sérkenni og sérviska teljast til hindrana, hentistefna ræður ríkjum og heimstungumál ryðja þjóðtungum til hliðar, verður að reyna að meta stöðu menningarsamfélags, sem byggir sérstöðu sína að miklu leyti á þjóðtungunni. Á það alveg sérstaklega við þegar um eitt minnsta málsvæði heimsins er að ræða. Það er hins vegar staðreynd að men- ningarsögulegt framlag Íslendinga, skráð á óaðgengilegu máli á einu minnsta málsvæði heimsins, vekur athygli og nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar. Því ber að tengja gildi men- ningararfsins við núverandi málmenningsstefnu Íslendinga. Á tímum heimsvæðingar, samræmingar og stöðlunar vaknar áhugi á því sem sker sig úr flatneskjunni og klisjunum. Þótt sá áhugi nái hugsanlega ekki til fjöldans, myndar hann engu að síður markhóp, sem íslensk ferðaþjónusta getur nýtt. Á sama hátt og ferðamenn dragast að sérkennilegri og óvenjulegri náttúru landsins, geta þeir laðast að sérkennilegri og óvenjulegri menningu þjóðarinnar. Hér er m.ö.o. sett fram sú skoðun að sú sérstaða, sem Íslendingar hafa skapað sér í krafti tungumálsins og sú málrækt sem hér þrífst í skjóli þessarar sérstöðu, skapi þjóðinni mikla viðskiptamöguleika í menningartengdri ferðaþjónustu vegna heimsvæðingar en ekki þrátt fyrir hana.

### 2.2.1 HANDRITIN SEM UPPLÝSINGABRUNNUR

Eins og áður er getið varðveita íslensk handrit mikið safn upplýsinga. Í þeim er að finna, auk verka sem njóta algerrar sérstöðu í heimi bókmenntanna, viðamikil gögn um þróað samfélag sem ná langt út fyrir mörk þess, sem flokkast undir bókmenntir. Þar eru miklar og athyglisverðar upplýsingar um heiðni, lífsviðhorf heiðinna manna, trúarlíf, heimsmynd og heimspeki, löggjöf, listir, landkönnun, tækniþekkingu,

atvinnulíf, samgöngur og fleira. Þótt ekki standi til að gera því nein viðhlítandi skil, enda er það sjálfstætt úrlausnarefni, er gagnlegt að minnast á nokkur almenn einkenni þessa gagnasafns, sem haft geta viðskiptalega þýðingu fyrir ferðapjónustuna.

Gagnasafnið getur veitt innsýn í flókið og þróað samfélag sem varðveitti heimildir um það tímabil mannkynssögunnar, sem hefð hafði skapast um að kalla hinar „myrku miðaldir“. Að þessu leyti eru íslensk handrit með bestu heimildum sem til eru um flókin miðaldasamfélög. Vakin er athygli á því að það tímabil íslenskrar menningar, sem mestum ljóma stafar af, fellur að nokkru leyti saman við það tímabil evrópskrar menningarsögu, sem stundum er talið til menningarlegs hnignunarskeiðs. Það ljós, sem íslenskir miðaldartextar varpa á hinar „myrku“ miðaldir, hefur því meira menningarsögulegt gildi en ella.

Sérstaklega ber að skoða hlut bundins máls í varðveislu heimilda um þann tíma sem ritaðar samtímaheimildir ná ekki til. Miðaldarit varpa ljósi á þá sérstöðu og miklu virðingu, sem íslensk skáld nutu á þjóðveldisöld. Þessi sérstaki sess skáldanna í hugum norrænna miðaldamanna er hugsanlega til marks um þjóðfélagsstöðu listamanna í samfélagi, sem varðveitir mikilvægustu þjóðlegu verðmæti sín munnlega. Ljóðaformið er að þessu leyti sambærilegt við kröftugan „hugbúnað“ sem hannaður er til að varðveita mikilvæga upplýsingagrunna samfélagsins. Tilvitnanir Snorra Sturlusonar í sögulgjóð tala nokkuð skýru máli um þennan þátt í menningarsögunni. Er á stundum eins og grilli í eins konar samfélag ljóðsins sem heyrir sögunni til í upphafi ritaldar en ómar þó enn sterkt í hugum manna. Um vægi bundins máls í menningarsögu Íslands og sérkennilega sterkan sess þess í hugum nútíma Íslendinga verður fjallað síðar í skýrslunni.

Gagnasafn íslenskra miðalda spannar mjög vítt svið, ekki síst landfræðilega. Öfugt við flestar ef ekki allar Evrópuþjóðir á tímabilinu 900–1300, þegar landbúnaður og lénskipulag batt þegnana við land og jörð, endurspeglar íslenskar miðaldaheimildir menningu og hugarfar hreyfanlegs og næsta fjölþjóðlegs samfélags með tengsl við allar höfuðstöðvar og flesta afkima hins þekktu heims Evrópubúa þessa tíma, auk þess sem Íslendingar höfðu þekkingu á landsvæðum vestan hafs. Að vera viðföru er ein þeirra mannlegu dyggða, sem Hávamál hefja til vegs og virðingar. Hugtakið heimiska er upphaflega haft um sjóndeildarhring þess sem aðeins þekkir heimahagana. Með hugtakinu „heimóttarlegur“ lýsir íslensk tunga klaufum og mannleysum með þröngan sjóndeildarhring. Útþrá og nokkuð rótleysi eru frá fornu fari flokkuð undir dyggð.

Íslensk miðaldamenning ber svip heimshornafلاكkara. Landfræðilega nær sögu svið íslenskra miðaldartexta frá Norður-

Ameríku í vestri til Asíu í austri og Norður-Afríku í suðri. Gagnasafnið tengist þannig menningarsögu fjölda þjóða og víðáttumikilla landsvæða. Heimsmynd Íslendinga á miðöldum var að þessu leyti einstök. Við þróun menningartengdrar ferðapjónustu má nýta þessa sérstöðu. Hún á sér að vissu leyti samsvörun í nútímanum, þar sem Íslendingar hafa haslað sér völl í viðskiptum og í stjórnmálum á mótum menningarheima Evrópu og Ameríku.

## 2.2.2 UPPLÝSINGAR UM EVRÓPSKAN MENNINGARARF

Íslenskir miðaldartextar búa yfir miklum upplýsingum um sameiginlegan menningararf Norðurlanda og annarra germanskra þjóða. Menningararfurinn tengist einnig traustum böndum við Bretlandseyjar. Þennan skyldleika er nauðsynlegt að nýta sérstaklega sem uppsprettu sameiginlegra verkefna á sviði menningartengsla og rannsókna, sem geta orðið virkur þáttur í ferðapjónustu. Íslensk handrit frá miðöldum marka þjóðinni sérstakan sess í miðaldafræði og hafa mikið upplýsingagildi almennt fyrir skilning á norrænum og evrópskum miðaldasamfélögum.

Íslenskur menningararfur hefur á stundum í hugum manna verið tengdur germanskri menningarsögu með eindregnari hætti en efni standa til. Glemmist þá stundum, að margt bendir til þess að við landnám og á þjóðveldisöld hafi runnið hér saman ólíkir menningarstraumar og hefur sú blanda átt sinn þátt í að skapa gróskuna sem hér varð. Íslenskur menningararfur er því að þessu leyti gott dæmi um frjósemi samrunans. Ber að skoða þetta sérstaklega í ljósi þess að í íslensku nútímasamfélagi gæti sterkra erlendra strauma. Hér hefur þróast samfélag á mótum hefðbundinna evrópskra sjónarmiða og amerískra viðhorfa. Þegar Íslendingum af erlendum uppruna fjölga, flytjast hingað ný viðhorf og verðmæti. Frjósemi samrunans er væntanlega eitt af mörgu, sem Íslendingar nútímans eiga sameiginlegt með forfeðrum sínum á þjóðveldisöld.

Kynning á menningararfi Íslendinga erlendis hefur byggst að mestu leyti á erlendum þýðingum á bókmennta- og sagnfræðiritum íslenskra miðalda. Verulegur áfangi í þessu kynningarstarfi, og mikill ávinningur fyrir menningartengda ferðapjónustu, var heildarútgáfa á enskri þýðingu Íslendingasagna og sagnaþátta, sem bókaútgáfan Leifur Eiríksson stóð að 1997. Þessi útgáfa var styrkt með myndarlegum hætti af Alþingi og ríkisstjórn Íslands. Einnig var verkefnið styrkt af Evrópusambandinu, UNESCO, Norræna menningarsjóðnum og Norrænu ráðherranefndinni. Bókaútgáfan gerði síðan viðamikinn útgáfu- og samstarfssamning við Penguin útgáfufyrirtækið um útgáfu á 10 stökum bókum, sem byggðar eru á þessum þýðingum. Fyrsta bókin sem Penguin gaf þannig út, var valin af „Book of the Month Club“, og er væntanlega þar með þriðja íslenska ritverkið

sem þar kemst inn. Með samningnum við Penguin margfaldast útbreiðsla sagnanna, frá því sem verið hefur. Í kjölfar þessa hefur Washington Post og aðrir stórir fjölmiðlar í Bandaríkjunum fjallað á afar jákvæðan hátt um framangreinda útgáfustarfsemi. Þá ber að geta þess, að hafin er útgáfa á Heimskringlu Snorra Sturlusonar á frönsku, sem markar mikilvægan áfanga í kynningu íslensks menningararfs á frönsku málsvæði. Með nýrri tækni í upplýsingamiðlun og fjarskiptum opnast möguleikar á kynningu á bókmennta- og sagnfræðiritum íslenskra miðalda svo og nýir kostir á

myndrænni framsetningu upplýsinga.

Viðbrögð við heildarútgáfu Íslendingasagna eru mjög jákvæð. Þar er lögð áhersla á sérstöðu þessa mikla bókmenntaarfs, frumleika og umfang og nútímalegt yfirbragð sagnanna<sup>2</sup>. Kynningarmáttur þessarar útgáfu er því mikill og er ekki nokkur vafi á því að hún mun ýta undir menningarferðir til landsins og vekja væntingar um sérhæfða kynningu á menningarfinnum hér á landi.

## 2.3 MENNINGARARFURINN Í AUGUM OKKAR SJÁLFRA

Fyrir menningartengda ferðapjónustu er það augljóslega styrkur, að menningararfurinn er þekktur og nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar. Hins vegar er ekki jafn einsýnt að þessi alþjóðlega viðurkenning skili sér fyrirhafnarlítið inn í íslenskt viðskiptalíf. Sú sýn og skilningur sem Íslendingar hafa á eigin fortíð er hluti af sjálfsmynd okkar og endurspeglast hún að sjálfsgöðu í því hvernig menningararfurinn er kynntur.

Margt bendir til að skilningur Íslendinga á eigin menningararafi sé nokkru takmarkaðri en efni standa til. Kynning út á við er þar af leiðandi ekki að fullu í samræmi við það miðaldasamfélag, sem heimildirnar varpa ljósi á.

Að hluta til er hér um að ræða það viðhorf, að íslenskt miðaldasamfélag hafi verið víkingasamfélag. Þótt í íslenskum heimildum sé ógrýnni frásagna um víkingaferðir, var hér á landi ekki stofnað neins konar víkingasamfélag né voru víkingaferðir farnar héðan. Sá hernaður, sem norrænir menn stunduðu á meginlandi Evrópu og bresku eyjunum, gefur mjög takmarkaða mynd af norrænum miðaldasamfélögum og beinlínis ranga mynd af íslenskrum miðaldamenningu. Minningin um þennan hernað og þær ógnir sem honum fylgdu hefur hins vegar varðveist í aldanna rás meðal þeirra þjóða sem urðu fyrir honum og hefur varpað, í augum þeirra, skugga á miðaldamenningu norrænna manna. Hugtakið „víkingur“ hefur því aðra og neikvæðari merkingu á mörgum af mikilvægustu markaðssvæðum ferðapjónustunnar í Vestur-Evrópu, en á Norðurlöndum og í Norður-Ameríku.

Við kynningu á íslenskum menningararafi, er ekki laust við að á stundum hafi dofnað tilfinning fyrir því sem ein-

kenndi þjóðveldistímamann og vekur tvímælaust meiri áhuga Evrópubúa á íslenskrum miðaldamenningu en þjóðsagan um víkingasamfélagið á Íslandi. Verður hér tæpt á nokkrum atriðum, sem settu svip sinn á íslenskt samfélag á þessum tíma, sem of lítil áhersla er lögð á að halda til haga.

Á öndverðu tímabili þjóðveldisins mótaði íslenskt samfélag með lagasetningu eins konar hæstarétt, löngu áður en sú hugsun varð til í réttarfarsheimspeki meginlandsins. Fyrsta málfræðiritgerðin, sem svo er kölluð og talin er samin um miðbik 12. aldar, er einstök heimild um hljóðfræðipækingu og vísindaleg vinnubrögð. Frásagnartækni Íslendingasagna er einstæð í bókmenntasögu heimsins og ber vitni því samfélagi sem hana fóstaraði. Viðhorf Íslendinga til sagnfræði á miðöldum njóta alþjóðlegrar viðurkenningar og sagnfræðirit þeirra eru einstæð. Þegar á miðöldum virðast íslenskir menn hafa áttað sig á því að jörðin væri ekki flöt og gátu sannað að yfirborð hennar væri „böllótt“<sup>3</sup>. Heimildir varpa ljósi á að tímataalsfræði og stjórnufræði voru á háu stigi. Hér er aðeins tæpt á fáum atriðum, sem eiga það sameiginlegt að benda til þroskaðs menningarsamfélags sem þjóðin á að sjá sóma sinn í að þekkja sem allra best og kynna á viðeigandi hátt. Margir ágætir fræðimenn hafa lagt sig fram um að varpa ljósi á þessa þætti íslensks miðaldasamfélags, en þeir hafa ekki notið stuðnings þeirra aðila í samfélaginu, sem mestan slagkraft hafa í kynningu og ferðapjónustan hefur, með nokkrum ágætum undantekningum, haft tilhneigingu til að vanrækja framlag þessara fræðimanna.

Samruni kristins samfélags, sem lagði áherslu á menntun og siðvæðingu, og heiðins menningarsamfélags, sem hafði fóstarað með sér lýðræðishugsjónir og talsvert umburðarlyndi, er sérstakt menningarsögulegt fyrirbæri, sem að einhverju

<sup>2</sup> Umsagnir, sem vitnað er til á kápu Penguin útgáfunnar *The Sagas of Icelanders*:

„The first grand, enormous body of prose in a European national language...the glory of the sagas is indisputable.“ - Milan Kundera.

„A superb new selection...their clarity, narrative velocity, psychological realism and stark sense of moral responsibility, as well as their violence, make them extraordinary modern.“ - Independent;

„An accurate, consistent, attractively readable English version of the most modern medieval European literatures...“ - Literary Review.

<sup>3</sup> Sjá *Alfræði íslensk*, Rím II bls. 105: „[H]aflit og votninn liggja at iordu sem lindar ok hallda svo bollottu yfer bragdi med iordu sem profa ma“, svo og bls. 86: „...kuldí sunan vedurs linaz ok tempraz vid solar hita yfer midium iardar belli, adur hann komi I þessar bygilegar halfur iardar.“ Sönnunina skýrir Þorsteinn Vilhjálmsson í grein um raunvísindi á miðöldum í VII bindi Íslenskrar þjóðmenningar.

leyti lýsir sér í því að samkvæmt íslenskum lögum þjóðveldisins var ekki til dauðarefsing. Á grundvelli þessa samruna varð ekki aðeins til kröftugt menningarsamfélag, heldur og ótrúlega fjölbreytt.

Ýmsar hliðar menningararfs Íslendinga, sem hér hefur verið tæpt á, eru að hluta til ekki mjög sýnilegar eða aðgengi- legar. Ástæður þess eru margvíslegar. Vísindamenn setja fram fræði sín einkum á forsendum vísindanna, en huga af eðlilegum ástæðum ekki að því sérstaklega hvaða gildi niðurstöður þeirra geta haft fyrir ferðapjónustu, ekki síst ef þær eru kynntar sem hluti af heildarkynningu á menning- ararfi þjóðarinnar. Þess utan eru ýmsar hliðar menning- arfsins lítt eða ekki rannsakaðar. Á það ekki síst við um lagabálkana, sem búa yfir gríðarlega miklum upplýsingum, ekki aðeins um löggjafarstarf heldur og um daglegt líf og atvinnuhætti þjóðarinnar.

Á tímum sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar beindist athyglin meira að réttarsögu en nú gerist. Fáir núlifandi lögspeking- ar hafa að ráði fjallað um hin fornu lög. Helst er það prófess- or Sigurður Línal sem hefur í ræðu og riti fjallað um þessi mál og vekur framlag hans ætíð mikla athygli.

Sem dæmi um eina hlið þessa flókna menningarsamfélags, sem fremur líttill gaumur hefur verið gefinn þar til nú, er kirkjutónlist. Mikið og þarft verk var unnið á þessu sviði á vegum Collegium Musicum, sem er félag um tónlistarstarf í Skálholti. Félagið hefur gengist fyrir rannsóknum á íslensk- um tónlistararfi, sem varðveist hefur í handritum. Að rannsókninni hafa komið um 30 manns. Er að mestu lokið grunnvinnu við að kanna þau handritabrot, sem varðveitt eru hér á landi og í Kaupmannahöfn, en þar er um 15.000

handrit að ræða. Enn eru þó ókönnuð hundruð handrita í ýmsum erlendum söfnum.

Hér er um að ræða kirkjulegan söngarf þjóðarinnar, sem til þessa hefur verið að mestu óaðgengilegur. Auk rannsóknanna hefur Collegium Musicum í samstarfi við Helgu Ingólfssdóttur og Sumartónleika í Skálholtskirkju unnið mikið starf við að miðla þessu efni. Sérstök kynning á þessum þætti íslensks menningararfs fór fram á ráðstefnu í Skálholti í tengslum við Kristnihátíð sumarið 2000, en Kristnihátíðarnefnd kom að málinu frá upphafi. Kostnaður við verkefnið nemur 15-20 milljónum króna. Hafa margir aðilar styrkt verkefnið, og má þar nefna Alþingi, Kirkjuráð, Kristnihátíðanefnd svo og nokkur fyrirtæki.

Komið hefur upp sú hugmynd að byggja upp í Skálholti rannsóknaaðstöðu á vegum Stofnunar um helgisíðafræði, þar sem gögn Collegium Musicum væru vistuð og þar sem frekari úrvinnsla og kynning færi fram. Í þessari skýrslu hefur verið tekið tillit til þessara hugmynda og er vísað til niðurstaðna í umfjöllun um íslenskan menningararf og sérstakt hlutverk valinna sögustaða.

Það er mikilvægt að auka almennan skilning á menning- ararfi þjóðarinnar og kann að vera ein af forsendum þess að hægt sé að þróa menningartengda ferðapjónustu á traustum forsendum. Á hinn bóginn er ljóst að hér er um gagnkvæma hagsmuni að ræða og að ferðapjónustan getur orðið til að efla skilning Íslendinga á margbreytileika menningararfsins. Til að auðvelda það verkefni og bæta kynningu á menning- ararfinum og breikka grundvöll kynningarstarfsins þarf að leita nýrra leiða.

## 2.4 NÝJAR LEIÐIR Í KYNNINGARSTARFI

**A**llviðamikil undirbúnings- og þróunarstarf þarf að vinna, til að menningartengd ferðapjónusta geti kynnt menningararf þjóðarinnar með þeim hætti sem efni standa til. Hér er væntanlega um viðamikil úrlausn- arefni að ræða. Að einhverju leyti skortir grunnrannsóknir og undirstöðuþekkingu. Á það til dæmis við um þær heim- ildir um miðaldasamfélagið sem fornir lagatextar hafa að geyma. Að nokkru leyti er þekking á ýmsum merkilegum þáttum miðaldasamfélagsins til, en hefur hvorki náð til almennings né notið þeirrar athygli, sem vert er. Er hér nefnt sem dæmi að ágæt fræðirit um stjörnu- og tímatal- sfræði íslenskra miðalda hafa verið gefin út án þess að þær

upplýsingar sem þar er að finna hafi náð til almennings og móti vitund hans um eigin menningararf. Í því tilfelli reyn- ir því ekki aðeins á að virkja þekkingu á sviði ákveðinna fræðasviða eins og sagnfræði og tímatalfræði, heldur skipt- ir meginmáli að heildarmynd verði til úr þeirri þekkingu sem til er á mismunandi fræðasviðum. Þá er ekki síður mik- ilvægt frá sjónarmiði ferðapjónustunnar að virkja sérþekk- ingu á sviði myndrænnar framsetningar, hugbúnaðargerðar og auglýsingatækni til að gera upplýsingarnar aðgengilegar, áhugaverðar og samkeppnishæfar við aðrar upplýsingar og afþreyingu sem haldið er að almenningi.

Sú staðreynd, að menningararfurinn er einkum fólgin

í upplýsingum, kallar að einhverju leyti á nýjar og óhefðbundnar kynningaráðferðir. M.ö.o. má leiða að því rök að hin hefðbundna safnastarfsemi henti ekki nema að takmörkuðu leyti til að kynna íslenska miðaldamenningu. Þegar á það er hins vegar litið að með þjóðinni hefur nú þróast mikil sérþekking á fjölmörgum sviðum, svo sem í myndrænni framsetningu og auglýsingafræðum, verður tæplega talið að kunnáttuleysi hái.

Æskilegt er að leiða saman tvö þekkingarsvið til að leysa verkefni af þessu tagi. Er þar annars vegar um að ræða sérþekkingu á menningararfnum og því sem hér hefur verið kallað upplýsingasamfélag miðalda. Nær þetta þekkingarsvið m.a. yfir handritafræði, bókmenntir, sagnfræði, mannfræði, fornleifafræði, félagsfræði og heimspeki. Á hinn bóginn er um að ræða þekkingu sem upplýsingasamfélag nútímans býður upp á með hátækni, hugbúnaðargerð og fjarskiptum, grafískri hönnun, listrænni framsetningu og auglýsingatækni. Tölvugrafík myndar áhugaverðan snertiflöt milli þekkingarsviða menningararfsins, textanna og fornleifafræðinnar annars vegar og listsköpunar hins vegar.

Þeir aðilar, sem leitað var til, telja það vera áhugavert viðfangsefni að skoða með hvaða hætti hægt væri að nýta tæknilegar nýjungar til að gera menningararfinn sýnilegri, en telja jafnframt að þar sé um flókið og alldyrt viðfangsefni að ræða, ekki síst ef það krefst mikillar hugbúnaðargerðar.

Af þessum sökum er lagt til að ráðist verði í takmörkuð verkefni af þessu tagi og reynt að meta það í ljósi árangursins, hvort ráðist skuli í stærri verkefni. Megintilgangur slíkra verkefna væri að gera einhverja skilgreinda menningarþætti aðgengilegri fyrir þjóðina og þá sem sækja hana heim. Auka-afurð fælist í því að tengja þær kynslóðir Íslendinga, sem heillast af hugbúnaðargerð og tölvutækni og listsköpun í tölvugrafík við menningararfinn og vekja skilning þeirra og auka áhuga á þeim verðmætum sem þar er að finna. Væri áhugavert að fá að slíku tilraunaverkefni grafískar hönnunar-deildir listaskóla, í samstarfi við háskóla og hugbúnaðarfyrirtæki.

Með hliðsjón af því hve margslunginn íslenskur menningararfur er, væri æskilegt að kanna hvort grunnur kynningar á miðaldamenningu Íslendinga gæti verði samræmdur upplýsingavefur, sem varpi sem bestri heildarmynd á það flókna og þróaða samfélag, sem hér þreifst. Hluta þess efnis, sem þar yrði vistað, mætti dreifa á veraldarvefnum í auglýsingaskyni. Að öðru leyti yrði vefurinn, og þá með vaxandi áherslu á nánari úrvinnslu og frekara upplýsingagildi, hluti af staðbundnum upplýsingasöfnum.

Á þjóðveldistímanum var Ísland dreifbýlissamfélag. Þó má jafna biskupsstólum, klaustrum og stórbýlum við vísi

að þéttbýli. Reykjavík tengist með sérstökum hætti sjálfu landnáminu og landnám Ingólfs er nátengt þróun þinghalds á Íslandi. Ásamt höfuðborginni er eðlilegt að helstu sögustaðir og menningarmiðstöðvar þjóðarinnar frá þessum tíma myndi net upplýsingamiðstöðva um menningararf þjóðarinnar. Þessir staðir geta öðlast aukinn sess í ferðaþjónustu sem menningarlegir áfangastaðir, ef á þeim verða byggð upp nútímaleg upplýsingasöfn um miðaldamenningu þjóðarinnar. Æskilegt er að þessi söfn verði, eftir því sem efni standa til, sérhæfðir hlutar af heildarupplýsingavef um menningararfinn. Á mörgum þessara staða má gera ráð fyrir að fornminjar eigi eftir að varpa nýju ljósi á hlutverk þeirra, eftir því sem þeirri vísindagrein vex fiskur um hrygg.

Lagt er til að kannaðir verði möguleikar á að koma upp á völdum sögustöðum sérhæfðum upplýsingasöfnum um íslenskt miðaldasamfélag. Eru tillögur um eftirfarandi sögustaði m.a. gerðar með hliðsjón af ályktun Alþingis um að koma upp kirkjusögusafni að Hólum, með tilliti til þeirrar uppbyggingar, sem átt hefur sér stað í Reykholti og með skírskotun til þess brautryðjendastarfs, sem unnið hefur verið undir merkjum Collegium Musica við söfnun og úrvinnslu tónlistarhandrita og kynningu á tónlistararfi þjóðarinnar í Skálholti:

- *á Þingvöllum verði safn upplýsinga um lagasetningu, stjórnmál, stjórnsýslu og dómsmál á miðöldum*
- *í Skálholti verði miðstöð kirkjutónlistar*
- *í Reykholti verði miðstöð kynningar á íslenskeri miðaldasagnfræði*
- *á Þingeyrum verði miðstöð upplýsinga um menningarstarfsemi klaustra*
- *að Hólum í Hjaltadal verði safn helgað kirkjusögu og sögu prentlistar*
- *á Akureyri verði upplýsingasafn tengt verslun, viðskiptum og siglingum, með skírskotun til verslunarstaðarins að Gásun*

Af þeim stöðum, sem hér hafa verið nefndir, njóta Þingvellir sérstöðu, ekki aðeins sem helgistaður þjóðarinnar, heldur einnig sem menningarsögulegur vettvangur lýðræðisþróunar í heiminum. Tekið er undir þær hugmyndir sem fram hafa komið um að þessi höfuðsögustaður þjóðarinnar verði tekinn á heimsminjaskrá.

Hluti af því þróunar- og hugmyndafræðistarf, sem vinna þarf til að treysta stöðu menningararfsins innan ferðaþjónustunnar og gera henni kleift að finna öruggar og skilvirkar boðleiðir til markaðssvæða, tengist ímynd og vörumerkjum.



Það hefur verulegt gildi fyrir markaðssetningu og kynningu á íslenskri miðaldamenningu að unnt reynist að láta slíkt kynningarstarf byggjast á einföldum táknum eða ímynd, sem nýtur viðurkenningar.

Með þessari skýrslu er birt sem fylgiskjal ritgerð eftir ungan rithöfund, Andra Snæ Magnason, sem skrifuð var að beiðni formanns Ferðamálaráðs Íslands. Fjallar hún að mestum hluta um leit að því sem kalla mætti hlutgering íslenskra miðalda, grip sem höfðaði sterkt til erlendra gesta og hefði ótvíræða burði til að vera merki Íslands sem menningarlegs áfangastaðar. Andri Snær leggur til að Konungsbók Eddukvæða verði samnefni fyrir íslenskan menningararf, handritið sem slíkt gert sýnilegt og aðgengilegt fyrir ferðamenn og því búin umgjörð og aðbúnaður sem þessu hlutverki hæfir og varðveisla handritsins krefst. Í skýrslunni er tekið eindregið undir þessa hugmynd og lagt til að hún verði skoðuð sérstaklega, annars vegar með hliðsjón af hlutverki Þjóðmenningarhússins en hins vegar í tengslum við byggingarmál Stofnunar Árna Magnússonar.

Þá er einnig tekið undir þá hugmynd, sem Andri Snær setur

fram í ritgerð sinni, að hleypt verði af stokkunum verkefninu „Öld ársins“. Þar er gert ráð fyrir að ákveðin öld sé í brennidepli í heilt ár í umfjöllun fræðimanna, fjölmiðla og útgefenda og efni, sem þannig yrði til, vistað á öflugum fræðslu- og upplýsingavef um sögu Íslands. Fellur sú hugmynd vel að þeim tillögum um samræmdan upplýsingavef um íslenskan menningararf, sem vikið er að hér að framan.

Auk þess, sem skýrslan styðst við hugmyndir, sem Andri Snær Magnason setur fram í hugleiðingu sinni, má flokka tilgang með birtingu ritgerðarinnar undir tilraunastarfsemi. Þegar leitast er við að meta menningarleg sérkenni og höndla kjarnann í framlagi þjóðarinnar til evrópskar menningar, er gagnlegt að leita í smiðju til þeirra sem öðrum fremur hugleiða þessa sérstöðu. Menningartengd ferðaþjónusta á mikið undir því að virkja rithöfunda og skáld til að skýra menningarlega sérstöðu þjóðarinnar í fortíð og nútíð og huga að leiðum til að vekja athygli á landinu sem menningarlegum áfangastað. Að þessu leyti er birting ritgerðar Andra Snæs Magnasonar verklag, sem lagt er til að verði notað markvisst í framtíðinni.

## 2.5 FORNLEIFAFRÆÐI

**V**íða erlendis er fornleifafræði að talsverðu leyti grundvöllur menningartengdrar ferðaþjónustu. Má í því sambandi nefna Grikkland og Egyptaland auk þess sem stór og mikil menningarsöguleg söfn, sem að miklu leyti eru grundvölluð á því sem úr jörðu hefur verið grafið, eru víðast hvar í Evrópu hluti af því sem dregur að ferðamenn. Hér á landi hefur fornleifafræði verið fremur óburðug vísindagrein. Á síðustu árum hefur þó orðið breyting á og hefur fornminjaskráningu og rannsóknum farið mikið fram.

Þótt enn hafi fornleifafræðin ekki haft nema mjög takmörkuð áhrif á þróun ferðamennsku, er hafið yfir allan vafa að fræðigreinin getur gegnt þýðingarmiklu hlutverki fyrir atvinnugreinina. Ljóst er að fornleifafræðingar hafa mikinn áhuga á samstarfi við ferðaþjónustuna. Dæmi um samtengingu þessara tveggja sviða er tilgátubærinn

að Eiríksstöðum og tengsl þess verkefnis við verkefni landafundanefndarinnar.

Það er ferðaþjónustunni til framdráttar að fornleifafræði verði eflað til muna. Æskilegt er að áherslum í fornleifarannsóknum verði að nokkru leyti raðað í forgangsröð miðað við gildi verkefnanna fyrir ferðaþjónustuna. Ljóst er að ákveðnir staðir, sem njóta menningarsögulegrar sérstöðu, eru að öllu leyti háðir fornleifarannsóknum til að hægt sé að nýta þá til kynningar á miðaldamenningu þjóðarinnar. Gildir þetta sérstaklega um Gásir í Eyjafirði, en þar eru taldar vera einhverjar merkustu leifar verslunarstaðar frá norrænum miðöldum. Ennfremur má gera ráð fyrir að fornleifarannsóknir á klaustrum og öðrum menntasetrum frá þjóðveldistíma auki verulega gildi þessara staða og skapi möguleika á að laða þangað ferðamenn innlenda sem erlenda.

## 2.6 TILGÁTUHÚS OG SÝNDARVERULEIKI

Þótt engin hús standi frá þjóðveldistímanum, eru til talsverðar heimildir um forn húsakynni og mannvirki, sem full ástæða er til að gera sem sýnilegust. Nýtur þar framlag Harðar Ágústssonar mikillar sérstöðu. Endurbygging fornra húsa er áhugaverður kostur og myndi án efa verða ferðaþjónustunni til eflingar. Ljóst er þó að þar er um vandasamt verkefni að ræða og kostnaðarsamt. Verður að gæta hófs í byggingu eftirlíkinga og athuga gaumgæfilega að hve miklu leyti annars konar framsetning á byggingararfleifð þjóðarinnar frá fyrri tíð hentar þessu verkefni. Tölvutækni og hugbúnaðargerð í myndrænni framsetningu á mannvirkjum hefur fleygt fram og skapar nýja möguleika á kynningu þess hluta menningararfsins, sem að byggingum lýtur. Tölvugrafík hefur þann athyglisverða eiginleika að geta endurgert byggingar fortíðarinnar í ljósi þeirrar þekkingar sem fyrir hendi er, og endurbæta byggingarnar í sýndarveruleika eftir því sem við þekkinguna bætist. Lagt er til að kannað verði á vegum Listaháskóla Íslands, í samstarfi við grafíska hönnunardeild Myndlistarskólans á Akureyri, hvort efni standa til að ráðast í tilraunaverkefnið „tölvu-

grafísk byggingasöfn“. Tilgangur verkefnisins væri að sýna fram á hvort sýndarveruleiki býður upp á möguleika á að sýna fornar byggingar og umhverfi þeirra með þeim hætti að nýtast megi í ferðaþjónustu.

Eftirlíkingar hafa þó augljóst gildi fyrir ferðaþjónustuna. Nægir að minna í því sambandi á smíði og siglingu víkingaskeipsins Íslendinga vestur um haf og þá gríðarlegu athygli sem skipið og áhöfn þess fékk í Bandaríkjunum og í Kanada. Þá má einnig minna á tilgátubæinn að Eiríksstöðum og þjóðveldisbæinn að Stöng í Þjórsárdal, sem hefur haft talsvert aðdráttarafl fyrir ferðamenn, svo og stafkirkjuna í Vestmannaeyjum, sem reist var í tilefni eitt þúsund ára kristni á Íslandi. Síðast en ekki síst ber að geta þess að framkvæmdir eru hafnar við að reisa „Auðunarstofu hina nýju“ að Hólum í Hjaltadal. Þar er um að ræða tilgátuhús, sem byggt er á ítarlegum rannsóknum á skriflegum heimildum um Auðunarstofu hina fornu og með hliðsjón af sambærilegum húsum sem enn standa í Noregi og í Færeyjum. Auðunarstofa var sögufrægt hús sem stóð á biskupssetrinu í 500 ár, en var rífið niður 1815.

## 2.7 FERÐIR Á SÖGUSLÓÐIR OG NÝSKÖPUN Í MENNINGARTENGDRI FERÐAÞJÓNUSTU

Ferðaþjónustan nýtir menningararf þjóðveldisins með ýmsum hætti. Mest er það væntanlega fyrir tilstilli íslenskra leiðsögumanna, sem miðla jafnan miklum fróðleik til ferðamanna um sögu þjóðarinnar. Þar ber ekki síst að nefna sérstakar ferðir á söguslóðir, sem byggja á mjög sérhæfðum og einstökum leiðsögumönnum. Eiga þessar ferðir einkum erindi við íslenska ferðamenn og hafa notið mikilla vinsælda. Þegar þessum sérferðum sleppir, er umfjöllun og kynning á sögu þjóðarinnar og menningu hluti hefðbundinna skipulagðra ferða um landið. Menningarlegi þátturinn er þó almennt ekki burðarás þessarar atvinnustarfsemi.

Nokkur dæmi eru um nýsköpun á þessu sviði. Nefna má Sögusetrið á Hvossvelli, þar sem áhersla er lögð á söguvið Njálu. Sögusetrinu má líkja við hugmyndasmíðju og þróunarsetur, þar sem leitað er margvíslegra leiða til að vekja áhuga á og miðla upplýsingum um miðaldamenningu Íslendinga. Markhópurinn er ekki síst erlendir ferðamenn. Í fyrsta sinn eru nú farnar reglubundnar ferðir með erlenda

ferðamenn á slóðir Brennu-Njáls sögu. Reynt er að veita innsýn í frásagnarlist Íslendingasagna og það fjölbreytilega og flókna mannlíf, sem sögurnar varpa ljósi á. Auk þess er stuðst við leiklist, tónlist og söng. M.a. verður settur á svið fyrir útlendinga söngleikur um Gunnar á Hlíðarenda. Nú liggur fyrir að sérstök ferð á Njáluslóðir verður boðin ferðamönnum af einu þeirra skemmtiferðaskipa sem koma til Íslands í sumar. Auk Sögusetursins má nefna að Víkingahátíð í Hafnarfirði hefur lagt vaxandi áherslu á handverk og verkmenningu víkingasamfélagsins. Tilgátubæinn að Eiríksstöðum, sem reistur er á bestu fánlegum upplýsingum forleifafræðinnar og tengist landafundunum, er einnig merkileg nýjung á þessu sviði. Í Reykholti er einnig að verða til sérstakur áfangastaður menningartengdrar ferðaþjónustu, sem tengist einu athyglisverðasta sviði menningararfsins, söguritun, og þekktasta Íslendingi miðalda, Snorra Sturlusyni. Á síðasta ári var reist stafkirkja í Vestmannaeyjum sem tengist upphafi kristins siðar á Íslandi og verður hún tvímælaust til að efla ferðamennsku þar. Með tilliti til þess hve mikilvægt það er fyrir ferðaþjónustuna að geta gert

sögu Þjóðarinnar sýnilega, ber að geta Sögusafns, sem í undirbúningi er og á að varpa ljósi á brot úr sögu Þjóðarinnar frá landnámi fram yfir miðja 17. öld. Þar er í raun um leikmyndasafn að ræða og starfar leikmyndasmiðja í tengslum við verkefnið, sem stýðst við áhugaverða tækni.

Þessi dæmi lofa góðu og gefa vísbendingu um möguleika. Á það ekki síst við ef hægt væri að fella þau inn í markvissa heildarstefnu þar sem saman færi öflugt markaðsstarf og kynning út á við ásamt faglegrri aðstoð við uppbyggingu og úrvinnslu þess sem kynnt er.

Þegar litið er til þess hve mikils virði lifandi og fróðleg leiðsögn er fyrir menningartengda ferðapjónustu, ekki síst í

landi þar sem list sögumannsins lifir enn góðu lífi, er ástæða til að leita leiða til að auka veg sagnamannsins og gera list hans hærra undir höfði. Á þetta ekki síst við í landi þar sem munnleg geymd hefur verið talin eiga verulegan þátt í því hve menningararfur Þjóðarinnar er margslunginn og rismikill. Íslenskur sögustíll er enn tæknilega víðfeðmur og blæbrigðaríkur. Bregða íslenskir sögumenn fyrir sig jafnt beinni ræðu sem óbeinni og beita flóknum og vandmeðförnum verkfærum tungunnar. Er það athugandi með hvaða hætti hægt er að gera íslenskri frásagnarlist hærra undir höfði og leggja sérstaka rækt við þetta listform. Er hægt að hugsa sér að frásagnarlist verði viðfangsefni á námskeiðum og hluti af menntun leiðsögumanna.

## 2.8 NIÐURSTÖÐUR

**A**ð því er varðar Þjóðveldismenningu Íslendinga á ferðapjónustan mikla möguleika og áhuga-verða samleið með aðilum sem starfa að því að rannsaka menningararfinn.

*Styrkleikar eru einkum þessir:* Gildi menningararfsins er viðurkennt alþjóðlega, hann hefur víða tilvísun í tíma og rúmi og hann nýtur mikillar sérstöðu. Tengsl hans við nútímann eru sterk. Tengja má ýmis helstu einkenni Þjóðveldisins við þau umbrot og þá deiglu samtímans sem er að verða í samskiptatækni, sem oftast er kölluð upplýsinga-bylting.

*Veikleikar eru einkum þessir:* Það er margslungið og flókið verkefni fyrir ferðapjónustuna, sem er gjarnan upptekin af því að sýna áþreifanlega hluti, að kynna svo óhlutbundinn menningararf, sem sá íslenski er, þar sem tungumálið er burðarásinn. Sú mynd sem stundum er dregin upp af íslensku miðaldasamfélagi er takmörkuð og ekki að fullu í samræmi við menningarlegan fjölbreytileika og slagkraft þess samfélags, sem heimildirnar varpa ljósi á. Að einhverju

leyti þarf að kynna þennan fjölbreytileika betur fyrir Íslendingum sjálfum.

*Úrbætur:* Efla þarf rannsóknir á menningararfi Þjóðarinnar og draga fram í dagsljósið fjölbreytileika hans. Við kynningu á miðaldamenningu Íslendinga þarf að endurskoða safnastarfsemi og leita leiða til að nýta tölvutækni, hugbúnaðarþekkingu og kunnáttu á sviði grafískrar hönnunar og auglýsingatækni í þágu kynningarstarfs og markaðsmála. Setja ber fram heildaráætlun um kynningu Þjóðveldistímans, þar sem sögustöðum verði ætlað mikilvægt hlutverk. Þessi áætlun verði kynnt undir samheitinu „Upplýsingasamfélag miðalda“ og hafi að meginmarkmiði að kynna framlag Íslendinga og nýsköpun á sviði bókmennta, sagnritunar, tónlistar, myndlistar, lagasetningar, málvísinda, stjórnufræði, siglinga og landafunda. Við þróun verkefna verði lögð áhersla á að varpa ljósi á samfellu í menningarviðleitni Þjóðarinnar og á sameiginleg einkenni íslenskra miðalda og nútímasamfélagsins. Miðaldamenningunni verði fundinn táknrænn samnefni, sem verður vörumerki menningartengdrar ferðapjónustu.

### 3. Undanhald og endurreisn 1400 - 1900

---

Fyrri hluti þess tímabils sem hér er til umfjöllunar, markast af því að hægt og bítandi molnar undan menningarlegri reisn þjóðarinnar. Auk íþyngjandi lagasetningar, er þungbært stjórnar- og réttarfar innleitt, sem rýrir smám saman innlendar valdastofnanir uns þær leysast í raun upp á 17. og 18. öld. Þótt kirkjan stæði lengi sem meginstoð menningarlegs sjálfstæðis, dregur mjög úr því hlutverki við siðaskiptin, þegar konungsvald yfirtekur eignir kirkjunnar og leggur niður klaustrin<sup>4</sup>. Náttúruhamfarir og sjúkdómsfaraldrar drógu máttinn úr Íslendingum. Þjóðin bjó við versnandi veðurfar sem náði hámarki í lok 19. aldar þegar rúmlega

tíundi hluti þjóðarinnar hrökklaðist frá landinu<sup>5</sup>. Af þessu tímabili Íslandssögunnar hefur að vonum ekki verið talið stafa mikilli birtu og ekki örgrannt, að margir fyrirverði sig nokkuð fyrir þá örbirgð, sem nógar vísbendingar eru um að hér hafi ríkt. Sú mynd, sem oftast er dregin upp af vonleysislegu, sárafatæku og menningarsnaudu samfélagi, virðist þó ekki styðjast við heimildir. Verður hér athugað hvort greina megi samfellu í menningarstarfsemi þjóðarinnar á þessu tímabili. Hins vegar verður minnst á þau kennileiti, sem einkum væri hægt að nýta í tengslum við menningartengda ferðabjónustu.

#### 3.1 ÓSLITINN ÞRÁÐUR

Efnahagsleg og menningarleg örbirgð þjóðarinnar um aldamótin 1800 er út af fyrir sig athyglisvert menningarsögulegt fyrirbæri fyrir margra hluta sakir. Ljóst er að þá hefur verulega dregið úr menningarlegri reisn, sem Íslendingar höfðu ræktað með sér á þjóðveldistímanum, uns svo er komið að Íslendingar teljast til fátækustu og vesælustu þjóða Evrópu. Það er í raun verðugt verkefni frá menningarsögulegu sjónarmiði að varpa ljósi á þau öfl, innri og ytri, sem þar voru að verki. Er full ástæða til að sérsafn eða söfn taki að sér að varpa ljósi á þessa þróun með tilliti til áhrifa veðurfars, landnýtingar og stjórnarfars. Í heimi, þar sem mikil umræða er um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á umhverfi og mannlegt samfélag, væri það eflaust mjög forvitnilegt að kynnast þeim heimi í hnotskurn, sem Ísland var á hinni svokölluðu „litlu ísöld“.

Á hinn bóginn virðast vera skýrar heimildir um það að vaxandi erfiðleikum þjóðarinnar hafi alls ekki fylgt athafnaleysi eða undanhald í menningarmálum<sup>6</sup>. Í raun má segja að tvenns konar straumar menningarviðleitni verði fyrir

ótrúlega litlum truflunum af versnandi efnahag þjóðarinnar. Annars vegar er þar um að ræða hina menntuðu yfirstétt og lærdómsmenn, sem stunda af miklu kappi ýmiss konar fræðastörf, en rita einkum á latínu, öfugt við það sem tíðkaðist á þjóðveldistímanum. Latína verður eftir siðaskipti mál bókmennta og menntunar og farvegur nýrra menningarstrauma frá meginlandinu. Margvísleg fræðileg skýringarrit um sögu Íslands og Norðurlanda svo og málfræðirit og ferðabækur eru prentuð ýmist hér á landi eða erlendis. Á hinn bóginn stundar almenningur sagnahefð og skáldskap, skrifar handrit og les í trássi við kirkjuna og hina menntuðu lærdómsstétt. Einnig er rétt að minna á að kirkjan og prestastéttin virðast hafa staðið vörð um grunnmenntun alþýðunnar og viðhaldið tiltölulega almennu læsi með þjóðinni.

Ljóst er því að sá þráður menningarviðleitni, sem tengir menningu nútímans við þjóðveldið, rofnar ekki á erfiðleikatímum þjóðarinnar. Sennilega er hér á ferðinni ein merkasta vísbendingin um óbilandi menningaráhuga þjóðarinnar.

<sup>4</sup> Fyrst eftir siðaskiptin dregur úr uppskriftum á miðaldahandritum, sennilega vegna þess að kirkjan hafi amast við slíkri starfsemi. Á öðrum fjórðungi 17. aldar verður breyting á, í kjölfar þess að Brynjólfur Sveinsson og Þorlákur Skúlason láta skrifa upp forn rit sem sögulegar heimildir.

<sup>5</sup> Ef tímabilið 1870–1914 er notað til viðmiðunar er þetta hlutfall nær 20%.

<sup>6</sup> Hér styðst skýrsluhöfundur einkum við grein Gottskálks Þórs Jenssonar, „Dygðir Íslendinga - Frá Gesta Adams frá Bremen til deCODE genetics, Inc.“, sem birt var sumarið 2000 í Tímariti Máls og menningar (2. hefti, 61. árgangur).

## 3.2 HELSTU KENNILEITI

Styrkleiki þessa menningartímabils, séð frá sjónarhóli ferðapjónustunnar, felst í því að það er sýnilegt. Frá þessum tíma eru elstu byggingar sem varðveist hafa, búningar og talsverður hluti þjóðlegra minja. Þessi húsakostur nýtur vaxandi áhuga og viðhaldi hans og endurnýjun er nú sinnt á traustum faglegum grundvelli, þótt verkefnið krefjist aukinna fjármuna.

Menningarþróunin í heild og þær sögupersónur, sem tengjast henni sérstaklega, skapa einnig möguleika fyrir ferðapjónustuna. Athugandi er hvort ekki er unnt að gera þessu tímabili skil með nokkurri hliðsjón af nútímanum og almennum vandamálum, sem samtíminn glímir við. Í því sambandi er lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

Rýrnandi gróðurlendi, sem rekja má í senn til versnandi veðurfars og ofnýtingar, er hluti af þeim veruleika sem heimfæra má að nokkru leyti upp á samtímann. Ástæða er til að kynna rýrnandi gróðurfur og eyðingu jarðvegs á Íslandi á þessu tímabili sem sérstakt menningarsögulegt fyrirbæri. Þótt hér sé ekki um að ræða þátt í hagsögu þjóðarinnar, sem miklum ljóma stafar af, er hann hluti af heild, sem tvímælaust ber að halda til haga enda skýrir hann margt sem viðkemur sögu þjóðarinnar og örlögum. Það endurreisnarstarf, sem lýtur að gróðurlendi Íslands, er raunar rétt hafið. Margt af því sem einkennir skógræktarfélög og samtök áhugamanna um uppgræðslu, er hluti af menningarlegri virkni Íslendinga og á rætur í þeim viðreisnaranda 19. aldarinnar sem gengur undir nafninu ungmennafélagsandi. Í raun kemur sterklega til greina að segja þessa sögu á einum og sama vettvangi. Er lagt til að það verði athugað, hvort koma mætti upp safni á Héraði þar sem rakin væri í máli og myndum saga rýrnandi gróðurfars og afleiðing þeirrar þróunar á efnahag þjóðarinnar, auk þess sem gerð væri með sama hætti grein fyrir endurreisnarstarfinu, landgræðslu og skógrækt.

Sérstakur kapituli í menningarsögu þjóðarinnar tengist siðaskiptum, átökum milli konungsvalds og kirkju og afleiðingum þeirra átaka. Til þessa tíma er rakið upphaf prentlistar og útgáfa prentaðra bóka. Mikil stórvirki voru unnin á því sviði á 16. öld, og ber þar hæst útgáfu Guðbrandsbiblíu, þar sem prentuð var á Hólum í fyrsta sinn í heild „heilög ritning á norrænu“. Arngrímur Jónsson lærði (1568-1648), sem bæði var rektor Hólaskóla og kirkjuprestur við Hóladómkirkju, vann mikilvægt endurreisnarstarf á sviði fornfræði á sinni tíð. Í latínuritum sínum um land og þjóð, sem sumum hverjum var beinlínis ætlað að kveða niður rættinn skrif um Ísland og Íslendinga, kynnti hann m.a.

margt úr fornsagnaarfi þjóðarinnar fyrir lærdómsmönnum í Evrópu. Vegna þess hve hlutur biskupsstólsins að Hólum er stór, bæði að því er varðar stjórn málaátök siðaskiptanna og sögu prentverks á Íslandi, er ákjósanlegt að gera hlut Hóla í kirkju-, menningar- og stjórn málasögu mikinn. Þar skapar dómkirkjan og dýrgripir hennar mjög traustan grundvöll fyrir sögu- og þjóðmenningarsafn, sem styrkist til muna við uppbyggingu Auðunarstofu hinnar nýju (sjá kafla 2.6.). Þýðing Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu og sálmar Hallgríms Péturssonar marka einnig tímamót. Á grundvelli þýðinga, útgáfustarfsemi og prentverks hefst raunar endurreisn íslenskrar tungu, sem nær fullum þroska og styrk með Fjölismönnum og Þjóðskáldum 19. aldar. Brýnt er að athuga með hvaða hætti er hægt að gera því skil á aðgengilegan hátt fyrir ferðamenn, hvern þátt íslensk skáld hafa átt í að móta menningarlegan styrkleika og viðnámsþrótt þjóðarinnar á öllum tímum en ekki síst á því endurreisnartímabili sem hér er fjallað um.

Galdrafarið sem reis hæst á 17. öld á Íslandi sem og í Evrópu er til merkis um menningarlega lægð, sem eflaust tengist versnandi veðurfari á svonefndri litlu ísöld og versnandi efnahag en einnig hatrömmum trúarbragðadeilum og langvarandi styrjaldrækstri á meginlandinu, sem upp úr þessum deilum spruttu. Hér á landi hefur vísir að galdrasafni risið á Hólum, og varpar það með mjög faglegum hætti ljósi á þetta myrka tímabil í sögu þjóðarinnar. Hugsanlegt er að þessari merku nýjung megi fylgja eftir með kynningu á þeim skilum í menningarsögunni sem verða í lok galdraldar.

Holdgervingur íslensks endurreisnarstarfs og fulltrúi evrópskrar upplýsingastefnu, Árni Magnússon, er samtímamaður sumra þeirra, sem stóðu fyrir síðustu galdrabrennum á Íslandi. Hann tengist galdrafárinu með sérstæðum hætti, þar sem honum var fengið það hlutverk af dönskum stjórnvöldum að rannsaka galdramál í Danmörku, svokallað Thisted-mál. Heimildir um þessa rannsókn eru mjög athyglisverðar og veita innsýn í hugarheim og menntun þessa Íslendinga, sem þjóðin stendur í mikilli þakkar-skuld við. Er hér staldrað við þá hugmynd að Galdrasýninguna á Hólum mætti auka með upplýsingum um þau tímamót, sem verða í lok galdraldarinnar og þann hlut sem Árni Magnússon átti í að leiða galdrafarið inn í heidríkju upplýsingastefnunnar og afhjúpa þá afskræmingu réttarfars, sem tíðkaðist á tímum galdrasófkna. Ævi og starf Árna Magnússonar hefur mikið gildi fyrir íslenska menningarsögu. Nafni hans er haldið uppi með því að tengja hann Stofnun Árna Magnússonar. Leita þarf leiða til að kynna sérstaklega handritasöfnun hans sem sjálfstæðan kafla í

menningarsögu Íslendinga. Áhugavert er að skoða það sérstaklega í tengslum við nýtt húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar hvort hægt sé að setja þar upp sérstaka kynningu á þeim, sem safnið er við kennt, starfi hans og afrekum. Eftir Árna liggja ekki efnismiklir textar, enda sá Árni síst ástæðu til að bæta við bókmenntir heimsins. Það, sem til er, er hins vegar athyglisvert og lýsandi fyrir þau menningarlegu skil sem verða í lok galdraldar og í upphafi upplýsingatímans. Hlutverk Árna Magnússonar ber einnig að skoða í því ljósi að lífsstarf hans tengir saman tvo menningarstrauma á erfiðasta tímabili Íslandssögunnar, sem að öðru leyti fóru ekki saman. Merkja má mjög greinilega lagskiptingu þar sem annars vegar er um að ræða menntamenn, sem leggja stund á fræðastörf í anda upplýsingastefnunnar og skrifa gjarnan á latínu, og hins vegar almenning sem virðist halda fast við hinum forna sagnaarfi og ljóðaarfleifið og hafa af honum ánægju og fróðleik, rétttrúnaðinum til sárrar armæðu. Persóna Árna Magnússonar og handritasöfnun hans tengir saman þessa tvo þætti.

### 3.3 BYGGINGAR

**F**rá þessu tímabili eru elstu hús, sem varðveist hafa. Með þessum húsum verður íslenskur menningararfur sýnilegri en við á um eldri tímaskeið Íslandssögunnar. Húsakostur frá þessu tímabili hefur því almennt mikið gildi fyrir ferðaþjónustuna, ekki aðeins til að varpa ljósi á tímabilið sjálft, heldur eru hús frá þessum tíma ekki síður góður kostur til að hýsa ýmiss konar starfsemi sem tengist ferðaþjónustu, svo sem veitinga- og gistipjónustu, upplýsingamiðlun og almenna safnastarfsemi. Hér er um mjög mikilvægan þátt að ræða fyrir menningartengda ferðaþjónustu, sem er mjög háð því sem sýnilegt er. Viðhald gamalla húsa og tenging byggingararfsins við ferðaþjónustuna er af þessum sökum eitt af grundvallarverkefnum, sem hlúa þarf að. Efling Húsafríðunarsjóðs hefur því mikla þýðingu fyrir ferðaþjónustuna. Einnig er mikilsvert að búa til farveg fyrir stuðning ferðaþjónustunnar við viðhaldsverkefni gamalla húsa og almenna vörubróun í menningarstarfsemi sem getur orðið atvinnugreininni lyftistöng.

Húsafríðun og viðhald gamalla húsa er verkefni sem lengi var sýnt mikið tómlæti hér á landi. Hefur þar orðið mikil viðhorfsbreyting á síðastliðnum aldarfjórðungi. Húsafríðunarsjóður ríkisins hefur verið starfræktur frá 1975. Lengst af hefur framlag ríkissjóðs verið minna en lög segja til um, en það hefur nú góðu heilli verið fært til betri vegar. Nokkur undanfarin ár hefur Húsafríðunarnefnd ríkisins veitt árlega allveglegan styrk til viðhalds og endurbóta í hverjum lands-

Eitt af sérkennum Íslandssögunnar eru miklir búferlaflutningar og ör vistaskipti. Um þetta eru nokkuð öruggar heimildir frá upphafi Íslandsbyggðar og er rótleysi Íslendinga talið vera ein af ástæðum þess hve lítið ber hér á mállýskum. Vekur þessi flækingur á þjóðinni um eigið land ekki síst athygli vegna þess, að ferðalög milli landshluta voru ekki auðveldari hér en t.d. í Noregi, þar sem litlar samgöngur milli héraða um aldaradir hafa þróað og varðveitt mállýskur betur en hér á landi. Er þessi tilhneiging Íslendinga stundum skýrð með byggingartæknilegum rökum og bent á að íslensk torfhús hafi verið forgengileg og naumast enst mannsaldur. Því hafi menn hneigst til flutninga sem efnahagslegs valkostar í stað þess að hýsa upp hjá sér. Varla er það einhlít skýring. Er hér viðruð sú skoðun að talsvert rótleysi hafi alla tíð blundað með þjóðinni og sé ein hliðin á nýjungagirni hennar. Er hugsanlegt að tengja þennan þátt þjóðareðlisins kynningu á íslenskrum byggingalist þessa tímabils.

hluta og nam styrkur þessi 2,5 milljónum króna árið 2001. Þetta nýmæli hefur skilað miklum árangri: Framkvæmdum er nú lokið á mun skemmri tíma en áður og auk þess hafa nokkrar fjárfrekar endurbætur verið settar beint á fjárlög í ljósi reynslunnar af nýrri stefnu Húsafríðunarnefndar. Í ljósi þess að íslenskur byggingararfur er mikilsverður fyrir menningartengda ferðaþjónustu og vel við haldin gömul hús þýðingarmikil fyrir ferðaþjónustuna almennt er brýnt að efla Húsafríðunarsjóð eins og framast er kostur.

Mikils áhuga gætir hjá einstaklingum á að taka gömul hús til gagngera endurbóta í samræmi við bestu faglega þekkingu á verkefninu. Undantekningalítið er um mjög fjárfrek verkefni að ræða, ekki síst ef farið er að öllum reglum hins opinbera um varðveislu húsanna. Af þessum sökum fylgja því miklar og íþyngjandi kvaðir að eiga gömul og verðmæt hús. Þótt lög kveði á um að bætur skuli koma til ef breytinga er krafist á endurnýjun friðaðra húsa, hefur raunin orðið sú að þær eru hlutfallslega takmarkaðar.

Þótt mikil breyting til batnaðar hafi orðið í viðhaldi og endurnýjun gamalla húsa, fer því fjarri að þessu verkefni sé sinnt á fullnægjandi hátt. Helstu ástæður þess er sá mikli fjöldi gamalla húsa, sem liggur undir skemmdum vegna þess hve seint þjóðin tók við sér. Þótt hið opinbera og sveitarfélög hafi stóraukið framlög til húsafríðunar og endurbóta eru verkefnið óþrjótandi. Einstaklingar hafa ráðist í viðamikil verkefni af mikilli bjartsýni. Í mörgum tilfell-

um reynist kostnaður við verkið mikill og hluti ríkisstyrkja ekki nægilega mikill til að viðhalda áhuga einstaklinga og ýta undir þátttöku þeirra í verkefninu.

Á landinu eru núna 204 friðaðar kirkjur. Margar þeirra teljast til dýrgripa í íslenskri byggingarlist og auk þess geyma þær kirkjugripa, sem hafa mikið listrænt og sögulegt gildi. Stöðugt fleiri ferðamenn sækja þessar kirkjur heim, en fram að þessu hefur skort trausta menningarsögulega leiðsögn í rituðu máli um kirkjurnar, í líkingu við það sem tíðkast á Norðurlöndum. Nú hefur Húsafríðunarnefnd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands og Biskupsstofa tekið höndum saman um samningu og útgáfu á ritröð um Kirkjur Íslands til að bæta úr þessum skorti. Það er mikilvægt fyrir menningartengda ferðapjónustu að rækilega sé stutt við bakið á þessu framtaki.

Menningartengd ferðapjónusta á mikla samleið með húsafríðun og endurnýjun gamalla húsa. Það er því vandasamt fjárhagslegt úrlausnarefni fyrir atvinnugreinina að virðisaukinn skilar sér ekki beint til þeirra sem gera gömul hús upp og reka einhvers konar starfsemi í þeim. Verðmætaukningin er oft óbein og skilar sér til ferðapjónustu og verslunar almennt svo og til ríkis og sveitarfélaga í sköttum. Hins vegar er oft erfitt að finna

### 3.4 SÖFN

**F**lest minjasöfn kynna muni frá því tímabili Íslandssögunnar, sem fjallað er um í þessum kafla skýrslunnar. Lengi hefur verið lítt munur á minjasöfnum og þau varpað svipuðu ljósi á bændamenningu og sjómennsku 19. aldarinnar og fram á 20. öld, hvar svo sem þau hafa risið á landinu. Mörg hinna hefðbundnu minjasafna eru mikið sótt og gegna mikilvægu hlutverki í ferðapjónustu.

Það er að ýmsu leyti erfitt verk að festa hendur á uppskrift að því hvernig söfn eigi að vera til að þjóna sem best markaði ferðapjónustunnar. Sennilega er mikilvægt að undirstrika að engin forskrift sé til að vel heppnuðu safni og ekkert eitt í skipulagi og starfsemi safna skipti sköpum. Skipulag og uppsetning skipta að sjálfsögðu miklu máli. Staðsetning safnanna getur líka haft mikið að segja. Sérhæfing þeirra og það hvernig þau falla að markaðssetningu héraðsins, hafa einnig áhrif á virkni þeirra. Rétt er þó að leggja áherslu á, að undirstaða kynningarstarfs er mannlegi þátturinn. Í viðræðum við söluaðila erlendis hafa nöfn margra safna komið upp. Þeirra á meðal er eitt, sem vekur athygli vegna þeirrar sérstöðu, sem það virðist hafa skapað sér. Safnið að Skógum er vel staðsett og allvel skipulagt. Orðstír safnsins að þó ekki síst tengdur safnverðinum sjálfum og þeirri

fjármögnunarleiðir, sem virkja alla þá sem beinan hag hafa af því að verkefninu sé sinnt. Er því þrautalending oftan ekki opinberar fjármögnunarleiðir.

Fram hjá þessum annmörkum verður ekki komist. Ríki og sveitarfélög munu áfram verða að leggja mest af mörkum til friðunar og endurbygginga gamalla húsa. Engu að síður ber að skoða hvort atvinnulífið getur tekið þátt í verkefninu og stuðlað að því að viðhalda minjum og varðveita upplýsingar um verkmenntun fyrri tíma.

Opinberan fjárstuðning til viðhalds og endurnýjunar gamalla húsa ber að efla. Æskilegt er að ferðapjónustan hafi svigrúm til að styrkja viðhaldsverkefni og fella slík verkefni inn í vörupróunar- og uppbyggingaráttlanir. Er lagt til í fjármögnunarkafli skýrslunnar að sérstakur sjóður, Menningarsjóður ferðamála, hafi m.a. svigrúm til að leggja endurbyggingu gamalla húsa lið þar sem sýna má fram á gildi slíkra húsa fyrir menningarferðir og þegar verkefni af þessu tagi falla að áætlunum um uppbyggingu og markaðssetningu á sérstökum landsvæðum. Að því er varðar faglega umfjöllun og eftirlit með viðhaldi og endurgerð gamalla húsa er lagt til að stuðst verði við það kerfi, sem komið hefur verið á og reynst hefur vel.

sérstæðu lífsreynslu, sem það er að skoða safnið í fylgd hans. Er þetta nefnt hér til að undirstrika, hve hlutur safnvarða og leiðsögumanna yfirleitt er gríðarlega mikilvægur ekki síst þegar um menningarsöguleg verðmæti er að ræða.

Þótt sérhæfingar minjasafna hafi ekki mikið gætt, hefur þeim söfnum fjölgað, einkum á síðari árum, sem beina athygli ferðamannsins að sérgreindum verkefnum. Sem dæmi um mjög sérhæft safn, sem gerir út á vel afmarkaðan menningaráhuga, má nefna Nonnasafnið á Akureyri. Þangað leggur mikill fjöldi ferðamanna leið sína í þeim tilgangi að sjá æskuheimili Jóns Sveinssonar, sem er einn af viðlesnustu rithöfundum þjóðarinnar. Áhugi á Nonnasafni verður því ekki skilinn frá áhuga á íslenskum bókmenntum og viðvarandi útgáfustarfsemi erlendis á verkum hans<sup>7</sup>.

Á síðustu árum hafa risið upp allmörg ný söfn með kynningarstarfsemi, sem beinist að ákveðnum sérhæfðum sviðum. Síldarminjasafnið á Siglufirði og Byggðasafn Vestfjarða á Ísafirði, eru hér tekin sem dæmi um athyglisverðar nýjungar, sem hafa ekki síst styrkt innlendan ferðamarkað og gefa vísbendingar um hvert æskilegt er að beina svæðisbundinni þróun. Vesturfarasetrið á Hofsi er mjög athyglisverð nýsköpun sem beinist að ákveðnum markhópi í Norður-

<sup>7</sup> Nýlega var fyrsta Nonnabókin gefin út í nýrri þýðingu í Frakklandi. Bækur Jóns Sveinssonar nutu mikilla vinsælda í Frakklandi langt fram eftir síðustu öld, en hafa verið ófánlegar. Í Þýskalandi hafa bækur Jóns Sveinssonar verið endurútgefnar.

Ameríku, auk þess að hafa mikið aðdráttarafl fyrir innlend-an markað. Meðal athyglisverðra nýjunga er Galdrasýning-in á Hólmavík, og sú tenging sem þar stendur til að þróa við önnur svæði á Vestfjörðum. Samstarf vísindamanna og ferðaþjónustuaðila, sem safnið er byggt á, er einnig afar mikilvæg nýjung og lærdómsríkt dæmi um vinnubrögð og framsetningu. Segja má að þær framfarir og sú þróun og gróska sem gætt hefur í safnastarfsemi megi rekja til þess að söfnin nýti nú mun betur ýmiss konar sérfræðipækkingu sem verður meiri að vöxtum og aðgengilegri með hverju ári. Er þar um að ræða margvísleg þekkingarsvið, fornleifafræði, sagnfræði, mannfræði og félagsfræði en ekki síður bygging-arfræði, sýningartækni og auglýsingatækni.

Safnastarf er að taka breytingum. Komin er fram ný teg-und starfsemi, sem kalla mætti lifandi söfn. Þar er um að ræða margvíslega starfsemi sem á það sameiginlegt að þar er menning liðins tíma sýnd í verki. Þótt hér sé einkum á ferðinni kynning á íslenskri menningu á fyrri hluta 20. aldar, tengist það því tímabili sem hér um ræðir. Hér má nefna Síldarminjasafnið og sérstakan árlegan viðburð þegar síldarsöltun fer fram á Siglufirði, sem kynning á þessum sérstæða kafla í atvinnusögu Íslendinga. Starfsemi Norður-siglingar á Húsavík sameinar hvalaskoðun og kynningu á strandmenningu, þ.e. sjómennsku, fiskveiðum og skipa-smíðum á vel búnum íslenskum eikarskipum. Þá má geta þeirrar þjónustu, sem veitt er að Sænantaseli á Möðrudalsöræfum, en þar eru kynntir á lifandi hátt búskap-arhættir í afskekktum fjallabyggðum, sem tíðkuðust lengi

og fram undir 1950. Nauðsynlegt er að hlúa að slíku starfi. Nauðsynlegt er að skapa svigrúm í heilbrigðislöggjöf til að í slíkum lifandi söfnum verði heimilt að stunda hefðbundna matvælaframleiðslu til kynningar og sölu á staðnum í tengsl-um við safnastarfið.

Sú hugmyndafræði, sem lögð er til grundvallar í nýsköpun af þessu tagi, er þess eðlis að söfnunum er á stundum ætlað að verða eins konar þróunarsetur. Í grunnhugmyndum að þjóðlagasetri sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði er safninu ekki aðeins ætlað að sýna þjóðlagahandrit, gömul íslensk hljóðfæri auk muna úr fórum séra Bjarna. Þar er gert ráð fyrir að verði lifandi kynning á þjóðlagaarfi, nettengd alþjóðleg upplýsingamiðstöð fyrir íslenskan tónlistararf og aðstaða fyrir fræðimenn. Meginmarkmið setursins verður að standa fyrir þjóðlagahátíðum, eins og þegar hefur verið ráðist í.

Mikilvert er að tryggja sem mest svigrúm og frelsi þeim, sem áhuga hafa á að standa að uppbyggingu og rekstri safna. Jafnframt er það hlutur hins opinbera að stuðla að því að eins traust fagleg ráðgjöf sé fyrir hendi og kostur er og að traust tengsl séu milli faglegrar ráðgjafar og opinberra framlaga til uppbyggingar safna. Þá er mikilvægt að uppbygging safna taki tillit til heildarmarkaðssetningar héraða eftir því sem kostur er. Er að því leyti brýnt að tengja saman markaðssetningu svæða og uppbyggingu afþreyingar, ekki síst á menningarsviðinu.

### 3.5 SÉRHFÆING OG SAMÞÆTTING MEÐ MARKAÐSSETNINGU Í HUGA

Safnastarfsemi, húsafríðun og framkvæmdir við viðhald og endurbyggingu gamalla húsa þurfa, eftir því sem því verður við komið, að falla að þróunaráætlunum í ferðaþjónustu. Brýnt er að slíkar áætlanir nái yfir ákveðin svæði og bjóði bæði upp á sérhæfingu í sýningarstarfsemi og samþættingu í markaðssetningu. Áætlanirnar þurfa að byggja á skýrum markmiðum. Eru hér nefnd sem dæmi samstarf og samþætting sem komið hefur verið á í Skagafirði og nær til Siglu-fjarðar. Þá er bent á þá uppbyggingu sem orðið hefur á Ísafirði og í nágrennabyggðum.

Á Austurlandi er víðtækt samstarf í menningarmálum, sem fellur vel að þörfum ferðaþjónustunnar fyrir markaðssetningu heilla svæða. Á því svæði nýtur Seyðisfjörður sérstöðu vegna fjölda verðmætra bygginga, heildaryfirbragðs byggðarinnar og þess einnig að bærinn er orðinn ein af helstu

aðkomuleiðum ferðamanna til landsins. Hugmyndin um aldamótabæinn Seyðisfjörð er að því leyti mjög ákjósanlegt dæmi um þróunaráætlun, sem hefur bæði gildi fyrir ákveðið afmarkað svæði og tengist þróun heils landshluta, en gegnir jafnframt sérstöku menningarsögulegu hlutverki, sem ein af aðal aðkomuleiðum útlendinga til landsins. Þar sem verk-efnið nær langt út fyrir hagsmunamörk sveitarfélagsins, er auðvelt að rökstyðja þátttöku ríkisins í þróunaráætlun sem væri byggð á hugmyndinni um aldamótabæinn Seyðisfjörð.

Lagt er til að gerðar verði þróunaráætlanir fyrir ákveðin kjarnasvæði þar sem lögð verði áhersla á sérhæfða upplýsinga-starfsemi um menningarsögu þjóðarinnar. Innan þessara kjarnasvæða verði samgöngur sérstaklega byggðar upp með þarfir ferðaþjónustunnar í huga. Verður vikið að þessu nánar í umfjöllun um þróunaráætlanir í kafla um stoðkerfi og grunnþjónustu.



### 3.6 ÍSLENSKIR ÞJÓÐBÚNINGAR

**F**rjá endurreisnartímabilinu eru einnig elstu búningar íslenskir. Mikið menningarstarf hefur verið unnið af Þjóðdansafélagi Reykjavíkur, Samstarfsnefnd um íslenska þjóðbúninga, Heimilisiðnaðarskólanum og Heimilisiðnaðarfélaginu til að halda við þekkingu á klæðnaði og verkmenntun tengdri þjóðbúningum. Er þar að langmestu leyti um hugsjónastarf að ræða sem hefur lítillega notið opinbers stuðnings. Er á engan hallað þótt nafn Elsu E. Guðjónsson sé nefnt í þessu sambandi sem samnefni fyrir þá sem hafa sýnt þessu verkefni áhuga og kostað miklu til að kynna þjóðbúninga og vekja á þeim áhuga. Elsa hefur staðið áratugum saman fyrir kynningarstarfi, flutt erindi, birt ritgerðir og greinar, samið upplýsingabæklinga og staðið að gerð sjónvarpsþátta um íslenska þjóðbúninga.

Þjóðbúningar eru mun minna notaðir af almenningi á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Má segja að konur hafi einkum sýnt þjóðbúningum áhuga sem hátíðabúningi og haldið við þessari hefð hér á landi. Búningar karla eru nánast óþekktir nema sem kynningarreitök á sýningum. Með vaxandi áhuga á handverki og skipulögðum handverksýningum hafa þjóðbúningar notið vaxandi athygli. Það hefur færst í vöxt að haldin séu námskeið í þjóðbúninga-gerð, þar sem konur gera sína eigin búninga eftir leiðsögn.

Þjóðbúningar setja mikinn svip á mannlífið þar sem notkun þeirra er almenn, eins og t.d. í Skandínavíu. Í Færeyjum er lögð rækt við þjóðbúninga og hlutur þeirra í lífi og starfi þjóðarinnar eðlilegur og laus við sviðsetningu. Svo er t.d. einnig í Austurríki og víðar. Hér á landi setja þeir nokkurn svip á hátíðahöld, sérstaklega á þjóðhátíðardaginn.

Þjóðbúningar hafa fyrst og fremst gildi fyrir menningartengda ferðapjónustu, ef þeir eru eðlilegur hluti af lífi þjóðarinnar og almenningur finnur hjá sér hvöt til að nota búningana við margvísleg tækifæri. Gildir þetta um Ísland að nokkru leyti þegar konur eiga í hlut. Karlar leggja ekki rækt

við þjóðbúninga, hugsanlega vegna þess að sú gerð þeirra, sem einkum er þekkt, þ.e. með hnébuxum, er ærið framandleg nútímamönnum.

Svonefndur hátíðabúningur var hannaður í tilefni 50 ára afmælis Lýðveldisins 17. júní 1994 og hefur hann orðið allvinsæll og öðlast einhvern sess. Sá búningur á þó ekki rætur í þjóðbúningum. Talsverð notkun á hátíðabúningnum bendir hins vegar til þess að hugsanlega sé að verða til grundvöllur fyrir því að karlar sýni þjóðbúningum vaxandi áhuga. Er raunar hugsanlegt að það mikla upplýsinga- og kynningarstarf um þjóðbúninga, sem farið hefur fram á síðari árum, muni hafa í framtíðinni þau áhrif að auka áhuga á þjóðbúningum karla.

Menningartengd ferðapjónusta hefur tvímælalaust hag af því að notkun þjóðbúninga yrði almennari en nú er og gæti atvinnugreinin stuðlað að því með því að nota þjóðbúninga við kynningarstarf á upplýsingamiðstöðvum. Lagt er til að opinber styrkur til varðveislu og útbreiðslu þekkingar um íslenska þjóðbúninga verði aukinn og honum komið í formlegan farveg.

Íslendingar af erlendum uppruna hafa fært nýjar víddir inn í íslenskt menningarlíf. Margir þeirra sýna þjóðbúningum og hefðum upprunallandsins mikla ræktarsemi og virðingu og kynna við ýmis tækifæri. Er ekki að efa að þessi ræktarsemi mun stuðla að því að efla áhuga á íslenskum þjóðbúningum.

Forsenda fyrir því að þjóðbúningar hafi gildi fyrir ferðapjónustuna er þó að þeir séu ekki eins konar leiktjöld fyrir líðinn tíma. Það skiptir því sköpum að þjóðin sýni því áhuga að nota búningana við margvísleg tilefni. Ef sú þróun verður, er ekki að efa að það verður til að styrkja ferðapjónustu og leiðir til margvíslegrar notkunar í atvinnugreininni sjálfri

### 3.7 NIÐURSTÖÐUR

**Þ**ótt minni ljóma stafi af því tímabili, sem hér er um fjallað, sýnir það tvímælalaust fram á samhengi íslenskrar menningarviðleitni og styrk hennar á mestu þrengingartímum þjóðarinnar. Það er því sérstakt tilefni til að varpa ljósi á þetta

samhengi og þann hlut sem Íslendingar eiga í vísindum og fræðaiðkunum Evrópubúa á tímaskiði, sem annars einkennist af óhagstæðum náttúruskilyrðum og efnahagsþrengingum.

Full ástæða er til að gera grein fyrir helstu ytri ástæðum efnahagslegra og menningarlegra þrenginga Íslendinga á þessu tímabili, ekki síst vegna þess að sú þróun hefur almenna menningarsögulega skírskotun til umhverfismála.

Það skiptir menningartengda ferðabjónustu miklu að frá

þessu tímabili eru elstu mannvirki sem enn standa svo og þjóðbúningar og ýmiss konar sýnilegir gripir, sem varpa ljósi á verkmenntun og daglegt líf. Það er því ferðabjónustunni mjög til framdráttar að aukin rækt verði lögð við þessa sýnilegu hlið menningararfsins og ferðabjónustunni gert kleift að ýta á þessu sviði undir vörubrúun og afþreyingu.

## 4. Nútímamenning Íslendinga

Íslenskt nútímasamfélag ber sterkan svip alþjóðlegs viðskiptasamfélags og einkennist af erlendum tísku- og menningarstraumum. Það er ekki sjálfgefið að íslenskur samtími hafi nein menningarleg sérkenni, sem standi undir nafni og hægt sé að byggja á sérstakt aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Þó benda þau takmörkuðu gögn sem fyrir liggja tvímælalaust til þess að mikilvægur

hluti af aðdráttaraflí Íslands fyrir erlenda ferðamenn sé þjóðin sjálf og menning hennar.

Í þessum kafla skýrslunnar verður litið á þessa alþjóðlegu hlið íslensks samfélags en síðan hugleitt hvort þjóðin nýtur menningarlegrar sérstöðu, sem hægt væri að markaðssetja.

### 4.1 ÍSLAND SEM ALÞJÓÐLEGT MENNINGARSAMFÉLAG

Það sem setur svip á íslenskan samtíma er að verulegu leyti fengið frá útlöndum og markar þjóðinni enga sérstöðu. Þjóðin er mjög háð innflutningi á flestum sviðum, ekki síst í menningu og listum. Íslendingar hafa sótt menntun til útlanda og líta á það sem hluta af menntastefnu sinni að hafa sterk mennta- og menningartengsl við önnur lönd.

Í þessu alþjóðlega viðskipta- og vísindasamfélagi koma þó fram einkenni, sem hugsanlega skera sig úr, þótt óvíst sé að þau hafi þýðingu frá sjónarmiði menningartengdrar ferðabjónustu. Vandinn við að festa hendur á slíkum sérkennum er að í því er í fyrsta lagi fólgin nokkur áhætta. Það sem markar menningarlega sérstöðu út á við á sér allt annan sess í hugum Íslendinga sjálfra: það sem er þjóðinni eðlilegt og sjálfsagt, getur henni fundist óeðlilegt að halda á lofti sérstaklega, hefja á stall eða gera að einhvers konar sýningartjöldum. Alkunn er sagan af tennisleikaranum fræga, Lacoste, sem lék sér að því að biðja andstæðinga sína að segja sér í hverju tæknilegir yfirburðir þeirra væru fólgnir. Þegar þeir reyndu að skýra það á formlegan hátt sem

var fyrst og fremst fólgið í þjálfun og nánast ósjálfráðum viðbrögðum tennisleikara, truflaði það og spillti leikstíl þeirra. Það gildir að einhverju leyti um menningu þjóða að hún verður að vera ósvikin og eðlileg, en ekki upphafin, ofskilgreind eða tilgerðarleg. Ferðabjónustan má síst af öllu stuðla að því að ýta undir slíka þróun. Ljóst er að slík ferðabjónusta mundi skaða íslenska menningu, á svipaðan hátt og of margir ferðamenn á öræfum okkar mundu ganga nærri þeim gæðum sem þar er að finna. Með þessum fyrirvara verða hér skilgreind nokkur einkenni almenns eðlis.

Í fyrsta lagi vekur það athygli að svo fámennt þjóð geti staðið undir efnahagslega og stjórnmálalega sjálfstæðu samfélagi. Í öðru lagi markar það sérstöðu að svo fámennt þjóð hafi komið sér á tæpri öld úr flokki fátækustu þjóða heimsins í röð þeirra sem besta kjara njóta. Ísland er sem sagt komið á lífskjarakortið og trónir þar ofarlega.

Þessi þróun hefur orðið þrátt fyrir þá staðreynd að þjóðin er landfræðilega afskekkt, býr við erfið náttúrufarsleg skilyrði og talar forna, flókna og illskiljanlega tungu á einu

smæsta málsvæði heimsins. Hægt er að leiða að því rök að það sé að nokkru leyti vegna hnattrænnar stöðu, vegna náttúrunnar og málsins, sem þjóðinni hefur vegnað vel. Þeirri niðurstöðu má hugsanlega gefa nafn og ímynd og nýta í menningartengdri ferðapjónustu.

Þar sem hér er um að ræða þau atriði sem hafa skapað þjóðinni mesta sérstöðu, verður um þau fjallað í sérstökum

## 4.2 LANDIÐ OG HNATTRÆN LEGA

**L**ega landsins hefur tvímælalaust sett svip á menningu hennar. Frá upphafi hefur hún torvelað samskipti við aðrar þjóðir og stuðlað að einangrun þjóðarinnar. Á tuttugustu öld hafa orðið stórstígar samgöngubreytingar. Landið er á vissan hátt komið í þjóðbraut samskipta milli Evrópu og Ameríku. Íslendingar hafa sótt áhrif og myndað sambönd vestur um haf ekki síður en til meginlands Evrópu. Þessi tvíhliða tengsl hafa haft djúp áhrif á uppbyggingu og svipmót alls samfélagsins.

Án þess að hér verði farið náið út í þá sálma, má minna á að mannréttindi, réttarfar og félagslegar hugsjónir hafa Íslendingar sótt að mestu leyti til Evrópu en bera þó talsverðan keim af Vesturheimi að því er varðar viðskiptalíf. Menntunar hefur þjóðin aflað sér jöfnum höndum í austri og vestri, en sérhæfingu sækir hún þó ekki síst til Band-

## 4.3 NÁTTÚRUÖFLIN

**N**áttúra landsins er í senn uppspretta erfiðleika og velgengni. Náttúruöflin og baráttan við þau annars vegar og skynsamleg nýting náttúruauðlinda hins vegar skapa þjóðinni örlög. Lífsbaráttan í þessum samskiptum náttúru og manns hefur tekið stakkaskiptum á síðustu 100 árum einkum vegna þess að þjóðin hefur virkjað vísindi og þekkingu sér í hag í glímunni við náttúruöflin. Þessi glíma er í senn erfið og gjöful. Íslendingar eru meðvitaðir um hana. Hugsanlega skýrir hún talsvert af andstæðum í fari þjóðar, sem á stundum er talin vera hvort tveggja hryssingsleg og hlý, hranaleg við fyrstu kynni en skárri eftir því sem innar kemur. Glímu Íslendinga við náttúruöflin má hugsanlega gera að sérstöku viðfangsefni við kynningu á íslenskrri menningu og þar með í menningar-

köflum. Fyrst verður rakin landfræðileg staðsetning og áhrif hennar á samfélagið. Þá verður vikið að náttúru landsins og auðlindum og viðleitni þjóðarinnar að beisla náttúruöflin. Einnig verður fjallað um málsvæðið, þjóðtunguna og þá sérstöðu sem tungan tryggir Íslendingum. Að lokum verður vikið að menningarlegri virkni þjóðarinnar, sem er óslitinn þáttur í fari hennar frá upphafi.

aríkjanna. Miklar umræður urðu um yfirþyrmandi bandarísk menningaráhrif á sjötta og sjöunda áratugnum. Urðu varnaðarorð og dómsdagsspár eflaust til að hraða stofnun íslensks sjónvarps. Þegar á heildina er litið er hins vegar ljóst að mennta- og menningartengsl vestur um haf haft djúp og jákvæð áhrif á íslenska menningu.

Við erum að mörgu leyti á mótum hins gamla og nýja heims, fornari í tali og á sumum sviðum fhalddsamari en Evrópubúar, en jafnframt opnir fyrir nýjungum og tækni-sinnaðir að hætti Bandaríkjamanna. Þessi deigla er hluti af íslenskrri þjóðarsál og mikilvægur þáttur í fari hennar. Menningartengd ferðapjónusta á að varpa ljósi á þá frjóu menningarlegu deiglu, sem hér hefur þróast á mótum tveggja sterkra menningarstrauma. Íslenskrri nútímameningu má að þessu leyti jafna við brú milli tveggja ólíkra heima.

tengdri ferðapjónustu.

Slík kynning gæti fyrst og fremst haft almenna þýðingu en einnig getur hún tengst sérstaklega ákveðnum landshlutum. Er rétt að minna í þessu sambandi á hugmynd sem komið hefur fram í Vestmannaeyjum um gosminjasafn, sem byggt væri inn í hraunið, sem rann í Vestmannaeyjagösinu. Í safninu væru sýnileg mannvirki sem fóru undir hraun. Slíkt safn mundi höfða afar sterkt á ferðamenn og gæti verkað sem sjálfstætt aðdráttarafl í ferðapjónustu. Fyrir utan þá staðreynd að slíkt safn væri einstakt á heimsvísu, mundi það draga upp óvenju skýra mynd af þeirri glímu manns og náttúru, sem að framan greinir. Hér er tekið mjög eindregið undir þessa hugmynd og hún talin geta orðið mjög mikilvæg undirstaða í menningartengdri ferðapjónustu. Sambærileg

kynning á glímu þjóðarinnar við náttúruöflin, en á öðrum forsendum, gæti farið fram í Mývatnssveit og á Kröflusvæðinu, auk þess sem möguleikar væru tengdir öðrum virkjanasvæðum landsins, svo sem Nesjavöllum og Bláa lóninu, svo dæmi séu nefnd.

Glíma Íslendinga við náttúruöflin hefur leitt til þess að hér á landi hefur þróast mjög sérstætt skipulag björgunarmála. Það er í raun ein af grundvallarforsendum þess að þjóðin getur boðið upp á ferðalög um svæði, sem óneitanlega einkennast af ótryggu umhverfi, hvort sem um eldvirk svæði er að ræða, jökla og jökulár eða samspil þessara þátta. Þótt ferðamenn séu í talsverðum lífsháska í umferðinni í París, lítur það mál öðru vísi út gagnvart ferðamönnum en stórfjót á öræfunum norðan Vatnajökuls, sem ekki sér stað fyrir hádegi, en verður að beljandi straumi um kaffileytið á hlýjum sumardegi. Snjósleðaferðir um sprungusvæði, sælkeraveislur á jöklu, siglingar niður úfin jökulvötn, vetrarferðamennska um fáfarin svæði þar sem allra veðra er von, allt verður þetta að eiga sér tryggar öryggisforsendur.

Grundvallarþáttur í þessum forsendum eru björgunarsveitirnar, sem starfa undir merki Slysavarnarfélagssins Landsbjargar. Skipulag, viðbragðsflýtir, útbúnaður og fagmennska björgunarsveitanna er sérstætt fyrirbæri, ekki síst í alþjóðlegum samanburði. Íslendingar geta kallað út 2.000–3.000 manna sveitir sjálfbodaliða með innan við tveggja klst. fyrirvara. Hlutfallslega væri þetta sambærilegt við það að Frakkar gætu kallað út með stuttum fyrirvara tæplega 600 þúsund vel búna sjálfbodaliða til björgunarstarfa. Til samanburðar má nefna að franskir herinn er um 420 þúsund manns.

#### 4.4 AUÐLINDIR

Rétt er að skilgreina það sérstakt verkefni að draga fram, hvernig þjóðin hefur leitast við að beisla orku landsins og kynna það í samstarfi orkuiðnaðarins og ferðaþjónustunnar. Heitt vatn er ein af helstu auðlindum Íslendinga. Hefur það verið nýtt frá upphafi Íslandsbyggðar, en aldrei eins og nú. Heimildir um laugar og nýtingu þeirra eru fjölmargar, og meðal fárra fornra mannvirkja, sem enn eru til, er Snorralaug. Laugar tengjast skírnarathöfnum og upphafi kristins siðar á Íslandi. Einn dagur vikunnar heitir laugardagur, sem er norrænt heiti og því hluti af fornri norrænni hefð.

Nú til dags eru heitar laugar orðnar mikilvægur hluti af hversdagsmenningu Íslendinga. Er laugamenning Íslendinga eitt af því sem mesta athygli vekur meðal erlendra ferðamanna. Á landinu er mikill fjöldi lauga af margvíslegu

Íslensku björgunarsveitirnar eru ekki einungis mjög fjölmennar. Þær eru vel búnar og vel þjálfaðar til að takast á við íslensk náttúrufars- og veðurskilyrði. Þjálfun sveitanna byggist á almennum áhuga á ferðalögum við erfið skilyrði, á útivist og íþróttum og á tækni og tækjabúnaði, en er þó í grundvallaratriðum byggð á hugsjón um samhjálp og aðstoð í viðlögum. Í þeim tilvikum sem sveitirnar hafa aðstoðað ferðamenn, hefur verið lokið miklu lofsorði á starfsemi sveitanna og þann anda, sem þar ríkir.

Með skipulegri kynningu á starfsemi og búnaði íslenskra björgunarsveita mætti tengja saman þrjá þætti, sem allir hafa mikið gildi fyrir ferðaþjónustuna. Í fyrsta lagi varpa þessar sveitir skýru ljósi á þann mikilvæga þátt í lífi og starfi Íslendinga sem glíman við náttúruöflin er. Kynning á starfsemi þeirra er því, með nokkrum sanni, kynning á íslenskri nútímamenningu. Í öðru lagi eru þessar sveitir hluti af öryggisstarfsemi þjóðfélagsins og skýra sérstöðu þjóðar, sem ekki hefur varnarviðbúnað gegn annarri vá en náttúrunni. Í þriðja lagi eru björgunarsveitirnar ein af forsendum þess að hægt sé að nýta landið sem ferðamannaland. Kynning á starfsemi þeirra hefur því bein tengsl við ferðaþjónustuna og eykur skilning ferðamanna á því kerfi, sem hér á landi hefur verið komið upp m.a. til að tryggja öryggi ferðamanna, innlendra sem erlendra.

Eftir því sem hægt er að koma því við ættu stöðvar og búnaður björgunarsveitanna að vera til sýnis og starfsemi þeirra kynnt. Hugsanlegt er að slík kynning gæti skapað björgunarsveitunum einhverjar tekjur.

Þar er bæði um að ræða náttúrulegar laugar svo sem Grjótagjá og Stórugjá í Mývatnssveit og Víti við Öskjuvatn. Þá er fjöldi staða þar sem mannshöndin hefur búið til baðstaði úr heitum uppsprettum, með lágmarksframkvæmdum. Þar á meðal eru margar laugar á hálendinu. Mikill fjöldi sundlauga er á landinu og hefur verið mikið lagt í slíka sund- og baðstaði á síðari árum. Í íslenskum sundlaugum hefur þróast nokkuð sérstæð samkomumening, pottmenning, þar sem Íslendingar sækja sér heilsu og félagsskap. Heitir pottar eru vettvangur þjóðmálaumræðu og altækra lausna á flóknum vandamálum.

Sagt er, að vilji menn kynnast Bretum liggi leiðin á krána, en Frökkum kynnist menn best á kaffihúsum. Finnar stunda mikið félagslíf í gufubaði. Íslendingum kynnast menn best í heita pottinum. Samkvæmt könnun Ferðamálaráðs Íslands, þar sem spurt var „Hvað gerðir þú í Reykjavík?“

kom í ljós að næstvinsælasta afþreyingin var laugarferð, en vinsælasta afþreyingin var að fara í dagsferð út á land. Könnun sem verkefnisstjórn Heilsuborgarinnar Reykjavík lét gera sumarið 2000 leiddi í ljós að 47% erlendra gesta höfðu talað við aðra laugargesti, 94% sögðu laugarferðina hafa haft góð áhrif á heilsuna og 98% sögðust myndu mæla með laugunum við vini og kunningja, sem hyggðust heimsækja Ísland í náinni framtíð. Óhætt er að fullyrða að laugamenning er hluti af íslenskrri menningu og höfðar mjög til erlendra ferðamanna.

Orkunýtingin, en sérstaklega jarðvarminn, á sér þekkt nöfn og áberandi tákn. Nafn Geysis hefur fest í sessi í fjölmörgum heimsmálum sem samheiti á hverum. Bláa lónið er þekkt nafn erlendis. Orkuver landsins svo sem Krafla, Nesjavellir og Svartsengi, eru nú þegar vinsælir áfangastaðir. Perlan sameinar það að vera táknræn bygging fyrir höfuðborgina og jarðvarmanýtingu þjóðarinnar. Markaðssetning íslenskrar laugamenningar styðst því við tákn sem þegar njóta nokkurrar viðurkenningar.

Til þess að nýta þá möguleika, sem jarðvarminn og heitu laugarnar bjóða í tengslum við menningarferðaþjónustu, er nauðsynlegt að vinna undirbúnings- og þróunarstarf sem veit bæði að laugunum og baðstöðunum sjálfum, en einnig að kynningu á þeim. Í fyrsta lagi er mikilvægt að hugað verði sérstaklega að laugum í náttúrulegu umhverfi og leita leiða til að fjölga þeim. Margir af vinsælustu áningarstöðum ferðamanna eru laugar í náttúrulegu umhverfi, sem oft var komið upp af athafnasömum einstaklingum í árdaga öræfaferða. Nú býr þjóðin yfir mikilli þekkingu á landslagshönnun sem gerir mögulegt að laga slíkar framkvæmdir sem best að umhverfinu þannig að þær séu lítt áberandi. Þá þarf að vinna að því að marka með skýrum hætti þann þátt í þjóðlífinu sem laugarnar eiga og hafa átt og birta kynningarefni þar um.

Frá sjónarhóli ferðaþjónustunnar er hlutur lauga og laugamenningar sérstaklega mikilvægur vegna þess hve þessi þáttur íslenskrar menningar er óháður veðri. Samspil kulda, snjókomu og heitra lauga verkar sterkt á ferðamenn. Eru vísbendingar um mjög sérstaka upplifun ferðamanna á þessari samþættingu ekki síst tengdar Bláa lóninu. Þar er risin miðstöð heilsuræktar og baðmenningar, þar sem mikil áhersla hefur verið lögð á hönnun, aðlögun að umhverfi og þekkingu á eiginleikum vatnsins.

Sérstaklega hefur verið fjallað um heilsuferðamennsku og er nýttkomin mjög athyglisverð skýrsla um þann þátt. Að því er varðar heilsutengda ferðaþjónustu, sem tengist menningarferðum, er vísað til þeirrar skýrslu.

Til að beisla orku landsins og verjast tjóni af völdum náttúrunnar, eiga Íslendingar mikið undir staðgóðri þekk-

ingu á jarðhita, skjálftavirkni og jökulum. Varpar uppgangur slíkra fræða ljósi á annan kost í kynningarstarfi. Sem eins konar alþjóðlegur skóli í jarðfræði eldfjallasvæða, laðar Ísland nú þegar að sér vísindamenn og áhugamenn um jarðfræði og eldfjallafræði. Með því að nýta þá tækni sem er að verða til á sviði tölvugrafíkur og sýndarveruleika má varpa ljósi á sérkenni íslenskrar náttúru og viðleitni þjóðarinnar við að skilja náttúruöflin, beisla þau og verjast þeim. Hugsanlegt er að tengja upplýsingastarfsemi um náttúru landsins við fræðslu um menningu þjóðarinnar og menningarsögu. Er lagt til að kannað verði hvort hægt er að koma á námskeiðum, þar sem viðfangsefnið er tvíþætt, annars vegar náttúra landsins og glíma þjóðarinnar við náttúruöflin og hins vegar menningarsaga og framlag Íslendinga til evrópskrar menningar. Er hægt að hugsa sér að slík námskeið yrðu tengd sögustöðum og vettvangsskoðunum á sérstæðum náttúruferðum og þeim lyki með útskrift og formlegri viðurkenningu.

Hlutfallslega eru Íslendingar bæði miklir orkuframleiðendur og orkunotendur. Hvort tveggja stendur í beinu sambandi við náttúru landsins og legu. Orkunýting er því mikilvægur hluti af efnahag Íslendinga og menningarlífi. Á síðustu árum hefur nokkuð átak verið gert í því af hálfu orkufyrirtækja að kynna starfsemi sína með skipulögðum skoðunarferðum og kynningarefni, auk þess sem orkumannvirki hafa orðið vettvangur listsýninga. Þessi kynningarstarfsemi hefur þýðingu fyrir ferðaþjónustuna. Athuga þarf hvort hægt er að auka þessa kynningu verulega og tengja hana náið umfjöllun um efnahagsmál og umhverfismál.

Sérstakur þáttur í glímu þjóðarinnar við náttúruöflin er íslenskur sjávarútvegur og sú matvælaframleiðsla, sem á honum byggir. Íslenskur sjávarútvegur og framleiðsla fiskafurða nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar. Nokkur reynsla og jákvæð er af samstarfi ferðaþjónustunnar og fiskvinnsku í tengslum við verkefnið „Iceland Naturally“. Þar sem velgengni Íslendinga á 20. öld byggist að miklu leyti á nýtingu fiskimiðanna er eðlilegt, að ferðaþjónustan einbeiti sér að því að kynna íslenskan sjávarútveg, fiskvinnslu, matvælaíðnað og matargerð sem burðarás í efnahagslífi og atvinnumenningu þjóðarinnar. Þessu verkefni verður ekki sinnt nema ferðaþjónustan njóti meiri skilnings hjá fiskframleiðendum og fái þar af leiðandi greiðari aðgang að matvælafyrirtækjum til að kynna þau, meðferð þeirra á hráefni og hreinlætis- og gæðakröfur. Nokkur reynsla er af slíku samstarfi fiskframleiðslufyrirtækja og ferðamennsku, t.d. á Dalvík. Er ljóst að þessi kynningarstarfsemi nýtur mikilla vinsælda. Almennt er hins vegar ekki mikill áhugi á þess háttar kynningu hjá fiskframleiðendum. Samstarf fiskframleiðenda og ferðaþjónustu í Iceland Naturally verkefninu á að geta leitt til frekara samstarfs á sviði kynningar á íslenskrri hágæða matvælaframleiðslu. Er lagt til að því samstarfi verði komið í fastan farveg.

## 4.5 NÁTTÚRUNÝTING OG NÁTTÚRUVERNÐ

Þegar litið er til þess hve nýting náttúruauðlinda setur mikinn svip á íslenskt þjóðlíf er rétt að hugleiða undir hvaða formerkjum væri hægt að kynna glímu Íslendinga við náttúruöflin sem eitt af sérkennum þjóðarinnar. Hér er um viðkvæmt mál að ræða þar sem þjóðin skiptist nokkuð í tvær fylkingar þegar nýting náttúruauðlinda er til umræðu.

Ljóst er að ósnortin náttúra á hvarvetna í vök að verjast fyrir ágangi mannsins. Viða í iðnvæddum löndum, en einnig í þróunarlöndum, er skefjalaust gengið á hlut náttúrunnar. Umsvif mannsins setja sífellt meiri svip á umhverfið með öllu því sem honum fylgir af úrgangi og raski. Æ fleirum er að verða það ljóst að brýnt er að sýna mun meiri hófsemi í viðskiptum við náttúruna. Kominn er upp stór hópur ferðamanna, sem tekur mikið tillit til þess hvernig viðhorf til náttúrunnar er á þeim slóðum sem þeir heimsækja.

Af þessum sökum hefur vaxið upp sterk hreyfing náttúru- og umhverfisverndar, sem hefur á stundum verið brennd sama marki öfga og einkennt hefur tillitsleysi mannsins við náttúruna.

Svo hagar til á Íslandi að náttúran verður þar ekki beisluð til

fulls. Þar eru meiri kraftar að verki en svo að maðurinn fái við ráðið. Er þjóðin minnt á þetta með stuttu millibili, yfirleitt nokkrum sinnum á áratug. Íslendingar eru því í stöðu samningamannsins en ekki sigurvegarans þegar náttúran er annars vegar. Íslensk náttúra blæs því mörgum landanum í brjóst óttablandna virðingu sem ætti að geta ýtt undir hófsemi og tillitssemi í garð umhverfisins. Íslendingar eiga þess utan mikið undir því að umgangast náttúruauðlindir í anda sjálfbærrar þróunar.

Ekki er trúverðugt fyrir Íslendinga að markaðssetja nútíma- menningu sína sem menningu friðunar og náttúruverndar, því það er hún ekki og verður seint. Hins vegar ættu að vera fyrir því sterk rök að þjóðin gæti skilgreint stefnu sína í náttúruverndarmálum sem hófsama og ábyrga nýtingarstefnu. Óhjákvæmilegt er, frá sjónarmiði menningartengdar ferðaþjónustu, að taka það til athugunar og úrlausnar hvaða ímynd þjóðin kys að skapa sér með tilliti til umgengni við náttúruna og umhverfið. Þótt það sé utan ramma þessa verkefnis að skilgreina þá ímynd, þá er lögð á það áhersla að ímyndin verði að vera í samræmi við raunveruleikann. Það ætti að vera hægt að lýsa glímu þjóðarinnar við náttúruöflin sem ábyrgu samningaferli þar sem við leggjum til grundvallar sjónarmið sjálfbærrar nýtingar.

## 4.6 TUNGAN

Sterkrar tilhneigingar gætir til þess, á tímum hnattvæðingar, ríkjasamruna og heimsmáls, að líta á lítil málsvæði sem viðskiptahindrun og dragbít á framfarir. Margir telja að slík málsvæði eigi takmarkaða framtíð fyrir sér. Er þar í flestum tilfellum um mun fjölmennari málsvæði að ræða en það íslenska.

Þegar litið er til þess menningarlega framlags Íslendinga, sem óumdeilt er, bókmenntaarfsins, kemur hins vegar í ljós að hið smáa málsvæði hefur ekki orðið hindrun í samskiptum okkar við aðrar þjóðir. Fremur er auðvelt að leiða rök að hinu gagnstæða. Á miðöldum, þegar latína var mál trúboðs, vísinda og upplýsinga, varð þjóðtungan uppspretta þeirra menningarlegu gilda, sem mestrar viðurkenningar njóta nú á alþjóðavettvangi.

Það er afar mikilvægt að meta þann hlut sem íslensk tunga

á og getur átt í menningarlegu aðdráttaraffli samtímans. Í slíkt mat verður ekki ráðist í þessari skýrslu, enda er það flókið viðfangsefni og margþætt. Hins vegar er brýnt, ekki síst frá viðskiptalegu sjónarmiði, að reyna að ýta undir að sérkenni íslenskrar nútíma menningar verði skilgreind og þar er tungumálið, málmenningarstefna Íslendinga og áhrif málræktar á mjög marga þætti þjóðlífsins grundvallaratriði. Því er lagt til að það verði fjármagnað sem sérstakt þróunarverkefni að leggja mat á menningarlega sérstöðu þjóðarinnar og hlut tungumálsins í þeirri sérstöðu. Til slíks verks er æskilegt að virkja þá sem næmastir eru og skyggjari en aðrir á sérkennin. Er lagt til að rithöfundar og skáld verði fengnir til að hugleiða einkenni og svipmót íslensks nútímasamfélags, þátt tungumálsins í mótun þessa svipmóts og stöðu íslenskunnar og íslenskrar menningar í samtímanum. Slíkur hugmyndabanki gæti orðið afar verðmætur grundvöllur kynningar á íslenskri nútíma menningu.

Ennfremur er lagt til að komið verði til móts við þá athygli, sem málmenningarstefna Íslendinga hefur vakið, með því að kynna þessa stefnu og þýðingaráráttu þjóðarinnar með formlegum hætti. Rétt þykir hér að tala um málmenningarstefnu, fremur en málverndarstefnu eða hreintungustefnu. Málmenningarstefna er þá notað sem víðtækt hugtak um þann áhuga, sem Íslendingar hafa á tungumáli sínu, hvort sem kraftbirting þess áhuga kemur fram hjá opinberum aðilum eða einstaklingum, félagasamtökum eða fyrirtækjum. Málvernd er augljóslega hluti þessarar stefnu.

Málverndarstefna Íslendinga hefur ekki þótt mikið tiltökumál hérlandis. Hefur um hana ríkt nokkuð almenn sátt. Það hefur jafnvel ríkt um þessa stefnu svo víðtæk sátt að ekki hefur þótt ástæða til að gera því viðhorfi til tungumálsins, sem hér hefur ríkt lengi, sérstaklega hátt undir höfði rétt eins og þar væri á ferðinni eitt af helstu sérkennum þjóðarinnar. Upp á síðkastið hefur jafnvel ekki verið örgrannt um að málverndarstefnan þyki forneskjuleg. Auk þess hefur komið fram sú sérstæða skoðun að málverndarstefna Íslendinga sé í ætt við kynþáttafordóma. Slíkar öfgar, sem varpa einkum ljósi á þá blessun sem málfrelsið er í lýðræðisríkjum, eru reyndar ekki líklegar til að grafa undan djúpstæðri áráttu Íslendinga að leggja rækt við tungumál sitt.

Íslenska er þó nokkuð forneskjuleg þjóðtunga og erfitt samskiptaform. Má marka það af því að í daglegu máli jafnvel valinkunnustu manna úir og grúir af ambögum og málvillum. Dagblöðin, sem reka flest mjög viðamikla málverndarstefnu, eru frjósamur akur orðaleppa, þar sem málfarssérfræðingar uppskera ríkulega og kynna fjálglega málfarslega meinbugi þjóðarinnar í útvarps- og dagblaðapáttum um íslenskt mál. Alþingi Íslendinga, sjálf málstofa þjóðarinnar, þangað sem menn brjóta sér leið í krafti talaðs og ritaðs máls eftir endalaus málþing og fundi, er eins og skriftastóll kaþólskra, þar sem menn leiðrétta á próförk þær syndir sem þeir hafa drýgt í pontunni. Þó eru menn á þeim stað svo vandir að virðingu sinni að þeir fipast, ef þeir eru staðnir að því að vitna ranglega í Íslendingasögurnar. Þegar við þetta bætist sú krafa að allir hlutir gangi æ hraðar fyrir sig og svigrúm til umhugsunar rýrnar með hverju ári, er ljóst að málmenningarstefna Íslendinga er meiri háttar ögrun, ekki aðeins við samtímann, heldur einnig við umhverfið, heimsþorpið og allt það veraldarfargan, sem kallar hástöfum á meiri stöðlun og samræmingu í öllum hlutum smáum sem stórum.

Margt bendir til þess að Íslendingar geri sér ekki vel grein fyrir því hve árangursrík og sérstæð málmenningarstefna þeirra er í alþjóðlegum samanburði. Velgengni íslenskrar málverndar á sér ýmsar skýringar og verður tæpt hér á nokkrum. Velgengni nýyrða á Íslandi byggist að talsverðu leyti á því hve þau eru gagnsæ og auðskilin. Eru sum

nýyrði þannig, að tiltölulega flókin hugtök í vísindum verða auðskilin almenningi í íslenskri útgáfu vegna gagnsæis málsins. Beygingarfræði og fjölbreytilegir samsetningarkostir íslenskunnar henta vel nýyrðasmíð, og á íslenskan þetta sameiginlegt með þýsku, þar sem hreintungustefna á sér sterk ítök. Velgengni nýyrða á einnig mikið að þakka því að nýyrðasmíðir eru flestir allvel að sér í erlendum tungumálum. Kemur það því til góða hve algengt það er að Íslendingar stundi nám árum saman við erlendar vísindastofnanir og séu vel talandi á erlendum tungumálum. Málverndarstefna Íslendinga virðist hafa eflst við aukin samskipti við útlönd og aukna tungumálakunnáttu þjóðarinnar. Á þessi stefna því samleið með þeim sem vilja efla kennslu í erlendum tungumálum.

Á landinu hefur orðið til bæði opinber og óopinber málmenningarstefna. Hin opinbera stefna kemur fram í stefnumörkun stjórnvalda, starfi menntastofnana, Orðabókar Háskólans, Íslenskrar málnefndar og á fleiri sviðum. Hin óopinbera málmenningarstefna kemur fram í gróskumikilli fræðimennsku um íslenskt mál, ýmiss konar útgáustarfsemi er varðar málið, áhuga fjölmíðla á málvernd og málrækt og síðast en ekki síst á próttmikilli bókmenntastarfsemi.

Nýyrðasmíð má bæði rekja til einstaklinga og formlegra samstarfsnefnda. Nöfn eins og blak, svig og brun eru öllum töm. Mörg slíkra nýyrða eiga rætur að rekja til einstaklingsframtaks. Eftir því sem vísindum og tækni hefur fleygt fram, hefur vaxið þörf fyrir skipulegt starf að nýyrðasmíð. Milli 40 og 50 orðanefndir starfa á Íslandi, þótt mjög séu þær misvirkar. Verkfræðingafélag Íslands hefur sett á laggirnar nokkrar orðanefndir. Orðanefnd byggingarverkfræðinga er mjög virk og fagleg og heldur um 30 fundi á ári. Hefur nefndin staðið að viðamikilli nýyrðasmíð. Mörg orð, sem þannig hafa komið fram, hafa fest rætur í tungunni. Talsverður kostur er til af íðorðabókum og má geta þess að innan skamms kemur út íðorðabók í umhverfistækni.

Það er sennilega mjög rangt að líta á einstaklinga, sem stunda nýyrðasmíð og orðanefndir fagfélaga, sem einhvers konar sjálfskipaða varðhunda tungumálsins, sem starfi fyrst og fremst að því að bjarga íslensku máli frá glötun. Þær orðanefndir, sem virkastar eru, endurspeglar allt annað viðhorf í raun. Virðist fullt eins mega líkja þessari starfsemi við íþrótt, ástríðu og list, þar sem menn fá útrás fyrir sköpunargleði.

Málverndarstefna Íslendinga hefur vakið talsverða athygli í Evrópu og ekki síst á Norðurlöndum. Um hana hefur ítrekað verið fjallað í erlendum fjölmíðlum og vísað til fordæmis Íslendinga í þessum efnun. Þess verður æ meira vart að áhyggjur vegna örlaga tungumála endurspeglar einnig í auknum áhuga á málvernd og á sérstöðu þeirra sem

af kappi hafa stundað slíka stefnu. Reisn og sjálfstraust eru menningarlegir þættir sem alltaf hafa verkað sterkt á ferðamenn.

Þótt talsverðir annmarkar séu á því að kynna málmenningarstefnu Íslendinga fyrir ferðamönnum, er lagt til að það verði athugað að kynna formlega viðleitni Íslendinga til nýyrðasmíðar, þar sem kæmi fram skipting nýyrðasmíðinnar eftir fagsviðum, t.d. íþróttir, verkfræði, læknisfræði, o.s.frv. Hluti af slíkri kynningu væri úrval vel heppnaðra nýyrða, þar sem skýrðar væru út forsendur gagnsæi og skýrleika. Margir erlendir gestir, svo sem Norðurlandabúar, Þjóðverjar og enskumælandi fólk búa við nægilegan tungumálaskyldleika við íslensku til að geta haft af slíkri kynningu ánægju og fróðleik. Kynning af þessu tagi getur orðið eitt af mörgu sem styrkir stöðu Íslands, sem ráðstefnustaður fyrir faghópa, sérfræðinga og vísindamenn.

Vakin er athygli á þeim hlut sem bundið mál hefur átt og á enn í daglegu lífi Íslendinga. Þessi áhugi spannar allt þjóðfélagið, frá nemendum í framhaldsskólum til kunnra rithöfunda. Ef Disneyrímur hafa ekki fundið sér leið inn í heimsmetabók Guinness, er það sök ritnefndar en ekki skáldsins. Það er nánast daglegur viðburður að dagblöð birti kviðlinga, sem fjalla um nánast allt milli himins og jarðar, en þjóna þó mjög oft svipuðu hlutverki og skopmyndir gera með öðrum þjóðum. Auglýsingafyrirtæki og viðskiptaheimurinn í heild hefur ekki staðist áhrif bundins máls, enda eru mörg dæmi um það að verkfæri ljóðsins séu notuð af kappsemi í þessum geira atvinnulífsins, þótt hann sé almennt ólíklegur til að grípa hendi til þess sem er gamaldags og úrelt.

Sennilega er það einsdæmi í heiminum að hægt sé að bjóða fólki að sækja hagyrðingakvöld þar sem skemmtiefni er bundið mál, eftir aldagömlum bragarháttum, en slíkar samkomur sækja Íslendingar af ákafa. Ekki er að efa að Alþingi Íslendinga er eina þingið í veröldinni þar sem einn þingfundur, að vísu óformlegur, er haldinn með þeim hætti að ekki má taka til máls nema í bundnu máli og skortir þó ekki málshefjendur.

Þegar þetta léttmeti er skoðað í ljósi þess að skáld þjóðarinnar varðveittu sameiginlegan menningararf germanskra þjóða, endurreistu þjóðtunguna og áttu mikinn hlut í endurreisn sjálfstæðs lýðveldis er ljóst að hér er á ferðinni menningarleg sérstaða sem ástæðulaust er að vanmeta og efni til að kynna með formlegum hætti. Því hefur verið haldið fram að Íslendingar séu eina þjóðin í heiminum, sem hafi varðveitt í lifandi mynd það sem kallast á alþjóðamáli „alliteration“, og Guðbrandur Þorláksson nefndi hljóðstafgrein. Einar Benediktsson mun hafa lýst þessum næmleika með hugtakinu brageyra.

Hér er um að ræða einn sterkasta og elsta þáttinn í menningarsögu Íslendinga, sem varpar skímu á hlutverk bundins máls í fornum en jafnframt flóknum og þróuðum samfélögum munnlegrar geymdar. Að einhverju leyti hefur þjóðin skynjað þetta með því að halda við húsum skálda og tengja þau minningu þeirra og hýsa þar vísinda- og bókmenntastarf. Er lagt til að skoðaður verði sá kostur að draga saman upplýsingar um hlut skálda og bundins máls í íslenskrri menningarsögu og kynna Ísland sem landið þar sem ljóðið er lifandi þáttur og virkt afl bæði í hversdagsleikanum og á hátíðum.

Áhuga á íslensku máli verður vart víða erlendis, og fer fram kennsla í íslensku við allmarga háskóla í Evrópu og í Norður-Ameríku. Allar eru þessar deildir fámennar og sumar afar illa búnar, svo sem skandínávíska deildin í Moskvuháskóla, en þar stundar líttill hópur nemenda nám í íslensku. Í raun ber að líta á þann áhuga, sem víða kemur fram á íslensku og íslenskunámi, sem merkilega vísbendingu um sérstöðu íslenskrar tungu og menningar. Þótt hér sé væntanlega ekki um marga nemendur að ræða sem stunda formlegt nám, er rétt að líta á hvern þeirra sem hugsanlegt ígildi menningarlegs sendiherra. Rétt er að geta þess að með netvæðingu og fjarkennslu er hægt að gefa áhugasömum aðilum í fjarlægum löndum tækifæri til að læra íslensku með sveigjanlegri hætti en í formlegu námi innan háskólastofnana. Stuðning við íslenskukennslu við erlenda háskóla má flokka undir stuðning við íslenska menningu, og kynningu á henni.



## 4.7 ÞJÓÐLEG ÁRÁTTA

**E**inn af mikilvægum þáttum í menningarlegu yfirbragði þjóðarinnar er erfitt að skilgreina út frá legu landsins, tengja við duttlungafulla náttúru landsins, eða rekja beinlínis til tungunnar og málsvæðisins. Þessi sérstaða nýtur ekki alþjóðlegrar viðurkenningar og er alls ekki metin af þjóðinni sjálfri sem sérstaða, heldur er miklu frekar litið á hana sem sjálfsagt mál.

Þessi sérstaða er fólgin í almennum menningaráhuga, þátttöku og virkni í menningarstarfi. Hvort sem litið er til höfuðborgarinnar eða smæstu staða landsbyggðarinnar, blasir þessi menningaráhugi við, þótt hann vekji enga sérstaka athygli. Hann vekur raunar jafnlitla athygli þjóðarinnar og heitt vatn, sem hér á landi flokkast undir nauðþurftir. Færa má fyrir því sterk rök að menning og menningarstarfsemi hafi frá upphafi Íslandsbyggðar komist nærri því að vera flokkuð undir nauðþurftir. Hefur talsverðu rými í þessari skýrslu verið varið í að færa fyrir því gild rök að algengasta tómstundaíðja á Íslandi hafi frá upphafi verið einhvers konar menningarstarfsemi, skáldskapur, annálaritun, sagnfræði og þjóðsagnasöfnun, varðveisla fornra minna og ættfræðigrúsk.

Áhugi samtímans á menningu kemur fram í blómlegu menningarlífi á flestum sviðum. Einstaklingar í sveitum landsins og í einangruðum byggðum leggja mikið á sig til að stunda menningarstarf, varðveita menningarminjar og halda þeim til haga. Í smæstu samfélögum á landsbyggðinni starfa leikfélög og söngflokkar og þar eru reknir tónlistarskólar og myndlistarnámskeið.

Má geta þess að í Japan hafa birst ítarlegar greinar um tónlistarlíf á Ísafirði. Þá er það nokkuð athyglisvert að strengjasveitin I Salonisti hefur haldið þar tvenna tónleika. Athyglisverðast er þó að þessi áhugi erlendra listamanna á Ísafirði þyki ekki tiltökumál. Er svo að skilja að mörgum Íslendingum þyki það sjálfsagt mál, að þekktir erlendir listamenn leggi lykkju á leið sína til að halda tónleika í 3000 manna einangruðum smábæ norður við Íshaf. Varpar það nokkru ljósi á sjálfstraust þjóðarinnar. Jafnframt má búast við að framangreint dæmi um ímynd Ísafjarðar sýni fram á að verulega sé vanmetin sú menningarlega sérstaða sem þessi staður og þjóðin í heild býr við.

Þegar tekið er tillit til þjóðmálaumræðu og blaðagreina, vekur það athygli hve almennt er kvartað yfir slægri framgöngu stjórnvalda í menningarmálum. Þó munu lítil sem engin dæmi um það að svo litið samfélag skattgreiðenda standi undir eins miklu menningarstarfi og

íslensk stjórnvöld sinna. Nægir í því sambandi að líta til samfélaga eins og hertogadæmisins Lúxemborgar, þar sem mannfjöldi er álíka rýr og hér á landi, eða Möltu, þar sem búa nokkru fleiri en hér. Er hætt við að Íslendingum þætti horfa til landauðnar, ef menningarviðleitni opinberra aðila í þessum litlu samfélögum væri talin til eftirbreytni hér á landi. Á hinn bóginn varpa væntingar Íslendinga til stjórnvalda í menningarmálum ljósi á áhuga og metnað, sem vænta má að hægt sé að virkja.

Þennan almenna áhuga á mennta- og menningarmálum ber tvímælalaust að flokka með megin Einkennum þjóðarinnar. Að því leyti er rétt að leita leiða til að efla þessa starfsemi og kynna hana sem þjóðareinkenni.

Þessi almenni áhugi á menningarmálum er nátengdur nýjungagirni og hefur öðlast nýjar víddir með tilkomu tækniýjunga. Sá ákafi, sem einkennir hefur þátttöku Íslendinga í upplýsingabyltingunni svokölluðu og nýjungum á sviði hátækni, hugbúnaðar og samskiptatækni, er ljóslega hluti af menningarlegri ímynd nútíma Íslendinga. Þessi nýjungagirni og tækniáhugi hefur gengið í eina sæng með ættfræðiaráttu Íslendinga, sem haft hefur yfir sér einna mestan forneskjublæ af íslenskri fræðastarfsemi, en er nú er orðin hátækniædd, auk þess sem hún er orðin grundvöllur erfðafræðivísinda.

Það getur haft mikla þýðingu fyrir menningartengda ferðapjónustu, ef tækist að virkja tækni- og hugbúnaðaráhuga þjóðarinnar til að kynna íslenska nútímameningu og menningararf. Íslendingar nútímans, ekki síst yngstu kynslóðirnar, eiga það sameiginlegt með forfedrum sínum að vera heilladír af skráningartækni og upplýsingamiðlun. Það virðist því liggja vel við að nýta þá byltingu í upplýsingatækni, sem einkennir nútímann, til að miðla upplýsingum um þá upplýsingabyltingu og gerjun sem hér átti sér stað fyrir á öldum.

Sérstaklega er brýnt að skapa samlegðaráhrif með því að finna leiðir til að virkja mismunandi þekkingar- og miðlungsárið í þágu rannsókna og kynningar á menningu þjóðarinnar. Með hliðsjón af því sem fram hefur komið í fyrri köflum þessarar skýrslu um þörf á meiri rannsóknum og kynningu á menningararfi þjóðarinnar, er tekið eindregið undir þær hugmyndir Andra Snæs Magnasonar um 10 ára áætlun um sagnfræðiumfjöllun undir vinnuheitinu 'Öld ársins', sem kynntar eru í viðhengi við þessa skýrslu. Hugmyndirnar ganga út á það að umfjöllun fræðimanna, fjölmiðla og listamanna verði helguð einni öld Íslandssögunnar í heilt ár, og afraksturinn verði vistaður á sérstökum vef.

## 4.8 ÍMYND OG MARKAÐSSETNING ÍSLANDS SEM NÚTÍMAMENNINGARSAMFÉLAGS

Í þessari skýrslu er lögð áhersla á hve mikilvægt það er að koma skýrum skilaboðum til markaða og freista þess að finna menningartengdri ferðþjónustu sterk tákni. Ljóst er að það væri kostur frá viðskipta-sjónarmiði, ef hægt væri að sameinast um einhvers konar skilgreiningu á íslenskri nútímamenningu, sem gæti byggt sér einfalda ímynd eða vörumerki. Á þessu eru hins vegar miklir annmarkar.

Samtímamenning Íslendinga nærast af margvíslegum jarðvegi og leitar til ólíkra átta. Má segja að ef eitthvað eitt einkennir þjóðina er það helst talsverð menningarleg fjölbreytni, ef ekki óreiða, sem virkar hvetjandi og er frjósöm. Andstæður koma annars vegar fram í taumlítilli nýjungagirni og hins vegar í sterkri íhaldssemi. Þessa sérkennilegu blöndu er hins vegar ekki hægt að flokka undir menningarlegan veikleika. Þvert á móti er hér vafalítið

skýringin á því hve gerjun er mikil í þjóðfélaginu og hve hlutfallsleg þátttaka í menningarstarfsemi og í félagsmálum er mikil. Það er miklum annmörkum háð að finna slíku þjóðfélagi menningarlegan samnefnara eða tákni, og slík viðleitni er ekki með öllu áhættulaus.

Hætt er við að allar tilraunir til að fella íslenska nútíma-menningu inn í táknrænt myndmál eða finna henni „vörumerki“ myndi rýra verulega inntak þess raunveruleika sem reynt væri að höndla. Er að þessu leyti ráðlegt fyrir þá sem vilja vinna að framgangi menningartengdrar ferðþjónustu að stilla í hof öllum tilraunum til að ráðskast með eða stýra og staðla menninguna eða hafa einhvers konar taumhald á henni. Hins vegar er gagnlegt að virkja rithöfunda, skáld og fræðimenn til að hugleiða helstu einkenni íslenskrar menningu og stöðu hennar í nútímanum.

## 4.9 NIÐURSTÖÐUR

Margir þættir marka íslenskri nútíma-menningu sérstöðu, sem ferðþjónustan getur kynnt og byggt á sérstaka markaðssetningu. Ekki er hins vegar auðvelt að meta það hvort hægt er að koma boðum um þessa sérstöðu með skilvirkum og einföldum hætti til helstu markaðssvæða Íslendinga.

Ljóst er að innanlands er vaxandi markaður fyrir menningarviðburði. Athafnasemi almennings á sviði menningarmála, framlög sveitarfélaga til menningarmála svo og viðhorfskannanir benda eindregið til þess að þessi markaður sé sterkur. Rétt er að benda á að heimamarkaðurinn er mikilvægur og stendur undir um 34% gistinátta, þótt sú hlutdeild sé mjög mismunandi eftir landshlutum. Þjónusta á ýmsum sviðum menningarmála, sem miðast við þarfir innlendra ferðamanna, getur einnig haft þýðingu fyrir þróun afþreyingar fyrir erlenda ferðamenn.

Vetrarfrí, sem nú hefur verið samið um milli sveitarfélaga og grunnskólakennara, geta styrkt verulega menningartengda ferðþjónustu utan háannar, en mikill misbrestur er á nýtingu gistiðstöðu utan háannar einkum á landsbyggðinni. Lagt er til að það verði sérstakt þróunarverkefni Ferðamálaráðs Íslands og Samtaka ferðþjónustunnar í samvinnu við Samtök íslenskra sveitarfélaga að móta framboð menningarferðþjónustu, sem lagar sig að þeim

ferðamarkaði, sem væntanlega verður til utan háannar með tilkomu vetrarfría.

Að því er erlenda markað varðar ber að leggja áherslu á kynningu á þeim menningarlegu, efnahagslegu og stjórnmálalegu sérkennum þjóðarinnar sem rekja má til tungumálsins, almenns menningaráhuga þjóðarinnar, legu landsins milli tveggja menningarheima og glímu þjóðarinnar við náttúruöflin og nýtingu þessara afla þjóðinni til framdráttar. Lagt er til að leitað verði til rithöfunda og skálda til að skilgreina menningarlega sérstöðu þjóðarinnar og meta hlut þjóðtungunnar í þessari sérstöðu og stöðu hennar í heimspörpinu. Lagt er til að málmenningarstefna Íslendinga verði kynnt með formlegum hætti. Ennfremur er lagt til að leitað verði samstarfs við helstu atvinnugreinar þjóðarinnar, útgerð og fiskvinnslu annars vegar og orku-fyrirtæki hins vegar, um heildarkynningu á því hvernig þjóðin hefur búið sér góð kjör með því að nýta erfiðar náttúruvafarsaðstæður sér til framdráttar. Það verði gert m.a. með enn greiðari aðgangi að orku- og matvælafyrirtækjum og með kynningu á gæðaeftirliti og þeirri viðleitni að nýting þessara auðlinda sé sjálfbær. Að lokum er bent á sérstök tengsl ferðþjónustunnar sem atvinnugreinar við björgunarsveitir sjálfbodaliða og þær öryggisforsendur, sem hvíla á starfi þeirra. Er lagt til að þessi starfsemi verði kynnt sérstaklega sem mikilvægur grundvöllur ferða um óbyggðir og athyglisverður þáttur í nútímamenningu Íslendinga.

## 5. Sérsvið

---

Í þeim kafla sem hér fer á eftir verður fjallað um nokkur afmörkuð svið menningar. Er reynt að meta áhrif þessara þátta á ferðapjónustuna í heild og þróunarmöguleika, bæði að því er varðar innlendan og erlendan ferðamarkað. Það sem hér gengur undir

vinnuheitinu sérsvið, eru annars vegar hin hefðbundnu listasvið, tónlist, myndlist, leiklist og kvikmyndir, en hins vegar afmarkaðir þættir þjóðlífsins sem flokka má undir menningarstarfsemi, og eiga það sameiginlegt hafa augljóslega mikla þýðingu fyrir ferðapjónustuna.

### 5.1 MENNING OG LISTIR

Listviðburðir og sýningar hafa verulega þýðingu fyrir ferðapjónustuna. Innlendur markaður byggir tvímælalaust mun meira á listalífi en mælist í þeirri könnun, sem fram hefur farið á innanlandsmarkaði. Ræður þar mestu að þótt listviðburðir séu ekki beint tilefni ferðalaga, eru þeir hluti af heild. Fjölbreytilegt framboð listviðburða á höfuðborgarsvæðinu er mikilvægur hluti af aðdráttaraflí svæðisins fyrir innlenda ferðamenn. Leiksýningar og listviðburðir eru kunnur þáttur í aðdráttaraflí Akureyrar ekki síst utan háannar, en kannanir sýna að bærinn hefur mest aðdráttarafl einstakra staða í augum innlendra ferðamanna. Mjög kröftugt listalíf á Ísafirði á verulegan þátt í því að skapa þeim stað menningarbrag og móta þá jákvæðu ímynd sem bærinn nýtur. Seyðisfjörður, Siglufjörður og mörg önnur bæjarfélög eru að marka sér sérstöðu á þessu sviði.

Opinber stuðningur við listir og listviðburði hefur því almennt verulega mikið gildi fyrir ferðapjónustuna. Verður að skoða þetta gildi með hliðsjón af því að flestar kannanir og fræðileg gögn spá því að uppgangur verði í skapandi listum, auknum tíma og fjármunum verði varið til listsköpunar og neyslu og hlutur listsköpunar í atvinnulífinu eigi eftir að aukast. Markaður verður því að öllum líkindum sterkari fyrir menningartengda ferðapjónustu og auðveldar það uppbyggingu menningarviðburða sem hluta af því sem ferðapjónustan fæst við. Sérstakt tillit verður þó að taka til

aðstæðna á landsbyggðinni, þar sem markaðsaðstæður fyrir listviðburði eru erfiðari.

#### 5.1.1 MYNDLIST

Á sviði myndlistar á þjóðin mikið safn verka, enda hefur þessi listgrein átt sér sérstaklega frjóan þróunarferil á 20. öldinni. Kynning á íslenskri myndlist fer fram í fjölmörgum sýningarsölum víða um land, bæði í opinberri eigu og einkaeign. Sveitarfélög hafa lagt í miklar fjárfestingar vegna listasafna og hafa varið talsverðu fé til kaupa á listaverkum. Styrkleiki íslenskrar myndlistar og almennur áhugi á henni hefur þýðingu fyrir ferðapjónustuna. Markaðssetning einstakra svæða í tengslum við myndlist kann hins vegar að vera torsótt. Helst kemur til greina í því tilliti að skoða þann kost að Listasafn Íslands komi upp staðbundnum myndlistarsýningum og skjóti þannig stoðum undir menningaráfangastaði. Er með hugmyndinni gengið út frá því að það auðgi reynslu ferðamannsins að fá að skoða sama hlutinn frá tveimur ólíkum sjónarhornum, í þessu tilviki íslenska náttúru og landslag annars vegar og hins vegar með augum listamannsins. Dæmi um sýningar gætu verið sem hér segir: 1) Kirkjubæjarklaustur: Myndir Sigurðar Sigurðssonar af söndunum; 2) Höfn í Hornafirði: Vatnslitamyndir Ásgríms Jónssonar frá Hornafirði; 3) Egilsstaðir: Myndir Kjarvals af Dyrfjöllum; 4) Ísafjörður og Siglufjörður: Myndir Gunnlaugs Schevings og annarra lista-

manna af íslenskum sjómönnum og verkafólki í fiskvinnslu; 5) Reykholt: Myndir Ásgríms Jónssonar frá Húsafelli. Með staðbundnum sýningum af þessu tagi mætti stuðla að því að til verði myndlistaráfangastaðir sem varpa ljósi á náðið samband íslenskra myndlistarmanna við náttúruna eða atvinnu- menningu og geta veitt innsýn í margvísleg tæknileg úrlausn- arefni landslagsmálarans.

### 5.1.2 GRAFÍSK HÖNNUN

Mörk listgreina hafa vikkast út. Grafísk hönnun, sem nú nýtur vaxandi athygli og hefur öðlast mikilvægan sess í atvinnulífinu, býður upp á athyglisverða möguleika í menningartengdri ferðaþjónustu. Fagfólk, sem býr yfir sköpunargáfu og færni á sviði myndlistar, en þekkir þess utan möguleika tölvugrafíkur og tengist þeim hugsun- arhætti sem þróast innan auglýsingaþjónustu og kynningar- starfs, hefur bakgrunn, sem nýta ber með skipulegum hætti til að kynna það í menningu þjóðarinnar, sem að öðru leyti getur reynst örðugt að gera sýnilegt og aðgengilegt. Er hér ekki aðeins um að ræða þær almennu upplýsingar um miðaldasamfélag, sem um getur í 1. kafla, svo og endurbýgg- ingu á húsakosti þjóðveldistímans í þrívíðu sýningarformi eða sýndarveruleika. Hér er ekki síður um að ræða nýja fleti á listsköpun, sem eiga rætur að rekja til tæknilegra fram- fara. Á þessu sviði á þjóðin afkastamikla listamenn, sem tengja saman mörg lista- og þekkingarsvið. Þá má einnig geta þess að ákveðnir myndlistarmen hafa átt frumkvæði að því að hugsa um og móta hugmyndir um sérstök tengsl myndlistar, landkynningar og ferðaþjónustu. Hefur Þor- valdur Þorsteinsson fjöllistamaður m.a. bryddað upp á nýmælum á þessu sviði.

Nútímalist krefst að nokkru leyti ólíkra viðbragða þeirra sem vilja njóta listviðburða. Þessi þróun kemur til með að hafa talsverð áhrif á safnastarfsemi. Þótt kynslóðabil sé hug- tak, sem notað hefur verið ótæpilega á liðinni öld, er ljóst að allmikið kynslóðabil er að koma í ljós á sviði listsýninga. Sýningar, sem nýta listsköpunarmöguleika tækni- og upplýsingasamfélagsins, eru oftast en ekki hannaðar fyrir sýningargesti, sem taka þátt í sýningunum og verða að bera sig eftir björginni. Sýnilegur munur kemur fram á slíkum sýningum milli eldri sýningargesta, sem koma til að horfa á sýninguna og þeirra yngri, sem nota hana.

Til greina kemur að í samstarfi Listaháskóla Íslands, Mynd- listarskólans á Akureyri og einkafyrirtækja verði bryddað upp á tilraunaverkefnum í grafískri hönnun, sem hafi það að markmiði að gera menningararf þjóðarinnar sýnilegan í þrívíðu formi og í sýndarveruleika. Verði sérstaklega hugað að því að gera sýnilegar upplýsingar um byggingar á miðöldum svo og ýmsar athafnir daglegs lífs á miðöldum, sem fornar heimildir varpa ljósi á.

### 5.1.3 TÓNLIST

Tónlistarstarf hefur eflst stórlega á 20. öldinni og er tónlistarlíf orðið fyrirferðarmikið í þjóðlífinu. Annars vegar hefur orðið hér veruleg þróun í tónsmíð. Þjóðin hefur eign- ast á tiltölulega stuttum tíma afkastamikinn flokk tónskálda og íslenska tónlist sem spannar breitt svið. Tónlist átti ekki síst mikinn þátt í að móta yfirbragð þjóðarinnar á fyrri hluta 20. aldar þegar athyglin beindist að sjálfstæðisbaráttu hennar. Þannig varð tónlistin samofin helstu áföngum í þessari baráttu eins og víðar í Evrópu. Einnig leituðu tónskáld til þjóðlagahefðar til að móta framsækna tónlist. Íslensk sönglög mynda umfangsmikið safn sem nýtur mik- illa vinsælda. Hefur þessi tónlistargrein haldið velli og bætist stöðugt í safnið.

Á hinn bóginn hefur tónlistarkennsla vaxið mjög að umfangi og gæðum. Hefur þessi þróun ekki síst verið hröð á síðustu áratugum. Mikill fjöldi vel menntaðs tónlistarfólks starfar nú á landinu og setur mikinn svip á tónlistarlífið í heild. Augljóslega skapar það vanda fyrir þennan vaxandi fjölda tónlistarfólks hve íslenskur markaður er lítill, enda sækir það gjarnan til útlanda.

Íslendingum hefur vegnað mjög vel á alþjóðlegum vettvangi, þar sem þeir hafa skapað þjóðinni gott orðspor. Þessir lista- menn hafa myndað þar mikilvæg sambönd og átt mikla hlutdeild í að varpa á íslenskt menningarlíf alþjóðlegu yfir- bragði.

Jafnframt hefur flust til landsins talsvert af mjög vel menntuðum útlendingum frá ýmsum Evrópulöndum. Þess- ir erlendu listamenn hafa lagt sitt af mörkum til að efla íslenskt tónlistarlíf og bætt við þá alþjóðlegu vídd, sem setur svo sterkan svip á íslenskt tónlistar- og menningarlíf.

Alþýðutónlist hefur hlotið mikinn styrk af uppgangi tónlist- arkennslu. Hefur þróun hennar orðið hröð og áhrif á þjóðlífið vaxið. Alþýðutónlist hefur á áberandi hátt átt þátt í að efla sjálfsvitund þjóðarinnar og metnað. Ekki fer milli mála að þessi tegund tónlistar átti mikilvægan þátt í því að draga úr erlendum máláhrifum, sem sóttu að íslenskunni í skjóli yfirburðastöðu erlendrar dægurlagatónlistar á sjötta og sjöunda áratugnum. Gróskumikil dægurlagatónlist með íslenskum textum sem höfðuðu sterkt til ungs fólks sótti í sig veðrið í lok sjötta áratugarins og tvo næstu áratugi. Þessi þróun var með öllu óopinber, átti rætur að rekja til vel menntaðs fólks með ríka sköpunargáfu og virtist afar afslöppuð og eðlileg. Má segja að velgengni alþýðutónlistar- innar endurspeglar í vinsældum kvikmyndarinnar „Með allt á hreinu“, sem hefur orðið sígild tónlistarmynd. Mikill fjöldi góðra tónlistarmanna hefur nú unnið íslenskri alþýðutónlist tryggan sess með þjóðinni.

Þess utan hefur alþýðutónlist hafið útrás með jafnvel enn kröftugri hætti en túlkendur sígildrar tónlistar. Björk Guðmundsdóttir hefur ekki síst rutt þessa braut og vakið ómælda athygli á íslenskri dægurtónlist og aukið íslenskum tónlistarmönnum sjálföryggi. Ísland er orðið áfangastaður poppara og áhangenda þeirra. Er ástæða til að undirstrika mikilvægi þessa fyrir ferðapjónustuna. Án efa má rekja til þessarar þróunar þá staðreynd að samkvæmt könnunum hefur meðalaldur erlendra ferðamanna á Íslandi lækkað og á það við sérstaklega um Breta og Bandaríkjamenn. Til þessa verður að líta þegar meta á möguleika menningarferðapjónustu.

Hinn alþjóðlegi svipur íslensks tónlistarlífs hefur mikið gildi fyrir menningarferðapjónustu, því hann varpar ljósi á ríkan þátt í þjóðarsálinni og afar frjóa mótsögn, sem kemur fram á flestum tímabilum í sögu hennar. Þjóðin, í landfræðilegri einangrun sinni, hefur jafnvel á erfiðustu árum sínum þrjúskast við að vera alþjóðlega sinnuð. Hún hefur aldrei gleymt evrópskum uppruna sínum, finnst enn heillandi að gera strandhögg í Evrópu og kanna lönd vestan hafs, er undir niðri býsna höfðingjadjörf og vill heyra konunga bera á sig lof. Líkt og þjóðskáldin forðum, hasla stórlátir hetjutenórar og hermannlegir bassar sér völl í óperusölum stórveldanna beggja vegna hafsins og vilja að á þá sé hlustað. Og á þá er hlustað. Hér er sem sagt á ferðinni háttalag, sem telja má hefðbundið. Að baki íslenskum listamönnum og listtúlkendum, sem reyna fyrir sér erlendis, standa kynslóðir borubrattra Íslendinga sem hafa haft metnað til að láta til sín taka á alþjóðlegum vettvangi.

Jafnframt er þessi útrás íslenskra listamanna öðrum þræði mörkuð einstaklingshyggju, ef ekki duttlungum og sérvisku. Björk Guðmundsdóttir á sér sinn eiginna stað í stórverslunum tónlistarinnar. Þar flokkast hún illa, aðallega með þeim sem kallast „óháðir“ listamenn, ef þún hefur þá ekki sérhillu. Björk er sjálfstætt menningarfyribæri, eitt af sterkustu táknum Íslands í dag og örugglega langþekktust erlendis allra núlifandi íslenskra tónlistarmanna. Tónlist hennar og persóna, með öllu því sem þar er að finna af lítt beislaðri orku, eldgosum og flóðum, en einnig finleika og viðkvæmni, verka sterkt á áheyrendur og mótsagnakennt. Björk vekur þeim bæði hroll og hrifningu eins og íslensk náttúra. Í íslenskri tónlist standa þau hvort á sínum endanum, Björk Guðmundsdóttir og Jón Leifs, og eiga fleira sameiginlegt en ræturnar. Er vonandi að tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands með hljómsveitunum Botnleðju og Quarashi, sem áætlaðir eru á hausti komanda, verði til að styrkja heildarsvip íslenskrar tónlistar og listtúlkunar.

Sá kraftur sem er í íslensku tónlistarlífi hefur mikið gildi fyrir ferðapjónustuna í heild. Tónlistin setur mikið mark á nútímameningu þjóðarinnar. Hún á ríkan þátt í að styrkja ímynd Íslands sem alþjóðlegs menningarsamfélags,

en heldur einnig uppi sterkum einkennum menningarlegrar sérstöðu. Gildir það um hvort tveggja, sígilda tónlist og alþýðutónlist.

Tónlistin hefur sterkt markaðsgildi fyrir innlendan ferðamarkað, og vaxandi gildi fyrir erlendan ferðamarkað. Erfitt kann að reynast að fá staðfestingu á því, að menningarviðburðir eins og listahátíðir og jafnvel hin mikla dagskrá, sem skipulögð var vegna Reykjavíkur menningarborgar Evrópu, ýti beinlínis undir ferðalög til landsins. Hins vegar er það hafið yfir allan vafa að tónlist og listalíf almennt hafi mjög mikið og vaxandi gildi sem áberandi og kröftugur þáttur í ímynd þjóðarinnar sem menningarþjóðar.

Lagt er til að komið verði upp, í því skyni að styrkja menningarferðapjónustu, sérstökum sjóði til styrktar listviðburðum, m.a. tengdum sögustöðum og menningarsetrum á landsbyggðinni. Er um það sérstaklega fjallað í fjármögnunarkafli skýrslunnar.

#### 5.1.4 LEIKLIST OG KVIKMYNDAGERÐ

Leiksýningar njóta mikilla vinsælda á Íslandi. Atvinnu-mennska í leiklist á sér um hálfra aldar sögu, enda markar opnun Þjóðleikhússins árið 1950 þáttaskil. Fram til þess tíma hafði leiklistin verið borin uppi af öflugum áhuga- og sjálfböðastarfi. Tilkoma Þjóðleikhússins gerði það að verkum að listgreinininni fleygði fram. Leikfélag Reykjavíkur var sá grunnur, sem byggt var á við stofnun Þjóðleikhússins, en þar tókst einnig að tryggja áframhaldandi metnaðarfullt starf á atvinnugrundvelli. Síðan bættist Leikfélag Akureyrar í hóp atvinnuleikhusanna með sameiginlegu átaki ríkis og Akureyrarbæjar, en LA hefur með starfi sínu verið mjög mikilvægur menningarauki á landsvísi. Á síðustu áratugum hefur starfsemi sjálfstæðu leikhúsanna vaxið hratt, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu allt til Hafnarfjarðar. Þau munu nú vera 48 talsins. Af sviðslistum ber að nefna Íslensku óperuna og Íslenska dansflokkinn, að ógleymdum rúmlega 70 áhugaleikfélögum um land allt. Hátt í 400 þúsund gestir sáu leiksýningar á leikárinu 1998-1999 og eru þá nemendasýningar undanskildar. Leiklist er mjög virkur þáttur í ferðapjónustu innanlands. Vinsælar leiksýningar á höfuðborgarsvæðinu laða að sér hópa landsbyggðargesta í svokallaðar „leikhúsferðir“, sem gefa þá höfuðborgarheimsókninni menningarlegan tilgang. Aukin starfsemi Leikfélags Akureyrar á liðnum áratugum hefur einnig ýtt verulega undir ferðapjónustu og það oftast á lágönn, þegar nýting gistirýmis og þjónustu er minnst. Þá hefur t.a.m. Óperusmiðjan á Egilsstöðum vaxandi aðdráttaraf fyrir ferðamenn. Kraftmikið leiklistarstarf er því ein af undirstöðum menningartengdrar ferðamennsku innanlands. Það er ekki síst með hagsmunum ferðapjónustunnar í huga sem leggja ber áherslu á mikilvægi ákvörðunar ríkisstjórnar Íslands um menningarhús.

Mikill vöxtur hefur verið í íslenskrri kvikmyndagerð undanfarnum áratug. Ísland er orðið nafn í kvikmyndaheiminum. Kvikmyndir og kvikmyndaleikstjórar, leikarar og handritahöfundar eru orðnir hluti af ímynd Íslands, og ferðapjónustan nýtur þess. Þetta hefur gerst án þess að kvikmyndir hafi verið hluti af hinni faglegu markaðskynningu atvinnugreinarinnar og stjórnvalda. Þessi þróun hefur mikið gildi fyrir ferðapjónustuna og hlýtur jafnframt að koma mjög til álita í þessari skýrslu um menningartengda ferðapjónustu.

Sá árangur sem náðst hefur í kvikmyndagerð, hefur ekki aðeins orðið alþjóðlegur farvegur fyrir íslenskar bókmenntir, leiklist og tónlist. Ekki skiptir minna máli að nán tengsl þessarar listgreinar við íslenskar bókmenntir og listir skilar hratt til umheimsins dýpri mynd af íslenskrri nútímameningu en auðvelt er að gera með öðrum hætti. Þótt ekki standi efni til að skilgreina íslenska kvikmyndagerð í þessari skýrslu, allra síst sem eins konar 'skóla', er hér bent á að íslenskar kvikmyndir eru á stundum taldar marka sér sérstöðu m.a. vegna sérkennilegs sambands af mótsagna-kenndum straumum, einfaldleika og hlýju, hrás raunveruleika og hryssinglegs lífsstils.

Þótt erfitt sé að gera því skóna að fólk komi til Íslands til að sjá kvikmyndir, er það ekki kjarni málsins. Kvikmyndir og framlag Íslendinga á því sviði eru hluti af heildarmynd, sem vekur áhuga á þjóðinni og menningu hennar. Kvikmyndir og sjónvarpsefni eru einn máttugasti miðill nútímans. Kvikmyndir eru orðnar mikilvægur hluti af ímynd Íslands og ein af stærstu gáttum sem Ísland á til umheimsins. Það kemur nú fram í viðhorfskönnunum Ferðamálaráðs Íslands að ástæðan fyrir Íslandsferð ákveðins hóps ferðamanna er kynni þeirra af íslenskrri kvikmynd.

Ef samstaða næst um að þróa menningarferðir sem eina af aðalgreinum ferðapjónustunnar og leggja áherslu á menningu sem aðdráttarafl þjóðarinnar, er það grundvallaratriði að virkja þá miklu þekkingu sem íslenskir kvikmyndagerðarmenn búa yfir til að kynna íslenska menningu með framléiðslu kvikmynda- og sjónvarpsefnis. Bent hefur verið á að uppbygging margra íslenskra miðaldatexta og knappur stíll þeirra sé með þeim hætti að þeir falli vel að tjáningarformi kvikmynda og sjónvarps. Til greina kemur að vinna upp úr miðaldaheimildum sjónvarpsefni og þáttaraðir um þjóðfélagsþætti, landafundi, siglingar og viðskipti, lagasetningu, réttarfar og lýðræði.

Alþjóðlegar kvikmyndahátíðir eru haldnar um gjörvallan heim og má nefna margar borgir, sem eru sérstaklega kunn-

ar vegna kvikmyndahátíða, sem við þær eru kenndar. Ef slíkar hátíðir væru haldnar hér á landi, má búast við að þær hefðu veruleg áhrif til landkynningar. Þá gæti alþjóðleg kvikmyndahátíð aukið dreifingarmöguleika íslenskra kvikmynda, sem aftur myndi skila sér í aukinni kynningu á Íslandi og íslenskrri menningu. Vegna þeirrar stöðu og viðurkenningar, sem íslenskar kvikmyndir hafa öðlast, er því lagt til, að kannað verði sérstaklega, hvort mögulegt sé að efna til alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar á Íslandi, þar sem markhópur yrði ekki aðeins Íslendingar, heldur einnig erlendir áhrifamenn í kvikmyndaíðnaði, blaða- og fréttamenn, kvikmyndaframléiðendur og kaupendur og seljendur myndefnis.

### 5.1.5 LISTA- OG MENNINGARHÁTÍÐIR

Listahátíðir, sem settar hafa verið upp sem reglulegir viðburðir, hafa verulegt aðdráttarafl fyrir ferðamenn og hafa styrkt ímynd margra staða, jafnt hér á landi sem erlendis. Má sem dæmi nefna Edinborg, sem laðar að sér hálfu milljón ferðamanna á ári. Borgin þótti fremur úrleiðis sem vettvangur fyrir stóra alþjóðlega listahátíð á sínum tíma, en annað kom á daginn. Hin þrítuga Listahátíð í Reykjavík hefur sannað gildi sitt. Hún á eftir að eflast með breyttu fyrirkomulagi, þar sem merki Menningarborgarinnar verður haldið á lofti. Listahátíð í Reykjavík mun hafa umsjón með Menningarborgarsjóði, sem ætlað er að styrkja ýmiss konar menningarverkefni, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem á landsbyggðinni. Af öðrum reglubundnum hátíðum höfuðborgarinnar má nefna Menningarnótt, Kvikmyndahátíð, Jasshátíð, Kirkjulistahátíð, Bókmenntahátíð, Hafnardaga o. fl.

Á landsbyggðinni hefur á síðustu árum orðið veruleg þróun í þessum efnum. Má þar nefna Listasumar á Akureyri, Sumartónleika í Skálholti, Reykholti og á Kirkjubæjarklaustri og Jasshátíð á Egilsstöðum. Menningarhátíðir af ýmsum toga hafa síðustu árin vakið athygli á menningu og sögu bæja á landsbyggðinni og jafnvel orðið hápunktur innlendrar ferðamennsku á staðnum. Áhersla er lögð á sérkenni hvers staðar og framlag bæjarbúa til dagskrárinnar. Síldarævintýrið á Siglufirði, Danskir dagar í Stykkishólmi og Franskir dagar á Fáskrúðsfirði hafa þannig orðið til þess að vekja athygli þessum stöðum. Hátíðahöld af þessu tagi hafa verulega þýðingu fyrir menningartengda ferðapjónustu, ekki síst þegar um reglubundna starfsemi er að ræða. Listasumar á Akureyri hefur t.d. verið haldið í tæpan áratug, og er þannig orðið, eins og fjölmargar aðrar listahátíðir, fastur liður í framboði menningarviðburða, sem ferðapjónustuan nýtur góðs af.

## 5.2 REYKJAVÍK MENNINGARBORG EVRÓPU ÁRIÐ 2000

Verkefnið Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000 (M2000) var mjög umfangsmikið samstarfsverkefni ríkis og borgar sem hafði sem eitt af meginmarkmiðum að hvetja til menningartengdrar ferðapjónustu og kynna Reykjavík sem áhugaverðan áfangastað vegna menningarviðburða. Nánast allt það starf, sem unnið var í tengslum við þetta viðamikla verkefni, hefur forsagnargildi fyrir menningartengda ferðapjónustu á Íslandi. Gildir það jafnt um kynningu, ímynd og markaðssetningu, upplýsingagjöf og skipulag, sem og verkefnaval og samstarf skipuleggjenda við þá sem að menningarviðburðunum stóðu.

Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000 er stærsta verkefni á sviði menningar, sem ráðist hefur verið í á Íslandi. Með tilliti til þeirra fjármuna, sem varið var í verkefnið, aðdraganda málsins, undirbúnings, framkvæmdar, árangurs og mats á því hvernig til tókst á öllum þessum sviðum, er ljóst að mikil og verðmæt reynsla fékkst af verkefninu.

Menningarborgin var fjármögnuð af Reykjavíkurborg og ríkisstjórn Íslands, sem samtals lögðu 510 milljónir til verkefnisins, auk þess sem M2000 aflaði rúmlega 100 milljóna króna í erlendum styrkjum frá Evrópusambandinu, Norræna menningarsjóðnum og frá völdum samstarfsaðilum í íslensku atvinnulífi. Heildarfjárhagsrammi Menningarborgar var því rúmlega 610 milljónir. Stjórnun og framkvæmd verkefnisins var í höndum sjálfstæðrar skrifstofu.

Yfirskrift menningarborgarársins í Reykjavík var „menning og náttúra“ og teygði dagskráin anga sína út um allt land. Alls voru nærfellt 300 verkefni á dagskrá og á bak við þau stóðu hátt í 3000 viðburðir. Framkvæmdaðilar og skipuleggjendur dagskrár reyndust rúmlega 20.000. Aðstandendur hafa áætlað að fjöldi þeirra, sem sóttu viðburði menningarársins og nutu dagskrárinnar með einum eða öðrum hætti, hafi verið rúmlega fimmföld höfðatala landsmanna – eða vel yfir 1,5 milljón manns. Heildarvelta verkefna á dagskrá var, samkvæmt upplýsingum þeirra, nálægt tveimur milljörðum króna og er þá ótalið eigið framlag, húsnæði og aðstaða þeirra aðila sem eru í reglulegum menningarrekstri. Af þessum tölum má glöggst sjá hvert umfang verkefnisins varð.

Borgir, sem borið hafa titilinn „Menningarborg Evrópu“, hafa flestar nýtt sér þá miklu möguleika í kynningu og alþjóðlegri markaðssetningu, sem verkefninu fylgir. Þetta á ekki síst við um þær borgir, sem ekki hafa áður nýtt sér menningu í markaðssetningu, s.s. Glasgow (1986) og

þær norrænu borgir, sem titilinn hafa borið. Í upphaflegum markmiðum, sem samþykkt voru af borgarráði og síðar ítrekuð af stjórn M2000, birtist vilji til að nýta titilinn til hagsbóta fyrir Reykjavík og til eflingar fyrir íslenska ferðapjónustu.

Í starfi M2000 var gengið út frá þessum forsendum og frá upphafi var lögð rík áhersla á að hvetja til menningartengdrar ferðapjónustu með því að hafa frumkvæði að samstarfi við fjölmarga aðila í íslenski ferða- og utanríkisþjónustu og leggja áherslu á menningu á landsvisu í tengslum við samstarfsverkefni við sveitarfélög um allt land.

Meðal höfuðmarkmiða M2000 var að vekja meðal annarra þjóða athygli og áhuga á Íslandi, Reykjavík og íslenski menningu. Mikil áhersla var lögð á þennan þátt í starfsemi M2000, bæði í gegnum kynningarstarf og einnig þegar íslensk verkefni voru valin til flutnings erlendis. Enginn vafi er á því að íslensku verkefnin vöktu mikla athygli á íslenski menningu meðal annarra þjóða, einkum „Baldur“ og „Raddir Evrópu“, en einnig fjöldamörg önnur verkefni, t.d. hönnunarverkefni, tónlistarviðburðir og ýmsir aðrir viðburðir, sem íslenskir listamenn komu að. Þegar tekið er tillit til M2000 og landafundaverkefnisins er óhætt að fullyrða að útflutningur á íslenski menningu hefur aldrei verið jafn mikill og á árinu 2000.

### 5.2.1 SAMSTARF VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU

Annað meginmarkmið var að leggja nýjar áherslur í landkynningu og ferðapjónustu. Má að þessu leyti líta á þetta viðamikla verkefni sem tilraunaverkefni í menningartengdri ferðapjónustu. Menningarborgin hafði ítrekað frumkvæði að því að leiða saman aðila í ferðapjónustu og menningarlífi. Samskipti þessara aðila höfðu að mati aðstandenda M2000 verið takmörkuð og á tíðum jafnvel stíð. Telja þeir að það megi einkum rekja til þess að ekki ríkti almenn viðurkenning á mikilvægi menningar og einstakra menningarviðburða í tengslum við ferðapjónustu. Ferðapjónustan kallaði á nákvæmar upplýsingar fyrr en skipuleggjendur menningarviðburða sáu sér yfirleitt fært að verða við þeim og kynningarmál í menningarlífi voru víða í fremur óljósum farvegi, sem í besta falli féll að innlendum markaði. M2000 lagði mikið kapp á að hafa ítarlegar upplýsingar um væntanlega viðburði aðgengilegar og tilbúnar mjög snemma og stóð fyrir sérstökum dagskrárkynningarfundum með aðilum úr ferðapjónustu. M2000 lagði þannig áherslu á að tengja saman aðila og innleiða ný vinnubrögð í samstarfi svo hægt yrði að nýta til fullnustu þá miklu möguleika sem felast í að ferðapjónustan nýti sér menningarviðburði.

Þá lagði M2000 mikla áherslu á að markaðssetja íslenska menningu erlendis. Við alþjóðlega kynningu og markaðssetningu á Reykjavík sem menningarborg voru ýmsar hindranir í veginum. Markmið og nálgun miðuðu að því að yfirstíga eftirtaldar hindranir eða snúa þeim verkefninu í hag.

Reykjavík er almennt ekki þekkt sem menningarborg. Í kynningu ferðamálayfirvalda og annarra aðila í ferðaþjónustu hafði fram til þessa verið lögð megináhersla á íslenska náttúru og Reykjavík var í besta falli í hlutverki viðkomustaðar á leið ferðamanna upp um fjöll og firnindi. Menningarborgin Reykjavík varð að skapa sér trúverðugleika.

Sem ein af níu menningarborgum árið 2000, þar af nokkrum sem voru mun stærri, staðsettar í hjarta Evrópu og þekktar fyrir langa menningarsögu og ríkulegar hefðir, var áskoron fyrir Reykjavík að halda sínum hlut og tynast ekki í fjöldanum. Skapa varð M2000 nægilega sterka ímynd til að mæta þessu.

Landfræðileg staðsetning Reykjavíkur ýtti heldur ekki undir trúverðugleika hennar sem evrópsk menningarborg. Þessi raunverulega og ímyndaða fjarlægð borgarinnar frá álfunum austanhafs og vestan, leiddi af sér ranghugmyndir um borgina og tregðu til að sjá hana sem aðgengilega borg og hluta af evrópsku menningarlandslagi.

Yfirstriftin „menning og náttúra“ var notuð markvisst til þess að nýta viðteknar áherslur í kynningu á Íslandi M2000 í hag og undirstrika sérstöðu borgarinnar sem hreinnar, náttúrulegrar<sup>8</sup> og óvenjulegrar borgar.

Erlend kynning M2000 gerði einnig út á staðsetningu Íslands mitt á milli Evrópu og Ameríku og vísaði þar með í báðar áttir. Kynning vestanhafs reyndist mjög árangursrík, enda tengd viðamiklu átaki á vegum Landafundanefndar við að koma Íslandi og landafundunum skilmerkilega inn á kortið.

Hugmyndir um Ísland sem framandi og fjarlægt land voru þó jafnframt notaðar verkefninu til framdráttar með því að kynna Reykjavík sem unga og spennandi borg; óvenjulegan og djarfan kost í samanburði við gamalgrónar og hefðbundnar menningarborgir í Evrópu.

Aðstandendum tókst að vekja athygli erlendra fjölmiðla á menningarborginni og gerðu nokkrir af stórum fjölmiðlum borginni sérstaklega góð skil. CNN gerði þrjá sjónvarpsþætti, Artclub, Hotspots og City Guide. NBC sýndi viðtal og kynningar viðburða í Today Show. NDR í Þýskalandi gerði þátt um M2000 og „Raddir Evrópu“. ARTV í Evrópu sýndi langan þátt um helstu viðburði M2000, auk þess sem breskar, bandarískar, kanadískar, franskar, austurrískar, finnsk-

ar, norskar, spánskar, pólskar, eistneskar o.fl. sjónvarps- og útvarpsstöðvar fjölluðu um Reykjavík og íslenska menningu á árinu. Einnig er rétt að geta þátttöku í alheimsútsendingunni 2000 Today á gamlárskvöld 1999 þar sem „Raddir Evrópu“ og Björk komu fram auk þess sem svipmyndir frá landinu voru sýndar. Útsendingin náði til um tveggja milljarða áhorfenda um allan heim.

Ljóst er að helstu samstarfsaðilar M2000 meta mikils þýðingu verkefnisins fyrir landkynningu og ferðaþjónustu á Íslandi. Gildir það jafnt um Ferðamálaráð Íslands, skrifstofur Flugleiða og sendiráð Íslands erlendis. Kemur þar víða fram að sjaldan eða aldrei hefi verið meiri umfjöllun um Reykjavík og Ísland en á árinu 2000 og megi eflaust að stórum hluta þakka það M2000.

Þær efnislegu upplýsingar, sem að framan greinir, hefur Svanhildur Konráðsdóttir, kynningarstjóri M2000, tekið saman fyrir skýrsluhöfund. Svanhildur telur að með hátt í þriggja ára kynningarstarfi hafi gengið nokkuð vel að ná þeim markmiðum, sem sett voru í upphafi. Þó telur hún að betur hefði mátt standa að ýmsum þáttum og nýta betur þau mikilvægu tækifæri sem menningarárinu fylgdu. Er rétt að koma í þessari skýrslu á framfæri þeim athugasemdum um undirbúning og framkvæmd, sem fram hafa komið á fundum með Svanhildi Konráðsdóttur. Að öðru leyti er vísað í lokaskýrslu Reykjavíkur, menningarborgar Evrópu.

Hvað innlenda kynningu varðar, telur Svanhildur árangurinn mjög viðunandi. Í niðurstöðum skoðanakönnunar Gallup á viðhorfi almennings til Menningarborgarinnar kemur fram að yfir 80% aðspurðra voru ánægðir með verkefni, framboð viðburða og samsetningu dagskrár. Athygli vekur að ekki var marktækur munur á viðhorfi fólks eftir búsetu og staðfestir það að verkefnið náði að höfða til fólks óháð búsetu. Yfirlit fjölmiðlavaktar um umfjöllun íslenskra fjölmiðla og háar aðsóknartölur sýna einnig að Reykjavík menningarborg naut velvilja og áhuga almennings.

Svanhildur telur að leiða megi rök að því að kynningarstarfið í tengslum við menningarborgarárið hafi hjálpað til við að koma á nýjum vinnubrögðum meðal þeirra sem standa að skipulagningu menningarviðburða. Einnig hafi árangur af samstarfi við máttarstólpa Menningarborgar og aðra samstarfsaðila sýnt fram á mikilvægi þess að kynningarmál séu ætíð vel skilgreindur þáttur í slíku samstarfi. Öflugt og markvisst kynningarstarf telur Svanhildur vera lykilinn að árangri í viðburða- og menningartengdri ferðaþjónustu.

Hvað erlendu kynninguna varðar telur Svanhildur margt benda til þess að hún hafi skilað umtalsverðum árangri eins og sést í mati samstarfsaðila í ferða- og utanríkisþjónustu

<sup>8</sup> Smb. enskt slagorð M2000: “Next Door to Nature”.



og fjölda erlendra blaðamanna, sem sýndu M2000 áhuga. Hins vegar er nauðsynlegt að vekja athygli á því að enn skortir nokkuð á að skipuleggjendur menningarviðburða og aðilar í ferðaþjónustu nýti möguleika samstarfs til hlítar og væri miður ef þau sambönd, sem menningarárið hvatti til, yrðu ekki ræktuð áfram.

Fyrirkomulagið á kynningarmálum innan Reykjavíkurborgar og skortur á sterkum samstarfsaðila um þau mál, telur Svanhildur að hafi óneitanlega haft takmarkandi áhrif á að möguleikar í kynningarstarfi erlendis væru fullnýttir. Einnig telur hún að hætta sé á að áhrif og reynsla af kynningarstarfi M2000 nýtist Reykjavíkurborg síður en ella, þar eð ekki hafi verið unnið samhlíða að skipulagi kynningarmála borgarinnar til framtíðar.

Hið sama telur Svanhildur að hafi háð samstarfi M2000 við stofnanir innan vébanda ríkisins, sem koma að landkynningu og skyldum málum. Hún telur sárlega skorta skýra stefnu, sem leggur línur um það hvernig íslensk menning heima fyrir og útflutningur á menningarviðburðum skuli nýttur áfram með sambærilegum hætti og gerst hefur með góðum árangri síðastliðin ár í tengslum við Menningarborgina og Landafundaverkefnið.

### 5.2.2 SAMSTARF VIÐ SVEITARFÉLÖG

Einn áhugaverðasti þáttur Menningarborgarinnar var samstarf hennar við sveitarfélögin í landinu. Samstarfsverkefnið höfðu ekki síst áhrif í þá átt að efla menningartengda ferðaþjónustu á Íslandi og kynna möguleikana sem í henni felast. Alls tókst samstarf við 30 sveitarfélög, sem lögðu fram 32 verkefni til dagskrárinnar, en framlag Menningarborgar til verkefnanna var á þriðja tug milljóna króna.

Aðsókn að þessum samstarfsverkefnum sveitarfélaga og M2000 fór fram úr björtustu vonum en alls sóttu 70.000 gestir þessa viðburði sveitarfélaganna um allt land. Ýmis önnur verkefni á dagskrá M2000 teygðu sig út um landið þótt ekki teldust þau til samstarfsverkefna með sveitarfélögum.

### 5.2.3 SAMANTEKT

Þegar saman eru dregnar helstu bráðabirgðaniðurstöður af þeirri reynslu, sem fékkst af Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000, má segja að stórt verkefni af því tagi, sem þar var ráðist í, krefjist þess að skapa mun nánari tengsl milli þeirra sem með ferðamál fara, bæði fyrirtækja, opinberra stofnana og hinna sem standa fyrir menningarstarfsemi og listviðburðum. Mikilvægt er að einhver beri ábyrgð á þessum tengslum, sinni þeim og rækti, og vinni að því að skapa samstöðu og samhug með þessum tveimur sviðum atvinnu- og menningarstarfsemi. Þá er einnig mikilvert

að samstarf verði milli Ferðamálaráðs og sendiráða Íslands um kynningu á íslenskri menningu. Þá er talið nauðsynlegt að koma á varanlegra starfsumhverfi fyrir menningartengda ferðaþjónustu og vinna málin að nokkru leyti upp úr þeim farvegi átaksverkefna, sem flest vötn á Íslandi hafa tilhneigingu til að falla í.

Íslensk menning hefur aldrei fyrr verið kynnt af viðlíka krafti og umfangi, jafnt innanlands sem utan, og síðastliðin þrjú ár og má það rekja að miklu leyti til þeirra miklu menningarviðburða, sem stóðu yfir á árinu 2000, Reykjavíkurborgar Evrópu 2000, viðburða Landafundaneftendur og Kristnihátíðar, svo og til aukinna fjármuna sem hið opinbera og Reykjavíkurborg hafa lagt til kynningarstarfs. Er enginn vafi á því að áhrif þessa starfs eru þegar mjög áþreifanleg. Hinn eiginlegi mælikvarði á árangur kynningarstarfs M2000 verður þó ekki lagður fyrr en að nokkrum árum liðnum þegar ljóst er hvernig tekist hefur til að nýta ný tækifæri, sem verkefnið hefur skapað.

Það undirbúnings- og þróunarstarf, sem unnið var vegna M2000, skapar Reykjavík og höfuðborgarsvæðinu sérstaka stöðu til að þróa menningartengda ferðaþjónustu á grundvelli þeirrar reynslu, sem fékkst af verkefninu. Er lagt til að komið verði upp sérstökum vinnuhópi, sem hafi það verkefni að gera tillögur um úrbætur á kynningar-, þróunar- og upplýsingamálum ferðaþjónustunnar með tilliti til menningarviðburða og í ljósi þeirrar reynslu sem fékkst af Reykjavík menningarborg árið 2000. Verkefnið M2000 skapar höfuðborgarsvæðinu líka sérstaka stöðu í þróun menningartengdrar ferðaþjónustu og reynslugrunn, sem æskilegt er að nýta við þróun svæðisbundinna áætlana á höfuðborgarsvæðinu og í nærliggjandi héruðum. Er það meginástæða þess að í kafla þessarar skýrslu um svæðisbundnar áætlanir um uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu er ekki fjallað sérstaklega um höfuðborgarsvæðið.

Bent er sérstaklega á þá áherslu, sem aðstandendur M2000 lögðu á tengsl menningar og náttúru og þeirrar vinnu sem lögð var í að koma þessari hugmynd á framfæri í kynningar- og markaðsátaki verkefnisins. Þar sé að finna verðmæta vísbendingu fyrir menningartengda ferðaþjónustu á Íslandi almennt, sem hefur haft áhrif á tillögur í kafla skýrslunnar um stefnumótun. Skipuleggjendur M2000 skilgreindu menningu eins vítt og kostur var og kappkostuðu að gefa þeim, sem að menningarviðburðunum sjálfum stóðu, mikið svigrúm til nýsköpunar. Felst í hvoru tveggja gagnlegt fordæmi, sem reynt hefur verið að taka tillit til í skýrslunni.

Að því er varðar upplýsingamiðlun og samstarf menningarstarfsemi við ferðaþjónustu er einnig vísað til kafla hér á eftir sem fjallar um upplýsingastarfsemi.

### 5.3 MATARGERÐ OG MATREIÐSLA

**M**atreiðsla er ein af undirstöðum í ferðaþjónustu hvarvetna í heiminum. Eigi þessi list djúpar rætur og sterkar hefðir í samfélaginu, eins og raunin er með mörgum helstu ferðamannaþjóðum heimsins, skapar kunnáttu og færni matreiðslumannsins sterkt aðdráttarafl fyrir ferðamanninn. Enda er það raunin í Frakklandi, á Ítalíu og í minna mæli á Íberískaganum. Japan og Indland hafa getið sér orð fyrir matargerðarlist. Meðal Norðurlandþjóða hafa Danir lengi notið þess að hafa á sér gott orð fyrir matarmenningu. Svíar og Norðmenn hafa hins vegar bætt stöðu sína verulega upp á síðkastið.

Matargerð og framreiðsla hefur tekið stórstíggum framförum hérlendis á undanförunum tveimur áratugum. Er óhætt að fullyrða að innan veitingahúsa hafi átt sér stað bylting á þessu sviði. Breytt og bætt matreiðslumenning er nú tvímælalaust ein af styrkustu stöðum ferðaþjónustunnar.

Styðst þessi þróun við öflugna menntun, sem nú er veitt hérlendis í matreiðslu, meðferð hráefnis og framreiðslu, en tengist einnig aukinni sókn íslenskra matreiðslumanna í nám utanlands. Íslenskir matreiðslumenn hafa staðið sig mjög vel á alþjóðlegum vettvangi og vakið athygli á íslenskri matreiðslu og á íslensku hráefni í alþjóðlegum keppnum. Sá árangur hefur að sjálfsögðu bein áhrif á ímynd Íslands sem ferðamannalands.

Þróun veitingastarfseminnar og aukin kynni Íslendinga af útlöndum hafa ýtt undir áhuga almennings á matreiðslu. Þá hefur það aukist verulega, í tengslum við breytta atvinnuhætti, að fólk borði á veitingahúsum hvunn dags. Þannig eru alþjóðlegir straumar í matargerðarlist, sem hingað hafa borist, orðnir mikilvægur þáttur í nútímamenningu Íslendinga.

Erfitt er að meta það hvort hægt er að tala um „íslenskt eldhús“ sem sér fyrirbæri. Stóraukin þekking í matreiðslu og vaxandi athygli sem íslenskir matreiðslumenn njóta erlendis skapa hér einhverja möguleika. Erfitt er þó að fullyrða að hér geti orðið til íslenskur „skóli“, eða séríslensk viðhorf til matreiðslu. Ekki er tekin afstaða til þessa álitamáls, en óhætt er að fullyrða að allar aðstæður séu til þess að vinna landinu traustan sess sem sælkeralandi.

Hluti af alþjóðavæðingu íslenskrar matreiðslumenningar er hins vegar fólgin í mikilli útbreiðslu skyndibitastaða, þar sem staðlaðir alþjóðlegir réttir eru boðnir. Í þéttbýli er þetta framboð hluti af heild. Víða úti á landi er þetta hins vegar það eina sem ferðamönnum stendur til boða. Einhæfni þessa framboðs og tiltölulega hátt verð vekur undrun jafnt innlendra sem erlendra ferðamanna. Nokkur veitingahús hafa brotist út úr þessu framandlega umhverfi og boðið upp á fjölbreyttara og vandaðra úrval fremur ódýrra rétta. Sum þessara veitingahúsa hafa hafið til virðingar eldri og hefðbundnari rétti, sem virðast geta staðið sig í samkeppninni við hamborgara og franskar.

Staða hefðbundins íslensks matar er annars fremur veik. Áhugi á slíkum mat hefur haldist við ekki síst vegna vinsælda þorrablóta, sem eru til þess að gera nýlegt samkvæmisform. Sumir framleiðendur þorramatar telja framtíð þessara rétta óvissa, einkum með tilliti til þess að ungt fólk sýnir þeim áberandi tómlæti. Full ástæða er til að skoða það sérstaklega, hvernig hægt er að tryggja hefðbundnum íslenskum réttum framtíð með því að laga þá að þörfum nútímans.

Þegar á heildina er litið, er íslensk matreiðslulist í dag mjög alþjóðleg og skapar sér einkum sérstöðu með gæðum og með áherslu á innlent hráefni, ekki síst fisk og lambakjöt. Íslensk matreiðsla er því mjög mikilvæg kynning á landi, sem skapar sér að miklu leyti kjör með framleiðslu matvæla. Matargerðarlist og veitingahúsamenning varpa í senn ljósi á vaxandi þátt í íslensku menningarlífi og kynna meginatvinnugreinar þjóðarinnar.

Við þessar aðstæður, sem hafa verið að skapast hér á landi sl. þrjú áratugi, bætast þær sérstöku aðstæður, sem kvikfjársjúkdómar hafa valdið í Evrópu. Það ástand skapar tvímælalaust sérstaka möguleika fyrir Ísland sem matvælaframleiðsluland og sælkeraland.

Lagt er til að kannaðir verði möguleikar á að þróa hér séríslenskt eldhús og kynna landið sem sælkeraaáfangastað, þar sem í boði eru örugg matvæli, byggð á hágæðahráefni. Verkefnið nái til alls landsins og feli í sér þróunarstarf, aðlögun hefðbundinna rétta að nútímakröfum, viðhald fjölbreytileika í framleiðslu matvæla, sérhæfingu eftir héruðum og árstíðum, gæðaeftirlit, markaðssetningu og kynningu.

## 5.4 ATVINNUMENNING: HÁTÆKNI, LÍFTÆKNI OG HUGBÚNAÐUR

**M**ikil breyting hefur orðið á íslensku atvinnulífi síðastliðinn áratug. Íslenskt hagkerfi hefur stækkað verulega, ekki síst með tilkomu nýrra atvinnugreina. Munar þar mest um hátækni- og hugbúnaðarfyrirtæki, þar með talin líftækni- og hugbúnaðarfyrirtæki. Tilvist þessarar nýju atvinnustarfsemi á sér ýmsar flóknar forsendur. Fyrir það fyrsta stýðst þessi þróun við hátt mennta- og menningarstig þjóðarinnar. Í öðru lagi tengist hún sterku heilbrigðiskerfi og framsæknum rannsókn- og vísindamönnum innan heilbrigðisstétta. Í þriðja lagi nýtur hún mjög góðs af því hve Íslendingar sækja í miklum mæli menntun til útlanda, ekki síst framhaldsmenntun, og starfa við vísindarannsóknir hjá erlendum stofnunum sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar. Ímynd Íslands, í augum útlendinga, ber

nú í vaxandi mæli yfirbragð hátækni- og vísindasamfélags.

Ljóst er að þessi þróun er tengd nýjungagirni þjóðarinnar og aðlögunarhæfni. En jafnframt eru nýjar atvinnugreinar mjög opnar fyrir því að nýta sér aldalanga upplýsinga- og skráningaráráttu þjóðarinnar, eins og komið hefur skýrt í ljós í samstarfi læknisvísinda og hugbúnaðarfyrirtækja annars vegar og ættfræðiforkólfa hins vegar.

Kynning á þessum nýju sviðum íslensks atvinnulífs og tengslum þeirra við ævaforan ættfræðiáhuga Íslendinga og vísindaþráhyggju þjóðarinnar er hluti af því verkefni, að kynna íslenska menningu og atvinnulíf nútímans. Er full ástæða til að leita leiða til að beina athyglinni í landkynningu að þessum þáttum þjóðlífsins.

## 5.5 SAMBAND MANNS OG NÁTTÚRU: HESTAMENNSKA OG REIÐLIST

**Í**slenski hesturinn hefur öðlast mikilvægan sess í ferðapjónustu. Hestaferðir eru hluti af þeirri afþreyingu, sem í boði er víða um land. Ferðamönnum, innlendum og erlendum, standa til boða styttri sem lengri hestaferðir, og margir nota tækifærið til að kynna landinu og þjóðinni í slíkum ferðum. Áhugi erlendra ferðamanna á íslenska hestinum nýtur góðs af ræktun íslenskra hesta erlendis. Í mörgum Evrópulöndum starfa reiðklúbbar og áhugamannafélög, þar sem íslenski hesturinn á vaxandi fylgi að fagna. Fer þeim klúbbum fjölgandi þar sem eingöngu eru íslenskir hestar. Svipaðrar þróunar verður vart í Norður-Ameríku. Íslenski hesturinn hefur þannig eignast aðdáenda- og stuðningsmannasamtök, sem líta á Ísland sem Mekka hestamenskunnar og koma hingað til lands í eins konar pílgrímsferðir. Þar telja þeir sig komast í nána snertingu við náttúruna og er hesturinn hluti af þessari náttúruupplifun.

Þótt athygli erlendra ferðamanna beinist einkum að íslenska hestinum, sérkennum hans og aðlögun að íslenskri náttúru, fer því fjarri að þar með sé aðdráttarafl íslenska hestsins allt talið. Í aldalöngum samskiptum manns, hests og náttúru hefur þróast sérstæð menning, sem á sér ekki marga líka. Ekki fer milli mála að ferðamenn eru næmir fyrir þessari

menningu og hafa yndi af að kynna þeim sérstaka blá sem er yfir sambandi manns og hests á Íslandi.

Íslendingar þróuðu samband sitt við hestinn án beinna tengsla við það sem var að gerast í hestamensku í Evrópu. Á meginlandinu varð sú þróun snemma á miðöldum að mikil sérhæfing varð í hestarækt. Lýsti hún sér í því, að þar komu fram kyn, svo sem til notkunar við jarðrækt, til afþreyingar og í hernaði. Til orðu sérstök kyn dráttarhrossa, gæðingar til útreiða fyrir aðalinn og stríðshestar, sem ræktaðir voru með tilliti til þeirra sérþarfa, sem komu fram í hernaði miðalda. Í Evrópu varð hesturinn á þeim árum, sem Ísland var að byggjast, burðarás í hernaði. Voru ræktað sérstök hestakyn beinlínis í þeim tilgangi að bera þungvopnaða riddara. Tamningahefð varð fyrir miklum áhrifum af þessu hernaðarhlutverki hestsins og var leitast við að temja hann með öryggi reiðmannsins í orrustu í huga og takmarka einstaklingsbundinn vilja hestsins. Bera ýmis hugtök<sup>9</sup> og grundvallarreglur í tamningu þessu glöggt vitni. Forystumenn riddaraliðs urðu með tíð og tíma æðstu yfirmenn herja á meginlandi Evrópu<sup>10</sup> og hernaðarviðhorf settu mikinn svip á evrópska reiðlist og tamningalist. Margir reiðskólar í Evrópu eru tengdir herskólum.

<sup>9</sup> Á ensku er sagt um tamningar „to break a horse“. Í frönsku er notuð sögnin „dresser“ sem er skyld lo. direct og þýðir sennilega að ná fullkominni stjórn á hestinum. Hugtak eins og vilji (á frönsku „impulsion“) er fremur tengt boðum reiðmanns til hests, öfugt við málfar íslenskra hestamanna, sem nota hugtakið vilji um edlislæg einkenni hestsins.

<sup>10</sup> Æðsta viðurkenningartígn í herjum margra Evrópuríkja er marskálkur. Orðið er sett saman úr orðunum mar (sbr. ísl. marr og meri) og skálkur og var upphaflega haft um þjóna, sem sinntu hrossum. Merkingarþróun varð síðan eftir því sem mikilvægi riddaraliðs óx. Enn lifði upphafleg merking orðsins í riddaraliði Frakka í upphafi 20. aldar. Maréchal ferrant, eða „járnandi meraskálkur“ var starfshéiti á járnningamönnum franska hersins. Meraskálkur hlutu ekki frama í hernaði norrænna manna. Þar voru sækningar meir metnir.

Ef Íslendingar hafa notað hesta skipulega í hernaði, eru íslenskar heimildir undarlega þögular um það. Skortir þó ekki umfjöllun um hross. Íslendingar höfðu, á miðöldum sem nú, mikið dálæti á hestum, ræktuðu þá sér til ánægju og gagns, lögðu á þá trúnað og öttu þeim saman í vinsælli en hættulegri íþrótt, hestaati, sem nægar heimildir eru um að notið hafi mikilla vinsælda. Það er ekki fyrir en á 20. öld að áhugasamir útlendingar um forna menningu víkinga hafa reynt að koma því inn hjá Íslendingum að þeir hafi notað hesta í hernaði.

#### 5.5.1 SÉRSTAÐA ÍSLENSKRAR HESTAMENNSKU

Sérstaða íslenskrar hestamennsku er því ekki aðeins fólgin í sérkennum íslenska hrossastofnsins heldur hvílir hún einnig á menningarsögulegum forsendum. Íslensk reiðlist og tamningalist er sprottin úr jarðvegi sem í mikilvægum grundvallaratriðum er ólíkur því sem gerist á meginlandi Evrópu. Kröfur til íslenska hestsins eru ekki mótaðar af þeirri skilvörðislausu hlýðni sem krafist er í evrópskum reiðskólum og á rætur í hernaðarhlutverki hestsins.

Þótt mikil breyting hafi orðið á íslenskrari hestamennsku, ekki síst við aukin kynni af erlendum viðhorfum til tamninga- og reiðlistar, eru íslenskir hestamenn enn mikill fróðleiksbrunnur um séríslensk viðhorf til listarinnar að temja og semja við hross. Sérstakur sögulegur bakgrunnur íslenskrar hestamennsku og reiðlistar, sérstakt samband manns og hests, sem þróast hefur um aldaðir, er því enn grundvöllur fyrir að kynna íslenska hestamennsku sem sérstakt menningarfyribæri. Æskilegt er að kanna hvort ekki standi efni til að ráðast formlega í stofnun íslensks „skóla“ í hestamennsku og tamningalist. Væri aðdragandi slíkrar könnunar byggður á víðtækri söfnun heimilda um íslenska hestinn, reiðlist og tamningalist og athugun á því hvort þar er að finna grundvöll fyrir sérstakri hugmyndafræði. Er lagt til að Hestamiðstöð Íslands í Skagafirði og Hólaskóli, sem miðstöð kennslu og rannsókna á þessu sviði, annist þessa frumkönnun. Þess má geta að nýlega var stofnað í Skagafirði Sögusetur íslenska hestsins, sem mun hafa aðsetur á Hólum í Hjaltadal. Að setrinu standa Hólaskóli, Hestamiðstöð Íslands og Byggðasafn Skagafirðinga. Styrkir sögusetrið enn frekar þá aðstöðu, sem í Skagafirði hefur þróast, til að vinna þróunarverkefni af því tagi sem hér um ræðir.

## 6. Stoðkerfi og grunnþjónusta

---

Í þeim köflum, sem hér fara á eftir, verður fjallað um ýmsar hliðar menningartengdrar ferðaþjónustu, sem lúta að grunnþjónustu. Þar á meðal verður fjallað um rannsóknir, opinbera styrki, þróunaráætlanir og opinbera upplýsingamiðlun.

Í þeirri umfjöllun er vert að hafa í huga að Íslendingum lætur vel að hafa frumkvæði og skila mikilli vinnu í átökum og skorpum, hvort sem í hlut eiga einstaklingar eða afmarkaðir áhugahópar og félög. Á hinn bóginn gætir nokkurrar tilhneigingar til að leysa mál með opinberum afskiptum. Opinberar stofnanir hneigjast til þess, á Íslandi sem og annars staðar, að verða þunglamalegar með aldrinum, en afturþungi og ósveigjanleiki henta ekki því verkefni sem hér

er til umfjöllunar. Ekkert væri óráðlegra, til að virkja menningaráhuga þjóðarinnar í þágu ferðaþjónustu en að stofnanavæða menninguna og kæfa hana í opinberum afskiptum.

Í þessari skýrslu er reynt að standast eftir efnunum og ástæðum þá freistingu að setja fram hugmyndir um að fjölga stofnunum. Fremur er leitast við að styðjast við það sem fyrir er og vel hefur reynst en bæta annað. Lögð er áhersla á að þrengja sem minnst að því frelsi og einstaklingsframtaki sem svo mjög hefur einkennt flóru íslenskrar menningarstarfsemi, en hefur óneitanlega einnig haft í för með sér nokkra óreiðu og skipulagsleysi og þar af leiðandi verri nýtingu fjármuna en ella.

### 6.1 FJÁRMÖGNUN VERKEFNA

Fjármunir til uppbyggingar menningartengdrar ferðaþjónustu eiga sér marga farvegi. Að sjálfsögðu leggja opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, mikið fé til margvíslegrar menningarstarfsemi, sem nýtist ferðaþjónustunni, og hafa þau útgjöld farið hratt vaxandi. Af óskiptum liðum menntamálaráðuneytisins hefur árlega verið varið talsverðum fjármunum til að styrkja ýmiss konar menningarstarfsemi. Fjárlaganefnd Alþingis lagði fram tillögur við fjárlagagerð um styrki við söfn og menningarstarfsemi, sem námu um 200 milljónum króna á fjárlögum yfirstandandi árs. Þar er aðeins um að ræða brot af þeim fjármunum sem ríkið leggur til menningarstarfsemi. Það er hins vegar nokkuð flókið verkefni að meta nákvæmlega, hve há framlög ríkisins til menningarstarfsemi eru. Til samanburðar má geta þess, að á ríkisreikningi fyrir árið 1999, A-hluta, nema greiðslur, sem skilgreindar eru til menningarmála, um 4.7 milljörðum króna. Samkvæmt upplýsing-

um menningarmálastjóra Reykjavíkurborgar nemur framlag borgarinnar til rekstrar menningarmála á yfirstandandi ári tæpum milljarði króna, og er þá byggingarkostnaður undanskilinn. Byggðastofnun veitir margvíslega styrki og lán sem efla menningartengda ferðaþjónustu. Ferðamálasjóður hefur einkum lánað til uppbyggingar gistirýmis.

Ýmsir sjóðir veita styrki og lán til starfsemi sem tengist menningarferðum. Leitað var leiða til að meta hve miklu fé væri varið til að styrkja starfsemi af þessu tagi. Við athugun kom hins vegar í ljós að erfitt reyndist að fá hlutadeigandi sjóði eða stofnanir til að meta hve miklum fjármunum væri varið til menningartengdrar ferðaþjónustu, þar eð skilgreiningar á því hvað flokkast undir slíka starfsemi eru á reiki.

Einstaklingar hafa lagt fram mikla fjármuni til að efla menningarstarfsemi, sem tengist beint og óbeint ferðaþjónustu. Er þar ekki síst um að ræða vinnuframlag, sem erfitt er að

meta nákvæmlega. Kemur þetta fram á mörgum sviðum og endurspeglar almennan áhuga á menningarstarfsemi og vaxandi vilja til að tengja slíka starfsemi ferðaþjónustu.

Það verður hins vegar að telja talsverðan meinbug á málinu í heild, að öll sú mikla elja og fjármunir sem einstaklingar leggja í framangreinda starfsemi, svo og framlög ríkis, sveitarfélaga, sjóða og stofnana, fylgja ekki heildaráætlunum, þar sem þess er freistað að skapa jafnvægi og samræmi í fjárfestingum í afþreyingu og þjónustu, uppbyggingu gistirýmis og samgangna. Af þessum sökum nýtast fjármunir ekki sem skyldi og ósamræmis gætir milli einstakra sviða. Sem dæmi um þetta er uppbygging gistirýmis á landsbyggðinni, sem hefur ekki verið samfara uppbyggingu afþreyingar og markaðssetningar. Afleiðingin er versnandi nýting gistirýmis á landsbyggðinni.

Uppbygging samgangna, sérstaklega í þágu ferðaþjónustu, hefur af skiljanlegum ástæðum vikið fyrir grunnþjónustu, en þar hefur verið tekist á við gríðarleg verkefni á undan-gangnum áratug með miklum árangri. Er nú svo komið að líta verður á það sem forgangsmál að byggja upp vegi sérstaklega með þarfir ferðaþjónustu í huga.

Ef byggja á ferðaþjónustu að talsverðu leyti upp á menningarstarfsemi, þarf að efla opinberan stuðning almennt við menningarstarfsemi. Einnig er brýnt að gera þeim sem bera ábyrgð á heildarþróun ferðaþjónustunnar kleift að styðja fjárhagslega margvísleg menningarverkefni, sem hafa gildi fyrir ferðaþjónustuna, svo sem viðhald gamalla húsa, safnastarfsemi, vörubrúun eða menningarviðburði.

Það sem einkum skortir eru tæki til að sameina krafta menningargeirans og ferðaþjónustunnar með þeim hætti að báðir hafi hag og styrk af. Menningarstarfsemi á að geta notið mikils styrks af þeirri reynslu og fagþekkingu á kynningarstarfi og markaðssetningu, sem ferðaþjónustan býr yfir. Á sambærilegan hátt er það mikils virði fyrir ferðaþjónustuna að virkja sem mest menningarstarfsemina og samræma hana eftir fongum áætlanagerð um uppbyggingu atvinnugreinarinnar.

Að þessu þarf að vinna þannig að menningarstarfsemi og uppbygging hennar falli eftir efnum og ástæðum að áætlunum um uppbyggingu ferðaþjónustu og markaðssetningu þeirrar þjónustu sem áætlanirnar ganga út á að byggja upp. Þá er einnig brýnt að ferðaþjónustan noti markvisst þau úrræði, sem hún hefur til að kynna og markaðssetja menningarviðburði. Margar vísbendingar eru um ákveðið sambandsleysi milli menningarstarfseminnar og ferðaþjónustunnar. Mjög líklegt er að hægt sé að samnýta betur þá fjármuni sem fara í markaðsmál ferðaþjónustunnar með því að tryggja betra upplýsingaflæði milli þessara tveggja sviða samfélagsins og koma samstarfi um markaðs- og kynning-

armál í formlegan farveg.

Til þess að bæta úr framangreindum atriðum, er mælt með því að stofna sérstaka sjóði til styrktar menningartengdri starfsemi og nýsköpun, sem taldar eru hafa sérstakt gildi fyrir þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu. Sjóðirnir lúti sérstakri stjórn og verði sjálfstæðir í verkefnavali og forgangsröðun á verkefnum.

Um tvenns konar sjóði verði að ræða, og er þeirri tvískiptingu ætlað að taka tillit til þess að verkefni, sem sjóðirnir sinna, eru á verkefnasviði tveggja ráðuneyta og því eðlilegt að hvort ráðuneyti fyrir sig hafi stöðu til að setja mark sitt á starfsemi þeirra.

Annars vegar verði tekið tillit til þess hve mikilvægt er að byggja upp markvissa áætlanagerð í ferðaþjónustu. Er lagt til að komið verði á fót hvatningarsjóði menningartengdrar ferðaþjónustu, sem geti stuðlað að slíkum markvissum vinnubrögðum með því að ýta undir uppbyggingu menningarstarfsemi, sem fellur að áætlanagerð um uppbyggingu ferðaþjónustu. Sjóðurinn verði nefndur Menningarsjóður ferðamála og verði honum árlega úthlutað á fjárlögum 200 milljónum króna til styrkveitinga. Sjóðurinn lúti stjórn þriggja manna, sem skipuð er af samgönguráðherra og skal menntamálaráðherra tilnefna einn þeirra. Mælt er með því að starfsemi þessa sjóðs verði nátengd áætlanagerð í ferðamálaum og starfi í tengslum við atvinnubrúunarfélög í héraði, eins og vikið er að í kafla hér á eftir.

Hins vegar verði hugað að því vægi, sem menningarstarfsemi almennt og óháð sérstökum þróunaráætlunum hefur fyrir ferðaþjónustuna. Er brýnt fyrir atvinnugreininna að virkja áhuga listamanna til að leggja sitt af mörkum til að efla ferðaþjónustu, og leggja þar með sitt af mörkum til að efla sérstaka menningarafangastaði. Jafnframt verður að tryggja þeim sem í sjóðinn sækja mikið frelsi og svigrúm til frumkvæðis. Lagt er til að stofnaður verði frumkvæðissjóður til styrktar listamönnum. Er með starfi hans ætlað að stuðla að því að koma á neti menningarviðburða, sem efla ferðaþjónustu almennt og eru óháðir sérstökum áætlunum um uppbyggingu ferðaþjónustu. Sjóðurinn lúti þriggja manna stjórn, sem skipuð er af menntamálaráðherra, og skal einn stjórnarmanna tilnefndur af samgönguráðherra. Árlega verði þessum sjóði úthlutað á fjárlögum 30 milljónum króna til styrkveitinga.

Gert er ráð fyrir að stjórn þessara tveggja sjóða nýti, eftir því sem mögulegt er, þá faglegu ráðgjöf sem fyrir hendi er. Þannig verði t.d. farið með verkefni tengt endurnýjun gamalla húsa, að umsókn yrði vísað til umsagnar Húsafriðunarnefndar. Nefndin mundi þá veita umsögn um húsafriðunargildi og skilgreina faglegar kröfur sem leggja ætti til grundvallar verkefninu.

## 6.2 ÞRÓUNARÁÆTLANIR

**T**il þess að samræma betur fjárfestingar í menningartengdri ferðaþjónustu og heildaruppbyggingu atvinnugreinarinnar er lagt til að gerðar verði þróunaráætlanir, sem ná til vel skilgreindra kjarnasvæða, í samræmi við þær hugmyndir sem samgönguráðherra setti fram á síðasta aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar. Slíkar áætlanir ná til uppbyggingar gistirýmis, afþreyingar, menningarstarfsemi og samgangna. Æskilegt er að þær stofnanir í héraði, sem til þess eru bærar, haldi utan um slíkar áætlanir í samvinnu við viðeigandi ráðuneyti og í samræmi við heildarstefnumótun í ferðamálum. Þess verði freistað að virkja atvinnuþróunarfélög til þessa verks. Menningarsjóður ferðamála leiti umsagnar atvinnuþróunarfélaga um tengsl verkefna, sem sjóðurinn styrkir, við þróunaráætlanir.

Vegna þess hve frumkvæði einstaklinga og áhugi skipta miklu varðandi menningartengda ferðaþjónustu, ber að forðast að einskorða stuðning við menningarstarfsemi við áætlanagerð. Brynt er einnig að meta það vægi sem frumkvæði og almenn virkni á sviði menningarstarfsemi hefur almennt fyrir ferðaþjónustuna. Lúta tillögur um frumkvæðissjóð menntamálaráðuneytisins að því að koma til móts við þetta sjónarmið.

Lagt er til að gerðar verði þróunaráætlanir í menningartengdri ferðaþjónustu, sem ná til vel skilgreindra svæða. Þróunaráætlanirnar verði gerðar undir tvenns konar formerkjum. Annars vegar verði það sameiginlegt með þeim öllum að varpað verði ljósi á nán tengsl menningar og náttúru. Hins vegar verði lögð áhersla á að draga fram sérkenni og styrkleika hvers svæðis. Gert er ráð fyrir því að uppbygging og markaðssetning hvers svæðis fyrir sig haldist í hendur.

Áætlanagerð af þessu tagi byggist á því að til séu haldgóðar upplýsingar um styrkleika og veikleika hvers svæðis fyrir sig. Byggðastofnun hefur unnið úttekt á styrkleika og veikleika einstakra byggðalaga á Íslandi, varðandi atvinnulega uppbyggingu. Sú úttekt gæti að hluta til verið mjög gagnleg við þá áætlanagerð sem hér um ræðir.

Lagt er til að landinu verði skipt í grófum dráttum í eftirfarandi vaxtar- og markaðssvæði, sem eru skilgreind út frá samþættingu náttúrunnar og menningarverðmæta.

- *Snæfellsnes, Dalir og Breiðafjarðarsvæðið með áherslu á m.a. þjóðgarð undir Jökli ásamt Eiríksstöðum og landafundum*

- *Vestfirðir með áherslu á menningarsamfélagið Ísafjarðarbæ, friðlandið á Hornströndum, Jökulfríði og Djúp*

- *Skagafjörður og Siglufjörður með áherslu á Hóla, safnamenningu, vesturfirðir, þjóðlagasetur, hestamennsku og reiðlist*

- *Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur með áherslu á söfn tengd sjósókn og strandmenningu, Gásir, menningarstarfsemi á Akureyri, vetraríþróttir, Mývatnssvæðið og Jökulsárgljúfur*

- *Austfirðir og Hérað með áherslu á aldamótabæinn Seyðisfjörð, umhverfi og landnýtingu, gróðurvernd og endurheimt landgæða, hálendið norðan Vatnajökuls og orkunýtingu*

- *Hornafjörður og Austur- og Vestur-Skaftafellssýsla og með áherslu á Vatnajökul*

- *Eyjafjöll og Vestmannaeyjar með áherslu á Njáluslóðir og gosminjasafn í Vestmannaeyjum*

Í þeim hugmyndum, sem hér eru settar fram um svæðisbundnar áætlanir, er gert ráð fyrir því að svæðin séu sveigjanleg og þróist í samræmi við uppbyggingu samgöngumála. Með tilkomu ganga milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar skapast t.d. skilyrði fyrir að tengja saman ferðaþjónustu í Skagafirði, Siglufirði og Eyjafirði. Sömulæis munu göng til Fáskúðsfjarðar skapa sérstaka möguleika á samtengingu ferðaþjónustunnar á Austfjörðum. Tilgangurinn með svæðibundnum áætlunum er að tryggja sem besta nýtingu fjármuna og auðvelda markaðssókn. Forðast ber að líta svo á að einstakir staðir utan þeirra svæða sem hér verða skilgreind, gegni ekki mikilvægu hlutverki í uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu. Hugmyndir um svæðisbundnar áætlanir ná ekki til Reykjavíkur og nágrennis. Liggja til þess eftirfarandi ástæður. Í Reykjavík hefur verið ráðist í viðamikil verkefni í menningartengdri ferðaþjónustu, Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000. Umfang þess verkefnis og þeir fjármunir sem til þess var varið marka því sérstöðu. Sú reynsla, sem fékkst af verkefninu, á að skapa möguleika á að þróa menningartengda ferðaþjónustu á traustari grundvelli á höfuðborgarsvæðinu, en unnt er að styðjast við annars staðar á landinu, þótt vissulega hafi reynslan af þessu verkefni einnig mikla þýðingu fyrir landið allt, enda tengdust því viðburðir víða um landið. Þótt verkefnið hafi verið tímabundið, er hafið yfir allan vafa að það veitir innsýn í margvíslega möguleika og greinir ýmsa

veikleika að því er varðar menningartengda ferðapjónustu almennt. Rétt er því að nýta þá reynslu til fulls með því að finna henni ákveðinn farveg. Er því lagt til að unnið verði sérstaklega að því að birta hagnýtar niðurstöður verkefnisins og vinna úr því leiðbeiningar bæði fyrir menningartengda ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu og almennt

fyrir atvinnugreinina (sjá kafla 5.2.). Áformað er að reisa ráðstefnu- og tónlistarhús í Reykjavík, sem kemur til með að hafa mikla þýðingu fyrir höfuðborgarsvæðið og landið allt. Þá er ljóst að menningarhús, sem áætlað er að efla verði víða um land, falla vel að þeim hugmyndum um svæðisbundnar áætlanir, sem hér hefur verið fjallað um.

### 6.3 RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

**S**ú stoð, sem ferðapjónustan hefur átt í rannsókn- og þróunarstarfi, hefur lengi verið veik. Atvinnugreinar, sem gegna mun minna hlutverki í íslensku hagkerfi en ferðapjónustan, hafa við þróun og stefnumörkun getað stuðst við mun traustari þekkingargrunn, einkum vegna þess að sérstakar rannsóknastofnanir hafa það hlutverk að efla grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir á sérsviðum atvinnulífsins eins og sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar.

Í árdaga rannsóknastarfs fyrir atvinnulífið var lögð áhersla á að byggja upp stofnanir af því tagi sem að framan er getið. Þegar ferðapjónustan var að hasla sér völl sem ein af aðalatvinnugreinum þjóðarinnar hafði orðið áherslubreyting í uppbyggingu rannsóknastarfsins og var lögð meiri áhersla á verkefnatengd framlög en uppbyggingu sérstakra stofnana. Að nokkru leyti má rekja til þessara aðstæðna þá staðreynd að rannsóknir í ferðapjónustu hafa lengi verið takmarkaðar og í ósamræmi við vægi greinarinnar.

Af þessum sökum ákvað Rannsóknaráð ríkisins árið 1993 að láta vinna sérstaka skýrslu um rannsóknir og ferðapjónustu, sem kom út um það leyti sem lögum um Rannsóknaráð ríkisins og Vísindaráð var breytt og Rannsóknaráð Íslands varð til. Á grundvelli þeirrar skýrslu hefur staða rannsókna í ferðapjónustu innan Rannsóknaráðs Íslands verið styrkt með sérstökum samningi milli RANNÍS og Ferðamálaráðs Íslands um samstarf sem miðar að því að greiða aðgang ferðapjónustunnar að vísindalegri og tæknilegri þekkingu. Ferðamálaráð Íslands hefur ráðið sér rannsóknafulltrúa til að ýta undir rannsóknir, skilgreina rannsóknaverkefni og aðstoða rannsóknaaðila við umsóknir um rannsóknastyrki. Auk þess gerði Ferðamálaráð sérstakan samning við Háskólann á Akureyri um rannsóknir og kennslu í ferðamálum.

Lögum um Ferðamálaráð Íslands var breytt árið 1999 og lögbundið hlutverk ráðsins í rannsóknum og könnunum

skilgreint, en slík ákvæði voru þá nýmæli. Ráðið hefur á fjárlögum yfirstandandi árs 5 milljónir til rannsókna þriðja árið í röð.

Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands hafa stofnað Ferðamálasetur Íslands, sem er sameiginleg rannsóknastofnun í ferðamálum þessara háskóla og eiga Samtök ferðapjónustunnar og Ferðamálaráð Íslands aðild að stjórn stofnunarinnar. Þessi stofnun fær í framlög tvær milljónir frá Háskóla Íslands og eina milljón frá Háskólanum á Akureyri.

Um tíma var það vandamál, að þegar hugmyndir og þróunarverkefni voru komin af frumstigi, skorti áhættusjóði til að hrinda þeim í framkvæmd. Úr þessu var leyst með auknu frelsi á fjármálamarkaði og tilkomu framtaksfjárfesta. Stofnun Nýsköpunarsjóðs hefur svo brúað bilið milli framtaksfjárfesta og Rannsóknaráðs Íslands. Það hefur hins vegar takmarkað umsóknir ferðapjónustunnar í þessa sjóði að þróunarverkefni á sviði ferðapjónustu eru mörg því marki brennd umfram önnur svið atvinnulífsins að arðsemi er hægfara og í vissum tilfellum eru verkefni naumast sjálfbær, þótt þau standi undir aukinni heildararðsemi greinarinnar.

Þrátt fyrir framangreind úrræði, sem tvímælalaust hafa leitt til framfara, er rannsóknabáttur ferðamála veikur og ekki í samræmi við vægi atvinnugreinarinnar. Verður ekki horft fram hjá því að rekja megi veikleika í rannsókn- og þróunarþætti ferðamála að nokkru leyti til þess að ekki hafi verið lögð á það áhersla að efla rannsóknastofnun með það skilgreinda hlutverk að stunda rannsóknir á sviði ferðapjónustu. Veit þetta ekki sist að grunnrannsóknum. Ljóst er að skil milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna eru óskýr. Rannsóknir, sem gagnast ferðapjónustu, eru í eðli sínu þverfaglegar og tengjast mörgum greinum vísinda og fræða, bæði náttúruvísinda og hugvísinda, en einnig tæknivísinda eins og margmiðlun.



Þær meginhugmyndir, sem reifaðar eru í þessari skýrslu, kalla á að sú stöðþjónusta, sem atvinnugreinin þarf að njóta við framtíðarþróun sína, verði styrkt verulega. Fjárhagslegt svigrúm Ferðamálaráðs til að efla rannsóknir og þróunarverkefni þarf að auka talsvert. Er lagt til að í áföngum verði fjárveiting Ferðamálaráðs til rannsókna hækkuð í 20 milljónir. Væri það framlag einkum ætlað til kaupa á rannsóknþjónustu en ekki til rekstrar.

Lagt er til að samstarf Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri um Ferðamálasetur Íslands verði eftt með þeim hætti að setrið njóti beinna framlaga á fjárlögum. Er gerð tillaga um 20 milljón króna árlegt framlag, sem náð verði í áföngum á næstu 4 árum. Með þessum hætti yrði Ferðamálasetri Íslands auðveldað að snúa sér af meiri krafti að ýmsum áhugaverðum rannsóknaverkefnum, sem tengjast þróun ferðapjónustunnar og stefnumótun, samþættingu menningarmála og ferðamála og markaðsrannsóknnum. Yrði hér að talsverðu leyti um að ræða grunnrannsóknir á nýju sviði almennra rannsókna, þar sem viðfangsefnið yrði nútíma-menning og menningararfur, hlutverk menningarstarfsemi í samfélaginu, kynning á menningu og tengsl kynningarstarfsemi við skapandi listir. Er þetta verkefnissvið skilgreint með hliðsjón af því að í flestum framtíðarspám er gert ráð fyrir því að menn muni verja mun meiri tekjum og tíma ævinnar í ferðalög og tengja slík ferðalög menntun og menningu. Er að þessu leyti afar brýnt að líta á það sem sjálfstætt viðfangsefni að kryfja til mergjar aðdráttarafi menningar og menningarlegra sérkenna, þýðingu þessara þátta fyrir mentakerfi, atvinnulíf og samfélagið í heild, og fá sem gleggstan skilning á þá miðlun, sem best muni nýtast til að koma til móts við þessar nýju áherslur ferðamanna og almennings yfirleitt.

Hlutur sjálfstæðra stofnana hefur farið mjög vaxandi á síðari árum. Reykjavíkúakademían hefur t.d. komið með athyglisverðum hætti að uppbyggingu safna, sem marka nýmæli í ferðapjónustu. Fornleifastofnun Íslands og aðrir aðilar hafa á síðustu árum unnið mikið fyrir bæjarfélög og hreppa við skráningu á fornleifum. Þær upplýsingar hafa verið notaðar í ferðabæklingum en eiga einkum eftir að hafa þýðingu fyrir ferðapjónustuna eftir því sem sú þekking, sem fornleifafræðin aflar, vex og finnur sér leið inn í söfn og kynningargögn. Afar brýnt er að hlúa að starfsemi slíkra stofnana, sem veita rótgrónari opinberum stofnunum aðhald og samkeppni. Ekki síst er brýnt að finna leiðir til að efla aðkomu slíkra stofnana að framkvæmd þróunarverkefna og nýsköpunar í ferðapjónustu. Lúta tillögur skýrslunnar um menningarsjóð ferðamála m.a. að þessu.

Reikna verður með því að þær hugmyndir sem lúta að kynningu ýmissa sviða menningararfsins, sem lítillar athygli hafa notið í rannsóknnum, krefjist nýrrar tegundar verkefna, sem í eðli sínu eru þverfaglegri og hagrænni en venjuleg

verkefni og kalla á samvinnu margra faggreina, svo sem bókmenntafræði, sagnfræði, náttúrufræði, fornleifafræði, hagfræði, viðskiptafræði og upplýsingatækni. Er að því leyti brýnt að skilgreina sérstök rannsóknaverkefni á þessum sviðum og ýta undir framkvæmd þeirra.

Æskilegt væri hins vegar að tekið yrði tillit til áherslna og sérþarfa ferðapjónustunnar við vinnslu slíkra verkefna, þannig að hinn hagnýti þáttur marki að nokkru leyti ramma um rannsóknirnar. Er með því átt við að t.d. rannsóknir á þeim upplýsingum um íslenskt og norrænt miðaldasamfélag sem fólgnar eru í fornum lagatextum, yrðu frá upphafi unnar með hliðsjón af því að slíkar upplýsingar yrðu eftir föngum nýttar í ferðapjónustu. Þannig væri hægt að forgangsraða verkefnum eftir tvíhliða mælikvarða, þ.e.a.s. miðað við gildi þeirra fyrir menningarstarfsemi og fyrir ferðapjónustuna. Þá má einnig gera ráð fyrir að þörf verði á verulegum markaðsrannsóknnum, bæði til að kanna sérstaklega markaðsmöguleika menningartengdrar ferðapjónustu svo og til að festa hendur á vísbendingum markaðanna um æskilega uppbyggingu þjónustunnar hér á landi.

Þar sem verkefnið menningartengd ferðapjónusta nær yfir málavíð sem falla undir a.m.k. tvö ráðuneyti, kallar það á verulega samhæfingu á rannsóknarmarkmiðum og á sérstök vinnubrögð þeirra sem skipuleggja og marka stefnu í íslenskum rannsóknamálum. Ekki síst krefst verkefnið þess að bein tengsl og auðveldar boðleiðir skapist milli framkvæmdavalds, rannsóknnaaðila og þróunarstofnana. Núverandi skipan mála auðveldar ekki það verkefni að samstilla krafta þeirra aðila sem halda utan um stefnumörkun og framkvæmd rannsókn- og þróunarmála.

Meðal þess, sem áunnist hefur í starfi Rannsóknaráðs ríkisins og Vísindaráðs og síðan 1995 með starfi Rannsóknaráðs Íslands, er ekki síst hið stranga faglega mat sem nú er lagt á umsóknir um rannsóknastyrki og það aðhald sem slíkt mat veitir. Það sem enn skortir á eru fullnægjandi tengsl milli pólitískrar forystu í atvinnumálum og rannsókn- og þróunarstarfsemi. Þessi tengsl eru þeim mun vandmeðfarnari sem verkefnin, sem tengja þarf, heyra undir tvö eða jafnvel fleiri ráðuneyti. Er að þessu leyti brýnt að leita leiða til að styrkja þessi tengsl í stjórnkerfinu.

Rannsóknir og þróunarvinna eru mikilvægar forsendur stefnumörkunar. Þar sem verkefnið menningartengd ferðapjónusta er efnislega mjög margslungið og fellur a.m.k. undir tvö ráðuneyti, yrði samstarf á ráðuneytisstigi til að gera stefnumörkun í rannsóknnum markvissari og rannsóknastarf í heild öflugra. Auk þess myndu tengsl ferðamála og menningarmála við slíka tilhögun öðlast meira vægi innan stjórn mála og stjórnkerfis.

Lagt er til að tvisvar á ári verði haldnir sameiginlegir

fundir ráðuneyta menntamála og samgöngumála ásamt Rannsóknaráði Íslands, Ferðamálaráði Íslands og Markaðsráði ferðaþjónustunnar, þar sem samræmdar verði áherslur í rannsóknum og þróunarstarfi. Markmið með slíkum samráðsfundum væri almennt að styrkja stefnumótunarvinnu, og sérstaklega að samræma sjónarmið þeirra sem með menningar- og ferðamál fara, beita sér fyrir markvissum rannsókn- og þróunaráttum og tryggja að aðilar sem annast kynningar- og upplýsingastarfsemi og hafa næma tilfinningu fyrir markaðsáætlaðum, komi að slíkum þróunarmálum nægilega snemma. Æskilegt væri

einnig að ráðuneytin tvö tilnefndu fulltrúa til að fylgja eftir árangri í samþættingu verkefna ráðuneytanna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu og skiluðu þeir árlegri skýrslu um stöðu mála.

Hugmyndir um breytt rannsóknaráð, sem menntamálaráðherra viðraði á síðasta ársfundi Rannsóknaráðs Íslands, gætu leyst það úrlausnarefni, sem hér er bent á, að því tilskildu að ráðuneyti ferðamála kæmi að hinu nýja rannsóknaráði með svipuðum hætti og önnur atvinnu- umálaráðuneyti.

## 6.4 UPPLÝSINGAMIÐLUN

**A**ukin tengsl menningar og ferðaþjónustu krefjast viðamikillar og vel skipulagðrar upplýsingamiðlunar. Mikilið virðist skorta á að upplýsingum um menningarviðburði sé komið á framfæri við ferðamenn, jafnvel þótt nokkuð þróaðir farvegir séu til fyrir slíka upplýsingamiðlun. Kvartað er yfir meintu áhuga- og andvaraleysi innan ferðaþjónustunnar og stofnana hennar á menningarstarfsemi og miðlun upplýsinga um hana. Ekki er það þó einhlítt, því að sama skapi virtist bera á því að þær leiðir til miðlunar upplýsinga, sem ferðaþjónustan býður upp á, hafi ekki verið nýttar sem skyldi af þeim sem standa fyrir menningarviðburðum. Ljóst er að bæta þarf tengsl milli þessara geira atvinnulífsins. Í stefnumótun í ferðamálum, sem unnin var frá 1996 til 1998, var lagður grunnur að þróun upplýsingamiðlunar almennt og uppbyggingu upplýsingamiðstöðva um allt land. Nokkrar þessara upplýsingamiðstöðva eru reknar af sveitarfélögum með fjárhagslegri aðkomu og faglegu eftirliti Ferðamálaráðs Íslands. Nú starfa slíkar upplýsingamiðstöðvar á Keflavíkurflugvelli, í Reykjavík, Borgarnesi, á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði og í Hveragerði. Auk þess eru víða reknar upplýsingamiðstöðvar á vegum sveitarfélaga og rekstraraðila.

Ferðamálaráð safnar upplýsingum um þjónustuframboð á Íslandi í tölvutækan gagnagrunn. Sá grunnur er gefinn út tvisvar á ári og er einnig gerður aðgengilegur á vef ráðsins, þar sem hann er sífellt uppfærður. Ferðamálaráð hefur ráðið verkefnisstjóra sem fer með eftirlit með upplýsingamiðstöðvum og annast jafnframt gæðaeftirlit og öryggismál.

Ljóst er að ef ráðist verður í það viðamikla verkefni að innleiða menningartengda ferðaþjónustu sem eina af undirstöðum atvinnugreinarinnar veður að efla og bæta þetta kerfi verulega. Er því lagt til að sérstökum tengilið verði komið upp milli menningarstarfsemi og ferðaþjónustu til að tryggja virka miðlun upplýsinga. Slíkur tengiliður yrði á vegum Ferðamálaráðs Íslands. Hlutverk hans er að tryggja sem besta upplýsingamiðlun um menningarviðburði innan ferðaþjónustunnar og gera atvinnugreinina að áhugaverðum og árangursríkum samstarfsaðila menningarstarfseminnar. Tengiliðurinn myndi samræma starfsemi upplýsingamiðstöðva, setja þeim sameiginleg markmið og efla samstarf þeirra. Með eftirlit, gæðamat og öryggismál yrði eftir sem áður farið á öðrum vettvangi innan Ferðamálaráðs Íslands.

## 7. Stefnumörkun: Menningarferðir sem hluti af heild

---

**E**ins og áður hefur komið fram er aðráttarafl Íslands einkum náttúra landsins, enda hefur hún, í öllum sínum fjölbreytileika, verið undirstaða landkynningarstarfs. Mikil áhersla hefur verið lögð á hreinleika íslensks umhverfis og ósnortin víðerni landsins. Ljóst er að slíkar áherslur geta skapað vanda, ef ferðamönnum fjölga mikið.

Aðráttarafl íslenskrar náttúru á innlenda og erlenda ferðamenn er talsvert flókið fyrirbæri. Margir Íslendingar líta á svokölluð ósnortin víðerni sem mikilvægan hluta af umhverfisverðmætum þjóðarinnar og er óhætt að fullyrða að þeim fer fjölgandi sem líta á þessi víðerni sem hluta af lífsgæðum og lífsstíl. Reikna má með því að þessi hluti þjóðarinnar sé viðkvæmur fyrir því að mikil fjölgun ferðamanna yrði á hinum svonefndu ósnortnu víðernum landsins, enda hljóta því að vera takmörk sett, hve lengi þau geta talist ósnortin af ferðamönnum. Það er ljóst að ferðaþjónustan þarf að huga að því við framtíðarþróun greinarrinnar, að hún verði í fullri sátt við þá Íslendinga, sem líta á öræfi og ósnortin víðerni sem hluta af lífsgæðum sínum og lífsstíl.

Þeir erlendir ferðamenn, sem leggja leið sína um öræfin, eru fremur lítt hluti af heildarfjöldanum. Meðal þeirra, sem þangað leita, heyrast raddir um að þar séu nú þegar helst til margir ferðamenn. Ferðaþjónusta, byggð á ímynd ósnortinna víðerna, hefur fremur lág þölmörk, ekki aðeins gagnvart mannvirkjum, heldur einnig gagnvart ferðamönnum.

Í augum margra erlendra ferðamanna hefjast hin lítt snortnu eða ósnortnu víðerni nánast við bæjardyr þéttbýlisins. Hægt er að auka þjónustu við þessa ferðamenn og fjölga þeim verulega án þess að markmiðum um sjálfbæra ferðaþjónustu sé stefnt í hættu.

Spáð er mikilli fjölgun ferðamanna. Fjölgun ferðamanna hefur í raun farið verulega fram úr markmiðum, sem

sett voru við stefnumörkun samgönguráðherra frá 1997. Þegar borin eru saman markmið markaðsáætlunar 1997 og rauntölur fyrir árið 2000, kemur þetta berlega í ljós. Markmið um fjölgun erlendra gesta var 6% á ári. Árið 2000 var gert ráð fyrir 254.000 erlendum gestum en þeir urðu 302.913, sem er 19,2% yfir áætlun. Markmið um aukningu gistinátta innanlandsferðamanna var 3% vöxtur að meðaltali 1996 – 2005, en frá 1996 til 2000 var aukningin 7,6%. Markmið um fjölgun gistinátta erlendra gesta 1996 – 2005 var 4%, en raunin varð 9,1% 1996 – 2000. Er ljóst að það hefur mikil áhrif á svigrúm Íslendinga til að markaðssetja landið einkum á forsendum náttúrunnar, ef hér verður á næstu árum jafn hraður vöxtur í greininni og verið hefur undanfarin ár. Kallar það á endurskoðun á helstu forsendum stefnumörkunar.

Í þessari skýrslu eru leidd að því rök að verulegir möguleikar séu á því að kynna þjóðina sem menningarþjóð og laða ferðamenn til landsins í senn á forsendum nútímameningar Íslendinga og menningararfs. Slíkar áherslubreytingar eru vel til þess fallnar að laga íslenska ferðaþjónustu að aðstæðum, sem hraður vöxtur í greininni mun skapa á komandi árum. Við kynningu á landinu og í þróun þjónustu, yrði athygli og áhuga ferðamanna þá beint jöfnum höndum að náttúru landsins og menningu.

Lagt er til að menningartengd ferðaþjónusta verði þróuð sem önnur meginstoð íslenskrar ferðaþjónustu.

Slík stefnubreyting krefst aðlögunartímabils. Lagt er til að á næstu 5 árum, þ.e. frá 2002 til 2007 verðigripið til margvíslegra aðgerða til að auðvelda atvinnugreininni að laga sig að því markmiði að leggja jafna áherslu á menningu þjóðarinnar og náttúru landsins. Slík stefnumörkun krefst breytinga bæði í uppbyggingu og fjármögnun ferðaþjónustunnar, í grunnþjónustu við atvinnugreinina og í kynningu og markaðssetningu.

## 8. Viðmælendaskrá

---

### 8.1 VIÐMÆLENDUR NEFNDARINNAR

Nefndin fékk til fundar við sig menn víðs vegar að af landinu með þekkingu og reynslu af ýmiss konar menningarstarfsemi og mikilvægi hennar fyrir ferðaþjónustu. Gestir nefndarinnar gerðu grein fyrir reynslu sinni og hugmyndum sínum um framtíð menningartengdrar ferðaþjónustu. Í samræðum nefndarmanna og gesta þeirra var leitast við að varpa ljósi á möguleika grein-  
arinnar og heppilegar leiðir ríkisvaldsins til að skapa henni grundvöll.

#### Íslensk minjavarsla, byggðasöfn, fornleifarannsóknir:

*Birna Gunnarsdóttir, skráningarstjóri fornleifadeildar Þjóðminjasafns*  
*Hjörleifur Stefánsson, arkitekt og þáv. minjastjóri Þjóðminjasafns*  
*Orri Vésteinnsson, fornleifafræðingur*  
*Sigríður Sigurðardóttir, forstöðumaður Byggðasafns Skagafjarðar, fulltrúi í Þjóðminjaráði*

#### Lista- og menningarhátíðir:

*Ágúst Ágústsson, markaðsstjóri Reykjavíkurhafnar, Hátíð hafsins*  
*Elísabet Þórisdóttir, forstöðumaður Gerðubergs, v. Menningarnatur*  
*Harpa Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík*  
*Helga Ingólfssdóttir, tónlistarmaður og stjórnandi Skálholts hátíðar*  
*Sveinn Einarsson, formaður Listahátíðar*

#### Möguleikar íslenska búningans:

*Ásdís Birgisdóttir, ritari Heimilisiðnaðarfélags Íslands, verkefnisstjóri Þjóðbúningaverkefnis*  
*Elsa E. Guðjónsson, textil- og búningafræðingur, frrv. starfsmaður textildeildar Þjóðminjasafnsins*  
*Oddný Kristjánsdóttir, klæðskeri og kennari í Þjóðbúningasaumi við Heimilisiðnaðarskólann*  
*Sigrún Helgadóttir, líffræðingur og kennari, itur í skólanefnd Heimilisiðnaðarskólans*

#### Íslenskt handverk:

*Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Handverks og hönnunar*

#### Framtak einstakra safna og fyrirtækja:

*Arthur Björgvin Bollason, forstöðumaður Sögusetursins á Hvolsvelli*  
*Gunnsteinn Ólafsson, hljómsveitarstjóri, talsmaður Þjóðlagaseturs séra Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði*  
*Heimir Hansson, sagnfræðingur, Byggðasafni Vestfjarða, Ísafirði*  
*Hörður Sigurbjarnarson, framkvæmdastjóri Norðursiglingar á Húsavík*  
*Örlygur Kristfinnsson, myndlistarmaður og forstöðumaður Sildarminjasafnsins á Siglufirði*

#### Rannsóknir á menningartengdri ferðamennsku og áætlanagerð:

*Jón Jónsson, þjóðfræðingur*  
*Rögnvaldur Guðmundsson, ferðamálafræðingur*

**Íslenski hesturinn, reiðmennska og tamningalist:**

*Sigurbjörn Bárðarson, bestamaður og margfaldur Íslandsmeistari í hestamennsku*

*Sveinbjörn Eyyólfsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, formaður stjórnar Hestamiðstöðvar Íslands*

**Veitingarekstur og menningarminjar:**

*Jóhannes Viðar Bjarnason, forstjóri Fjörukrárinna og Vest-norræna menningarhússins, Hafnarfirði*

**Hlutverk Byggðastofnunar:**

*Dr. Guðrún Helgadóttir, menningarráðgjafi Byggðastofnunar*

**Skörun við verkefni á vegum menntamálaráðuneytis:**

*Karitas Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri, menntamálaráðuneyti*

Í samræðum nefndarmanna var auk þess fjallað um ýmsa aðra þætti íslenskrar menningar, tengsl þeirra við ferðaþjónustu og möguleika á hagnýtum notum til eflingar atvinnugreinarinnar.

## 8.2 VIÐMÆLENDUR SKÝRSLUHÖFUNDAR:

*Andri Snær Magnason rithöfundur*

*Arthúr Björgvin Bollason, forstöðumaður Sögusetursins á Hvolsvelli*

*Björn Brynjúlfur Björnsson, formaður Félags kvikmyndagerðarmanna*

*Bolli Gústavsson vígslubiskup*

*Egill Ólafsson tónlistarmaður*

*Einar B. Pálsson verkfræðingur*

*Einar Gústafsson, forstöðumaður ITB New York*

*Erlendur Jónsson, forstöðumaður tæknisviðs Rannsóknaráðs Íslands*

*Ernst Backman, iðnhönnuður og auglýsingateiknari*

*Elsa E. Guðjónsson, textíl- og búningafræðingur*

*Gísli Jónsson, fyrrv. menntaskólakennari*

*Guðmundur Oddur Magnússon, deildarstjóri í grafískri hönnun, Listaháskóla Íslands*

*Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, deildarstjóri ferðamálabrautar Hólaskóla*

*Guðrún María Kristinsdóttir, forstöðumaður Minjasafnsins á Akureyri*

*Gunnsteinn Ólafsson tónlistarmaður*

*Hannes Sigurðsson, forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri*

*Haraldur Bessason, fyrrv. rektor Háskólans á Akureyri*

*Helgi Vilberg, skólastjóri Myndlistarskólans á Akureyri*

*Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands*

*Hjörleifur Stefánsson arkitekt*

*Hörður Sigurbjarnarson, framkvæmdastjóri Norðursiglingar*

*Jóhann Sigurðsson, Bókautgáfa Leifs Eiríkssonar*

*Jón Hjaltason sagnfræðingur*

*Jón Gunnarsson, formaður Slysavarnarfélagsins Landsbjargar*

*Jón Hörðdal, framkvæmdastjóri SmartVR*

*Jónas Tómasson tónskáld*

*Kári Bjarnason, Collegium Musicum*

*Kristján Kristjánsson, prófessor Háskólanum á Akureyri*

*Kristján Kristjánsson, forstöðumaður vísindasviðs Rannsóknaráðs Íslands*

Magnús Ágeirsson, framkvæmdastjóri söluskrifstofu Flugleiða, París  
Magnús Oddsson ferðamálastjóri  
Margrét Hermanns-Auðardóttir fornleifafræðingur  
Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður  
Oddný Óladóttir, verkefnisstjóri viðhorfskannana FMR  
Pétur Rafnsson, verkefnisstjóri gæða-, upplýsinga og öryggismála FMR  
Rut Ingólfssdóttir fjðluleikari  
Sigmar B. Hauksson markaðsráðgjafi  
Sigurður Ólafsson, markaðsstjóri CCP  
Sigurður Pálsson rithöfundur  
Skúli Skúlason, skólameistari Hólaskóla  
Stefán Karlsson handritafræðingur  
Svanhildur Konráðsdóttir, kynningarstjóri Reykjavíkur menningarborgar Evrópu árið 2000  
Svavar Gestsson, aðalræðismaður Íslands í Kanada  
Trausti Jónsson veðurfræðingur  
Tryggvi Gíslason, skólameistari M.A.  
Vésteinn Ólason, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar  
Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs Íslands  
Þorfnur Ómarsson, forstöðumaður Kvikmyndasjóðs  
Þorsteinn Vilhjálmsson eðlisfræðingur  
Þorvaldur Þorsteinsson, myndlistarmaður og rithöfundur  
Þórarinn Eldjárn rithöfundur  
Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri  
Örlygur Kristinnsson, forstöðumaður Sildarminjasafnsins Siglufirði

# Leitin að Mónu Lísu

HUGLEIÐING UM MENNINGARTENGDA FERÐAÞJÓNUSTU Á ÍSLANDI  
*unnið að beiðni formanns Ferðamálaráðs Íslands*

©Andri Snær Magnason  
Reykjavík 2001

## INNGANGUR

Það var snemma á árinu 2000 sem Tómas Ingi Olrich formaður Ferðamálaráðs Íslands bað mig um að leggja höfuðið í bleyti og velta upp hugmyndum um leiðir til að kynna menningararf Íslendinga. Ég fékk nokkuð frjálssar hendur en var beðinn sérstaklega um tengsl við sögustaði og notkun á upplýsingatækni til að miðla sögunni. Niðurstaðan varð sú að í stað þess að endurtaka þá orðræðu sem oft sést á skýrslum og á prenti þá ætla ég að leyfa mér að skoða þessi mál í nokkru öðru samhengi og útfrá sjónarhorni sem ég vona að sé að einhverju leyti nýtt. Ég ætla fyrst að skoða menningararfinn utanfrá í kafla eitt sem heitir: Leitin að Mónu Lísu. Þar er ég með ákveðna kenningu sem ég tel að menn ættu að hugleiða vandlega. Sá hluti skýrslunnar byggist á einni skýrri hugmynd sem varð styttri og skýrari eftir því sem ég eyddi lengri tíma í að hugsa hana. Á eftir umræðunni um Mónu Lísu legg ég til að ákveðnu verkefni verði hrundið í framkvæmd sem heitir Öld ársins. Hin hugmyndin fjallar um Þingvelli og ósýnilega sögu staðarins. En leitum fyrst að Mónu Lísu:

## LEITIN AÐ MÓNU LÍSU

- HUGLEIÐINGAR UM AÐDRÁTTARAFL -

Á skólaárunum er heimsmynd hins dæmigerða Vesturlandabúa mótuð. Þá lærir maður um helstu menningarsamfélög heims í nútíð og fortíð. Maður lærir um Forn-Grikkí, Rómaveldi, Egypta, Azteka og margt fleira. Allir þessir miklu menningarheimar eiga sér síðan einhvern brennipunkt, einhverja miðju þar sem heimurinn kristallast og situr eftir í huga manns í einu tákni. Þetta tákni getur verið stytta, málverk, rústir eða minnismerki. Brennipunktur hinnar forngrísku menningar og goðafræði er Akropolisarhæð í Aþenu. Rómaveldi kristallast í Colosseum í Rómaborg. Þar á kristnin sér einnig ákveðinn miðpunkt í Péturskirkjunni og hún á sér fleiri miðpunkta í Betlehem og Jerúsalem. Egypska menningin kristallast í píramíðunum og Svinxinum, Aztekamenningin í píramíðum í Mexíkó, Mayamenningin við Snákapíramíðann, Kínverski menningarheimurinn í Kínámúrnum og svo má lengi telja en þó ekki mjög lengi, menningarheimarnir sem standa uppúr og rata í kennslubækur á grunnskólastigi Vesturlandabúa eru í rauninni frekar fáir. Maður lærir um ótal fleiri staði og listaverk sem verða miðjur ákveðinna tímabila eða jafnvel tákni fyrir heilar þjóðir, Móna Lísa, Eiffeltúrninn og Notre Dame söga fólk til Parísarborgar, Empire State byggingin og Frelsisstytan í New York, Hafmeyjan í Kaupmannahöfn, Ásbergsskipið í Noregi. Allir eiga þessir staðir eitt sameiginlegt: Maður lærði um þá í grunnskóla, en man lítið eftir þeim í smáatriðum, ártöl, nöfn og annað er horfið úr minninu en samt er táknið greipt í huga manns og þar stendur það í einkennilegum ljóma en það sem undarlegra er:

*Maður veit innst inni að áður en ævin er öll ætlar maður að hafa séð þessi tákni.*

## AÐ SAFNA HEIMINUM

Svona ferðast fólk um heiminn: Ástæðurnar fyrir því að eitt land eða borg verður fyrir valinu en ekki önnur eru oft lítilfjörlegar. Kirkja. Mynd. Turn. Nokkrar mínútur í návígi við grip með mikla menningarsögulega áru er jafnvel nóg til að afsaka nokkurra daga dvöl á einhverjum stað. Þegar maður er kominn á staðinn á annað borð þá lætur maður smærri tákni toga sig um víðan völl. Eitt stórmerkilegt listaverk dregur mann inn á safn þar sem maður kynnist öðrum merkilegum listaverkum en það er samt yfirleitt táknið sem veldur því að maður rambaði inn í fyrsta lagi. Borgir eru flestar fremur keimlíkar, yfirleitt er það aðeins táknið sem gerir gæfumuninn. Í öllum borgum eru bílar og hús og veitingastaðir og verslanir og úthverfi. En hvað væri Písa án turnsins? Hvað er Belgía? Hvað þarf maður að hafa séð í Belgíu sem menningarlegur heimsborgari? Saga Belgíu er eflaust merkileg, en þar virðast ekki vera heimsfrægar minjar eins og Móna Lísa eða listaverk sem vöktu áhuga manns í barnaskóla og þar af leiðandi verða aðrir staðir eða önnur lönd fyrir valinu þegar maður safnar heiminum.

## AÐDRÁTTARAFL ÍSLANDS

Náttúran dregur tugþúsundir manna til landsins árlega. Sífelld stærri hluti heimsins veit af hreinni náttúru landsins, jöklum, hverum, fossum og auðn og á einum degi geta menn fundið allt þetta og meira til. Gullfoss, Geysir, Dettifoss, Bláa lónið eru tákni sem mörgum náttúruunnendum finnst þeir verða að hafa séð og þeir geta auðveldlega séð, en á milli náttúruundra er landslag sem mönnum þykir ekki minna undur. Menn láta síðan táknið draga sig kringum landið. Sum svæði eiga engin slík tákni eða undur og straumurinn fer jafnvel allur fram hjá slíkum svæðum. Í mynd landsins virðist standa fyllilega undir sér og þeir sem koma verða flestir hverjir dolfallnir. Það helsta sem margir náttúruunnendur þróa er frí frá allri menningu og mannanna verkum, þeir þróa einsemd, kyrrð, víðáttu, þeir vilja hafa það á tilfinningunni að enginn hafi áður stigið niður fæti þar sem þeir stíga niður fæti. Fyrsta fótsporið á tunglinu tilfinningin. Í seinni tíð hefur Björk orðið eitt af þessum táknum sem draga athyglina að íslenskri nútímamenningu og tísku, hún er gæðastimpill og gullfótur sem smitar allt annað sem listamenn fást



við, hún er segullinn sem veldur því að nú flækjast menn hingað í vetrarferðir á Kaffibarinn. Menntu eru í óða önn að byggja upp menningartengda ferðapjónustu í kringum landið. Það hlýtur að vera markmið þeirra að sem flestir þeirra sem koma til landsins komi jafnvel gagnert vegna áhuga á sögu eða menningu, fremur en einskærum áhuga á sögu og mannleysi í náttúru Íslands. Of sterk náttúruímynd án tengingar við menninguna gæti valdið ranghugmyndum um að landið sé nánast óbygglegt. Mjög margir í heiminum hafa þessar ranghugmyndir og geta varla ímyndað sér að hér séu hús eða bílar, hvað þá börn.

## HVAR ER SEGULSTÁLID?

En þá erum við loksins komin að umræðunni um táknið, Mónu Lísu og menningartúrista sem safna slíkum táknum: Eigum við eitthvað listaverk sem er svo merkilegt að fólk gæti viljað koma hingað gagnert til að sjá það? Eigum við eitthvað sem menningarlegum heimsborgara finnst hann verða að hafa séð? Hvað heitir merkilegasta listaverk á Íslandi? Hvaða gripur á Íslandi hefur haft djúpstæðustu áhrif á aðrar þjóðir? Hvaða gripur er með svo mikla stöðuorku að menn geta hafið hann á stall og sagt: Þetta er einn merkilegasti gripur í heimi, samanborið við það allra merkilegasta sem er varðveitt á merkustu menningarsvæðum heims? Á Þjóðminjasafnið slíkan grip? Eigum við alþjóðlega mikilvæga kaleika eða koparklukkur? Er það kannski Valþjófsstaðahurðin eða Miðhúsasilfrið? Gætum við sagt að slíkir gripir standi jafnfætis víkingaskipum, endurreisnarmálverkum, dómkirkjum eða konungsersemum? Eigum við einhvern forngríp sem mönnum þætti ástæða til að koma hingað gagnert til að sjá og fræðast meira um? Nú legg ég til lesandi góður að þú hugsir þig vel um. Ferðamaður verður að hafa séð Bláa lónið, Geysi og Gullfoss en hvaða mannanna verk verður hann að hafa séð? Hverju myndi Íslendingur svara er ferðamaður spyrði hann: Hvar get ég séð merkilegasta listaverk á Íslandi? Ferðamaðurinn myndi að öllum líkindum koma að tónum kofanum. Hinn venjulegi Íslendingur sem á ekki í vandræðum með að vísa mönnum á náttúruperlu myndi eiga í miklum vandræðum þegar kemur að mannanna verkum, söfnum eða menningarverðmætum, hann væri líklega ekki alveg viss hvort Kjarval eða nútímamyndlist væri nógu stórmerkileg fyrir útendinga, hver einasta borg í Evrópu á mikið af framúrsteftnulegri samtímamyndlist og gömlu meistara þeirra eru mörgum öldum eldri en þeir sem við köllum gamla meistara. Líklega myndi hinn almenni Íslendingur enda á því að vísa mönnum í Kringluna eða Perluna.

## ER ÞÁ ENGIN MÓNA?

Á öllum skólastigum í Evrópu læra menn um norræna goðafræði, allt frá leikskólum (einkum á Norðurlöndum) upp í háskóla. Hún er einn sterkasti þátturinn í söguvitund Norðurlandabúa og milljónir manna í þessum löndum eyða eða hafa eytt miklum tíma í að lesa og læra um þennan menningarheim á hverju ári. Í Skandinavíu er farið miklu dýpra í hann heldur en til dæmis menningu Forn-Grikkja og Egypta. En hvar er miðjan? Hvar er táknið? Er engin Móna Lísa norrænnar goðafræði? Engin Akropolis? Ekkert hof? Engar minjar? Hvar er miðjan? Hvert á áhugamaður um norræna goðafræði að fara? Hvar komast menn í tæri við áruna sem fylgir fornum gripum og frummyndum listaverka? Allir vita hvernig Móna Lísa lítur út, milljónir eftirprentana hafa verið gerðar og allir hafa „séð“ Mónu Lísu, samt sem áður, eða öllu heldur einmitt þess vegna, streyma menn að til að sjá frummyndina. Það er eitthvað í eðli mannsins sem veldur því að hann vill verja miklum tíma og eyða talsverðum peningum til að komast í tæri við ljómann sem stafar af frummynd listaverks.

*En hvar kemst maður í tæri við ljómann sem stafar af frummynd norrænnar goðafræði? Hvar er táknið? Svarið er fremur einfalt: Í augnablikinu er miðjan hvergi, hún er alls staðar og hvergi, miðjan er dreifð um alla Skandinavíu og þannig er hún í rauninni hvergi.*

## MIÐJAN, TÁKNIÐ, GRIPURINN: SAFNIÐ

Hér kemur fullyrðing:

*Konungsbók Eddukvæða er eini forngripurinn á Íslandi og í heiminum öllum sem getur gert tilkall til þess að vera táknið: Miðja norrænnar goðafræði. Gripurinn sem þú verður að hafa séð sem menningarlegur heimsborgari.*

Konungsbók Eddukvæða er Móna Lísa. Það er ekki víst að menn geri sér grein fyrir því hvað þetta er mikilvægt gat sem við getum fyllt upp í. Fólk veit yfirleitt fremur lítið um önnur lönd eins og áður sagði. Hvert stikkorð sem hægt er að bæta við það sem fólk veit og tengir við Ísland er ótrúlega mikilvægt og verðmætt. Í höfði milljóna manna er gat þar sem hægt er að stinga inn þessu stikkorði og tengja það við alvöru grip og glæsilegt og lifandi safn sem fólk ætti að vilja sjá. Miðpunktur norrænnar goðafræði. EDDA yrði stikkorðið, undir því væru síðan Konungsbók sem merkilegasti gripurinn ásamt heimsmyndinni eins og hún birtist okkur í Snorra-Eddu og þar í kring væri sagan, heimildir og bókmenntaarfurinn í heild sinni með tengingar í

allar áttir. Valþjófsstaðahurðin er einn merkilegasti gripur Þjóðminjasafnsins en hún opnar samt ekki fyrir manni mikið stærri heim en þann sem birtist á hurðinni sjálfri. Það sama á við um Mónu Lísu en á hverri blaðsíðu Eddu opnast hins vegar veröld sem er einstök í sinni röð.

## EN HAFNA MENN ÁHUGA?

Menn hafa vissulega áhuga enda þyrfti ALGJÖRT klúður til að gera norrænu goðafræðina óáhugaverða, persónur Eddukvæðanna eru of litríkar, atburðir of stórbrotinir og þar má finna allt frá aulafyndni og grótesku til heimspekilegrar alvöru. Hvernig getur Fáfnir verið óspennandi? Hvernig getur maður ekki heillast af Miðgarðsorminum? Hversu hryllilega dramatískt og heillandi er það ekki þegar Guðrún Gjúkadóttir ber börn sín á borð fyrir Atla? Hversu mörg lönd í heiminum eru svo heppin að hafa varðveitt heimsmynd með sköpunarsögu og ragnarökum og öllu tilheyrandi og forðað þar með frá eilífri gleysku? Ég skal svara því hér og nú: Þau eru teljandi á 10 fingrum ásamt einni ták í mesta lagi. Enginn gripur/listaverk á Íslandi hefur haft jafn rækileg menningarsöguleg áhrif á mikilmenni og listamenn í heiminum. Ekkert listaverk hefur haft jafn sterk áhrif á hugmyndaheim fólks um víða veröld. En ótrúlegt en satt: EKKERT af þessu er sýnilegt í yfirborðsmynd ferðamennsku á Íslandi. Fáfnir, Sigurður Fáfnisbani, Miðgarðsormur, Óðinn, Þór, Fenrisúlfr, Ragnarök. Nánast ALLT þetta fer fram hjá ferðamanni sem kemur til Íslands.

## ÆÐ KVEIKJA Í FERÐAMÖNNUM

Við erum alltaf að tala um nauðsyn þess að miðla sögunni til okkar og annarra en ætla má að á hverjum fjórum árum komi og fari rúmlega milljón manns til og frá Íslandi án þess að athygli þeirra eða áhugi hafi verið vakinn á sögunni eða menningararfinnum á skipulegan eða nútímalegan hátt. Margir ferðamenn eru auðvitað með asbestheila sem ekki er hægt að kveikja í en eldfimrir ferðamenn eru miklu fleiri og þeir ráfa um landið í leit að einhverju sem getur kveikt í þeim. Þegar menn koma til landsins í fyrsta skipti vita þeir yfirleitt ekki hvað er merkilegast og hvað ekki. Það erum VIÐ sem eigum að koma til þeim skilaboðum um hvað er ekta og hvað ekki, hvað er merkilegt og hvað ekki, hvað er einskis virði og hvað er mikils virði.

## EDDA HEFUR MESTU STÖÐUORKUNA

Nú má deila um röksemdir mínar og að ég skuli taka Eddu fram yfir margt annað merkilegt. En ástæðan er sú að menningarsögulega hefur Edda haft mest áhrif á heimsmenninguna og hún mun hafa þessi áhrif um ókomna framtíð. Edda tengist líka fleiri sammannlegum og fjölbjóðlegum þáttum en önnur verk, tengist listamönnum og arfi annarra þjóða sérlega sterkum böndum og Eddukvæðin eru auk þess taldir með elstu bókmenntum sem hér hafa varðveist. Frá þessum grip er hægt að beina athygli manna að öðrum fyrirbærum sem eru merkileg en hafa ekki jafn mikla stöðuorku eða jafn sterkar tengingar við menningarsögu grannþjóðanna eða hugmyndasögu heimsins. Þótt Njála sé til dæmis frábær saga þá er stöðuorka hennar ekki jafn mikil á heimsvísu þótt hún sé ef til vill meiri gagnvart okkur sjálfum. Íslendingasögur, tungumálið, tréskurður, klæðnaður, myndlist og tónlist og margt annað er auðvitað stórmerkilegt og ég er ekki að vanmeta þá þætti. En enginn „gripur“ hefur sömu áru og Konungsbók Eddukvæða, handrit Íslendingasagna eru yfirleitt í mörgum eintökum og þar af leiðandi er áran dreifðari. EDDA yrði notuð sem segull til að draga athygli manna að því sem er merkilegt en hefur minni stöðuorku. Eins og áður sagði þá er EITT stikkorð sem menn tengja við landið gríðarlega verðmætt, við getum ekki krafist djúprar þekkingar útlandinga á okkar sögu. En með því að lauma einu stikkorði og tengingu inn í vitund manna erum við komin með mikilvæga brú og eftir henni er hægt að flytja frekari upplýsingar og kveikja áhuga á fleiri sviðum. Stikkorðið er Edda sem miðja norrænnar goðafræði, umhverfis hana er hægt að raða hverju sem er enda eru snertifletir Eddu svo ótrúlega margir. Sögurnar væru skammt undan, síðan hinar ýmsu sögulegu heimildir, Alþingi, landafundir, víkingar o.s.frv.

## HVAÐ VANTAR?

Það sem vantar er sýnilegur miðpunktur sem er lifandi og spennandi en um leið hávísindalegur og gáfulegur en fræðimenn, hönnuðir og arkitektar myndu vinna að hönnun húss, sýningar og miðlunar. Ég er ekki að tala um skemmtigarð eða Theme Park stemmningu, ekki plasthjálma og ég tek það fram að ég hræðist dálítið að skemmtigarðshugmyndir um plastvæðingu goðafræðinnar komist til framkvæmda áður en hugmyndir um alvöru safn verða að veruleika. Einnig er maður auðvitað smeykur um að svoleiðis fyrirbæri fylgi í kjölfarið en ef menn leyfa sér að vantrosta ekki fólki og gáfum þess þá ætti þetta ekki að þurfa að gerast. Menn mega ekki gleyma því að umbúðir segja ýmislegt til um innihaldið. Sögulegar heimildir sem eiga að teljast merkilegar á heimsælikvæðum og vera með því fremsta sem var hugsað fyrir mörg hundruð árum, þeim á að vera miðlað í húsi sem telst með því merkilegasta sem arkitektar eru að hugsa í dag, með aðferðum fremstu grafísku hönnuða og kennslu-

og sýningarfræðinga. Árnagarður hefur varla getað talist hæfilegar umbúðir í gegnum tíðina, hvort sem litið er til arkitektúrs, sýningarhönnunar, aðstöðu eða öryggis. Sýningarrýmið fyrir handritin er minna en eitt herbergi af 10 þar sem hjónarúm eru til sýnis í IKEA. 25 manns yfirfylla herbergið og þá verða strax miklar sveiflur í hita og rakastigi. En það á víst að reisa nýtt hús og ég kem betur að því á eftir.

*Stöðvorka Eddu er nógu mikil til að bera uppi aðsókn að fjölsóttasta ferðamannastað á Íslandi og ef menn vanda til verka er hægt að gera Þjóðminjasafn Íslands/Árnastofnun að einu virtasta safni á Norðurlöndum.*

## EN HVÆÐ FINNST ÍSLENDINGUM?

Íslendingar hafa ekki ákveðið sjálfir hver er merkasti gripur á Íslandi eða gripir, menningararfurinn sem oft er rætt um beinir athyglinni almennt að sögunni en ekki að einhverju efniskenndu þótt oft sé reyndar rætt um handritin í því sambandi. En eins og áður sagði er fátt sem bendir til þess að í Reykjavík leynist einhver merkasti forngripur í Norður-Evrópu. Reykjavíkurborg hefur ekki notað handritin og söguna í sínu kynningarefni en lagt meiri áherslu á sögu Reykjavíkur og nálægð við náttúruna: Next door to nature, næsti bær við náttúruna þótt sagan sé innanbæjar. Reykjavík hefur markaðssett sig sem menningarborg en ekki nýtt sér þá auðlind sem í því felst að eiga hér heimssögulega gripi. Menningin einkennist af tímabundnum uppákomum eða viðburðum fremur en eilífum kennileitum í menningarlandslaginu. Árbæjarsafn er ágætt en þar er ekki hin heimssögulega ára. Menn voru hættilir að vísa erlendum gestum á Þjóðminjasafnið með góðri samvisku enda var þar lengi vel ekki hægt að fá neinar upplýsingar á erlendum tungumálum og sýningin var orðin safngripur sjálf en hún stendur víst til bóta. Árnastofnun var heldur ekki mikil ferðamannaparadís, mönnum gekk illa að rata þangað og gengur enn, opnunartími var stuttur og móttökur upp og ofan þar til árið 1997 þegar sérstakur safnkennari var ráðinn sem hafði það að markmiði að taka á móti gestum og ekki sist börnum. Með þessu varð alger bylting en því miður höfðu margir vanist af því að eiga samskipti við stofnunina vegna opnunartímans sem var stuttur og svo voru menn „óheppnir“ með fræðara vikunnar enda truffaði hver heimsókn vísindamenn að störfum. Miðlunaraðferðir voru langt frá því að vera nútímalegar. Fjölmargin höfðu lokið langskólanámi í Árnagarði án þess nokkru sinni að hafa séð handrit. Ferðaskrifstofur leituðu annað með gesti og stórauðning á ferðamannastraumi skilaði sér ekki á safnið nema að litlu leyti, auk þess sem rútufylli sprengir af sér húsnæðið. Sýningar frá 1997 hafa verið veglegri en áður en samt hefur safnið ekki markað sér þann sess sem því ber.

SKILABOÐ:

### ÞÚ ÞEKKIR EKKI ÞÍNA EIGIN SÖGU NEMA ÞÚ HAFIR SÉÐ ÞESSA GRIPI:

Skilaboðin ættu að vera þessi: Ef þú ert áhugamaður um sögu heimsins eða Íslands, víkinga og norræna goðafræði eða sögu Norðurlandanna, áttu að hafa séð Konungsbók Eddukvæða og það glæsilega safn sem hýsir þann grip ásamt Snorra-Eddu og fleiri gripum. Ef þú ert áhugamaður um goðafræði heimsins og sammanlega þörf mannsins fyrir að ímynda sér upphaf og endi á heiminum og eitthvað sem er mannum æðra áttu að hafa séð Konungsbók og safnið kringum hana. Það á að vera hluti af sjálfsagðri menntun Íslendinga að hafa séð þetta handrit og þú hefur ekki komið til Íslands ef þú hefur ekki séð bókina og merkustu handritin og þú getur ekki farið frá Íslandi án þess að hafa með þér Eddu í kiljuútgáfu á ensku eða frönsku eða japönsku ásamt Íslendingasögu, fornaldarsögu, rímnadiski ásamt nýrri íslenskri skáldsögu og tónlist Bjarkar. Ekkert listaverk, enginn gripur sem er varðveittur á Íslandi eða jafnvel Norðurlöndum öllum hefur viðlíka fallþunga og Eddurnar, engin verk hafa ratað jafn víða í kennslubækur, verið þýdd á jafn mörg tungumál, hafa haft jafn víðtæk áhrif á stjórnmálamenn, heimspekinga og listamenn í öllum greinum um víða veröld: myndlistarmenn, tónskáld, kvikmyndagerðarmenn og ekki síst: Venjulegt fólk. Ekkert verk hefur tengst jafn mörgum þáttum í eðli mannsins. Allt frá helstu rithöfundum á Íslandi, til frábærra hugleiðinga Borgesar og stórskemmtilegra teiknimyndasagna og barnabóka eftir ýmsa höfunda til mikilfenglegrar tónlistar Wagners, alveg niður í táknanotkun norrænna rokkara og skallakolla svo ekki sé minnst á ólýsanlega grimmd þriðja ríkis nasismans þar sem norrænn arfur var misnotaður á óhugnanlegan hátt.

*Það er ekki galli að Edda lætur litið yfir sér og hún ætti ekki að hafa minna aðdráttarafl en skip eða kastali. Skip er bara skip og kastali er bara hús en Edda er heimur.*

## ENCYCLOPÆDIA BRITANNICA

Þetta kemur ef maður flettir upp á Edda í Encyclopædiu Britannicu á netinu:

### Edda

*title of two works in Old Icelandic. The Poetic (or Elder) Edda, the most valuable collection in Old Norse literature, is made up of 34 mythological and heroic lays (c.800-c.1200). The Prose (or Younger) Edda, probably written c.1222 by SNORRI STURLUSON, is a treatise on the art of Icelandic poetry and a compendium of Norse mythology and is the prime source on the subject.*

Eins og sjá má er þarna talað um „Old Icelandic“, ekki old Norse eins og yfirleitt hefði staðið fyrir nokkrum árum, þannig að fókusinn er nú þegar á Íslandi. Við þurfum ekki að koma Eddu á kortið en það er hægt að koma grip og safni inn í samhengið og skapa þannig miðjuna. Það er talað um „most valuable collection in Old Norse literature“ það eru frekar stór orð og um Eddu Snorra Sturlusonar er talað um „prime source of the subject“. Encyclopædia Britannica er virtasta og mest notaða alfræðirit í heimi, menn eru hættilir að gefa það út á bók heldur er það eingöngu á netinu og því ætti að vera auðveldara en ella að koma þangað inn beintengingu við grip eða hlut eða safn á Íslandi. Þetta kemur upp þegar leitað var á Alta Vista leit- arvélinni á Internetinu á orðinu EDDA:

#### *Description from The Reader's Catalog*

*Compiled in Iceland in the 12th or 13th century, The Poetic Edda is the principal compendium of Norse mythology.*

#### *From The Publisher*

*The collection of Norse-Icelandic mythological and heroic poetry known as the Poetic Edda contains the great narratives of the creation of the world and the coming of Ragnarok, The Doom of the Gods. The mythological poems explore the wisdom of the gods and giants, narrating the adventures of the god Thor against the hostile giants and the god's rivalries amongst themselves. The heroic poems trace the exploits of the hero Helgi and his valkyrie bride, the tragic tale of Sigurd and Brynhild's doomed love, and the terrible drama of Sigurd's widow Gudrun and her children. Many of the poems predate the conversion of Scandinavia to Christianity, allowing us to glimpse the pagan beliefs of the North. Since the rediscovery of the Poetic Edda in the seventeenth century, its poetry has fascinated artists as diverse as Thomas Gray, Richard Wagner and Jorge Luis Borges.*

## EN HVAÐ GRÆÐIR ÁHUGAMAÐUR UM NORRÆNA SÖGU EÐA NORRÆNA GOÐAFRÆÐI Á FERÐ TIL ÍSLANDS? OG HVAR ER HÆGT AÐ FÁ ÁHUGA Á HENNI?

Ef við ímyndum okkur einhvern sem hefur áhuga á norrænni goðafræði og víkingum og miðöldum sem kemur til Íslands þá er ólíklegt að ferðin breyti eða bæti eða styrki þennan mann sem áhugamann mjög mikið. Hann getur farið á Stofnun Árna Magnússonar en það er ekki víst að handritin sem vekja áhuga hans séu til sýnis á þeirri stundu og mjög ólíklegt að hann rekist á Konungsbók. Upplýsingar um goðin hanga ekki alltaf uppi og eru oft tilviljanakenndur samtíningur (ég tók þær sjálfur saman). Fyrir mann sem er virkilega kominn til að verða fyrir áhrifum, fræðast meira, dýpka skilninginn, þá hefði hann betur setið heima hjá sér og lesið Eddukvæðin eða Snorra- Eddu eða bækur um þessar bækur. Landslagið stendur auðvitað alltaf fyrir sínu en skilningur eða tilfinning fyrir sögunni dýpkar ekki mikið, fyrirlestrar, ítarefni eða námskeið eru ekki í boði, en ef þetta væri fjölsóttasti ferðamannastaður á Íslandi myndi allt slíkt þrífast alveg þrýðilega og það mætti vel ímynda sér fyrirlestra um allt mögulegt á fjölmörgum tungumálum eða sýningar á heimildarmyndum og leiksýningar og ferðir á söguslóðir eða hvað sem er. Þarna yrði væntanlega vettvangur fyrir íslenska og erlenda áhugamenn á sambærilegum námskeiðum við þau sem Jón Böðvarsson hefur staðið fyrir.

*Norræn fræði eiga í vök að verjast í háskólum víðast hvar í heiminum. Stöðugildi eru lögð niður, deildir gerðar að skúffum í öðrum deildum og nemendum virðist fækka ár frá ári. Það hlýtur að vera í okkar verkahring að kveikja áhuga hjá ungu fólki. Safn sem þetta ætti að vera í nánnum tengslum við Háskóla Íslands, íslenskudeildir erlendis og íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands.*

## KONUNGSBÓK EDDUKVÆÐA – DÖNUM TIL HEIÐURS

Gallinn er sá að það eru nánast engin fordæmi fyrir því að þjóð hafi aðeins geymt sögur frá fortíðinni, þökk sé lífrænni byggingararfleifð þar sem hið sama gildir um hús og menn: Af moldu ertu kominn og að moldu skaltu aftur verða. Við sækjum fyrirmyndir okkar til erlendra safna sem miðla efniskenndum hlutum fremur en sögum og þannig var Þjóðminjasafnið. En það er hægt að miðla bókmenntaerfi á spennandi hátt. Miðað við röksemdafærsluna hér að framan um alheimsmerkilega gripi þá er erfitt að taka einn grip af Þjóðminjasafni, Listasafni Íslands eða Árbæjarsafni og segja að þetta sé eitt merkilegasta lista-

verk í heimi. Þótt Þórshamarinn og Þórslíkneskið séu merkilegir gripir þá lýsa þeir ekki heilli heimsmynd. Ég tek fram að ég er ekki að gera lítið úr söfnunum. Mónu Lísu hugmyndina er ekki hægt að yfirfæra á gripi þar. Edda hefur víðtækari skírskotun en nokkuð annað. Ef tengslin milli Árnastofnunar og Þjóðminjasafns væru aukin myndu þau auðga hvort annað verulega. Konungsbók Eddukvæða í nánd við Þórshamarinn og Þórslíkneskið myndi vera mjög áhrifamikil heiðin þrenning. Kirkjulist miðalda eða eftirmynd af miðaldakirkju við hliðina á glæsilegum bókum eins og Stjórn eða nótum og hljómi tíðasöngs myndi gefa manni miklu betri mynd af sambengi sögunnar og heildaráhrifin yrðu miklu sterkari. Auk þess má benda á eitt mjög mikilvægt ef ekki það allra mikilvægasta:

***Því herra:***

*Því herra sem við gerum handritunum undir höfði þeim mun meiri verður höfðingskapur Dana sem skiluðu þeim. Aðeins sá þáttur er stórmerkilegur í samskiptum þjóða og við ættum að halda þessu á lofti, Dönum til heiðurs og öðrum til fyrirmyndar.*

## EDDA: MIÐPUNKTURINN Í FJÖLSÓTTASTA FERÐAMANNASTAÐ Á ÍSLANDI

Á næstu árum á að reisa nýtt hús fyrir Árnastofnun á lóðinni á milli Þjóðarbókhöfuðs og Þjóðminjasafns. Með samvinnu og jafnvel samtengingu þessara safna skapast einstakt tækifæri til að búa til ótrúlega skemmtilegt safn. Þessi söfn með hinni sérstöku sögu sem þau geyma ásamt gripum og heimildum og framsetningu eiga ein og sér að vera næg ástæða fyrir Íslandsferð. Þetta safn á að geta dregið til landsins skólafólk hvaðanæva að úr heiminum í tugþúsundatali árlega. Safnið á að geta dregið hingað menningarlega pílgríma alls staðar að úr heiminum. Safnið á að geta stutt við Ísland sem ráðstefnaland og það á að vera mikilvægasti hlekkurinn í uppbyggingu á ferðapjónustu utan sumartíma og mikilvægasti ferðamannastaður í Reykjavík. Safnið á að miðla grundvallarupplýsingum og þaðan verður mönnum vísað á sögurnar sjálfar og Íslendingasöguslóðir og aðra sögustaði allt umhverfis landið. Safnið verður nauðsynlegt til að laða hingað áhugamenn um sögu í fyrsta lagi.

- a) Ferðamaður leitar sér upplýsinga áður en hann fer í kringum landið. Hann fer einhverja bæklinga um Reykholt, Eiríksstaði og Njálusetrið en þar sem hann hefur aldrei verið sérlegur áhugamaður um miðaldasögu letur hann þá eiga sig.
- b) Ferðamaður fer á Safnið vegna þess að honum er sagt að gera það og hann fer þótt hann hafi aldrei verið neinn áhugamaður um miðaldir. Hann kynnist þar Í FYRSTA SKIPTI, Íslendingasögum, handverki, vopnaburði, siglingum og Eddukvæðum. Þá ákveður hann að sjá Reykholt, Njáluslóðir og annað sögutengt sem er og verður í boði. Áhuginn á sögustöðum vex í réttu hlutfalli við þekkinguna á sögu þeirra.
- c) Ferðamaður millilendir í einn dag vegna þess að hann á að hafa séð Konungsbók Eddukvæða. Hann kaupir Njals saga og kemur aftur með fjölskylduna til að fara einn söguþring kringum landið sbr. ferðamann b).

EIN HUGMYND AÐ HÆTTI SNORRA STURLUSONAR:

### SAMTENING PÞJÓÐMINJASAFNS OG ÁRNASTOFNUNAR

- með jarðgöngum undir Suðurgötu

Það er eflaust ekki mjög hagkvæmt að hafa tvö fatahengi, tvær miðasölur, tvær verslanir, tvöfalda markaðssetningu, tvöfalda leiðsögn og safnkennslu og tvöfalda hugsun í sýningarhaldi á fjölsóttustu söfnum á Íslandi sem munu standa hlið við hlið og miðla sömu tímabilum í sögu Íslands. Ef mikið af skólafólki á að geta streymt milli safnanna verður líka hættulegt að teyma allt þetta fólk yfir Suðurgötuna. Ég ætla því að leggja fram nokkuð raunhæfa hugmynd sem getur varla þótt mjög róttæk á þessum síðustu og bestu tímum þegar menn grafa sig undir Hvalfjörð eins og ekkert sé og halda að trúin flytji flugvöll.

Það má velta því fyrir sér hvort samtenging safnanna með göngum undir Suðurgötu gæti ekki verið sniðug hugmynd hvort sem lítið er til umferðaröryggis eða hagkvæmni í rekstri og sýningarhaldi safnanna. Þannig væri hægt að markaðssetja söfnin tvö undir einum hatti. Handritin kæmust í beintengingu við gripina og aðdráttarafl Eddu myndi auka streymi gegnum Þjóðminjasafnið og öfugt.

*Erlendis geta menn kynslóð fram af kynslóð gengið að föstum punktum í menningarlandslaginu vísun. Kirkjur, söfn, kastalar, rústir verða fyrirbæri sem menn geta séð og sagt öðrum að sjá eftir 10 ár eða 50 ár eða 100 ár. Konungsbók Eddukvæða ætti að verða slíkur fastur punktur í menningarlandslaginu. Það er hægt án þess að skemma handritið og það er hægt að geyma það við öruggari aðstæður en nú er gert.*

EINU SINNI VAR VERIÐ AÐ GERA VIÐ LYFTUNA Í ÁRNAGARÐI SEM ER NOTUÐ TIL AÐ FERJA HANDRITIN

UPP OG NIÐUR. GETUR KVIKNAÐ Í LYFTUNNI? SPURDI ÉG VIÐGERÐARMANNINN. HANN GAT EKKI ÚTILOKAÐ ÞAÐ.

## TVÆR DÆMISÖGUR

I

Ég var í Árnagarði og 20 kanadískir 10 ára krakkar héngu fyrir utan dyrnar að Stofnun Árna Magnússonar. Útlendingar voru oft að villast um ganga Árnagarðs og því spurði ég hvort ég gæti aðstoðað en þeir sögðust vera að bíða á meðan hinn helmingurinn var inni. Þessir krakkar voru í Íslandsferð með skólanunum. Þegar börnin áttu að velja staði til að heimsækja var Ísland og handritin í fyrsta sæti. Kennari hafði kveikt hjá þeim áhugann í Kanada. Þegar hingað var komið var aðstaðan svo bágborin að helmingur þurfti að bíða úti á gangi. Ég neita því ekki að mér fannst synd að í öllu áreiti og drasli nútímans þar sem margir gera ekkert annað en að ota umbúðum og drasli að börnum þá eru þeir sem geyma eitthvað spennandi og innihaldsríkt með svo fábrotna aðstöðu að erfitt er að koma til móts við brennandi áhuga þeirra sem hafa hann fyrir, hvað þá að kveikja verulegan áhuga hjá þeim sem ekki hafa hann fyrir. Þeir hefðu getað verið á svona safni heilan dag en aðstaðan bauð upp á hálf tíma fyrir hvorn hóp.

II

Sumarið 1997 var Konungsbók Eddukvæða til sýnis. Einn daginn var dyrabjöllunni hringt klukkan 11:00 og miðaldra þýsk hjón stóðu við dyrnar og sögðu: Die Edda? Die Edda? Ég sagði að safnið opnaði klukkan 13:00 en þau voru á leiðinni út á flugvöll og fannst þau ekki geta farið heim án þess að hafa séð Die Edda. Af tilviljun var bókin komin á sinn stað. Ég hleypti þeim inn, sýndi þeim bókina. Áhrifin voru mögnuð vegna þess að konan táraðist. En konan getur ekki sagt neinum að koma og verða fyrir sömu áhrifum. Edda er ósýnilegur hluti af menningarlandslaginu.

## HUGMYNDIR HANDA NÝJU HÚSI

Þegar nýtt hús verður reist á lóðinni milli Landsbókasafnsins og Þjóðminjasafns þá ættu menn að huga að þessum hugmyndum sem nefndar eru hér að framan og þeim sem á eftir koma. Aðsókn á safnið í fortíð er ekki ávísun á aðsókn í framtíð. Eins og áður sagði, stöðuorkan er fyrir hendi. Hið nýja hús á að verða fjölsóttasti ferðamannastaður á Íslandi. Það erum við sem stýrum því hvert gestir okkar fara. Við eigum ekki að þurfa að standa á gati og vísa fólki bara í Perluna. Ef handritin eru merkasta og mikilvægasta framlag Íslands til heimsmenningarinnar þá eigum við að staðfesta það með viðeigandi umgjörð. Umgjörðin og afgreiðslan ætti að minnsta kosti ekki að vera minni en anddyri Sedlabankans eða gatið í Perlunni.

Það væri hægt að sameina krafta þeirra sem vinna að leiðsögn og safnkennslu, það væri hægt að stórbæta samskipti við íslensku-deild Háskóla Íslands, sagnfræðina og íslensku fyrir erlenda stúdenta og nýta sér krafta og hugmyndir þeirra sem eru í námi og tengja þetta fólk beint við fræðasviðið og miðlunarsviðið. Þetta safn verður miðpunktur í sögu og íslenskukennslu í skólum og hver einasti nemandi ætti að hafa heimsótt safnið nokkrum sinnum frá leikskóla upp í háskóla.

**Föst kennileiti í menningarlandslagi Íslands:** Konungsbók Eddukvæða verði fast kennileiti í menningarlandslagi Íslands. Sérfræðingar segja að það sé mögulegt að hafa Konungsbók á föstum sýningum án þess að skemma hana. Konungsbók verði skilgreind sem merkilegasta og langdýrmætasta handritið og einn merkasti gripur í Norður- Evrópu. Hún verði sá gripur sem allir eru sammála um að allir eigi að hafa séð og geti séð. Stefnt skal að því að safnið Þjóðminjasafn Íslands/Árnastofnun verði þekkt sem eitt merkilegasta safn Evrópu.

**Í ljómanum:** Merkustu handritin verða einnig til sýnis. Flateyjarbók, Möðruvallabók, Grágás, Stjórn og Skarðsbók Jónsbókar mættu vel vera á föstum sýningum ásamt upplýsingum um innihaldið. Einnig er hægt að notast við eftirlíkingar hóflega án þess að fólk taki eftir því.

## DÆMI UM ÞAÐ SEM NÝTT HÚS VANTAR:

Húsið þarf í fyrsta lagi að vera fallett og áberandi kennileiti.

### FYRIRLESTRARSALUR

-Stór fyrirlestrarsalur er mikilvægur þar sem einnig verður hægt að halda fyrirlestra og sýna kvikmyndir og leiksýningar. Hann ætti að nýtast háskólanum, ferðamönnum, skólahópum og fólki sem sækir sögunámskeið víðs vegar að úr heiminum. Fjöldinn

allur af leiksýningum hefur verið gerður upp úr bókmenntaarfinum og það gæti verið mögulegt að sýna og „geyma“ margar þeirra á safninu, gera þær að föstum punktum í menningarlandslaginu. Leikrit eins og Ormstunga og ýmsar barnasýningar ættu að henta vel. Það mætti jafnvel hugsa sér að salur þessi verði einkum og sérílagi hannaður með ferðamenn og skólahópa í huga. Með góðum fyrirlestrarsal eða sölum sem myndu einnig nýtast Þjóðarbókhöfðu, Þjóðminjasafni, Árnastofnun og heimspékideild HÍ mætti búa til mjög góða aðstöðu fyrir ráðstefnur, kennslu, miðlun og fleira.

*Þessir eiga að fara á safnið:*

- 87% ferðamanna sem koma til Íslands.
- Öll skólabörn að minnsta kosti þrisvar í tengslum við nám í grunnskólum. Menntaskólanemar árlega og háskólanemar daglega.
- 2000 manns á endurmenntunarnámskeiðum.
- Íslendingar sem oftast, enda yrðu sérstakar sýningar haldnar reglulega um sértæk efni. Erlendis eru söfn farin að verða sífellt vinsælli og virkari þáttur í tómstundum fólks.
- 70.000 skólabörn frá öllum heimshornum (fyrir 2020, ein þota á dag). Þessi börn eru líka komin vegna hábita, jökla, fossa, hvala og náttúru almennt og hins stórmerka náttúrugripasafns sem verður í Perlunni.
- Ráðstefnugestir og sérstaklega makar þeirra.
- Millilendingafólk. Menn sem hafa nokkra tíma til að skoða safnið á meðan beðið er eftir næstu flugvél yfir hafið.

Varlega áætlað mun Þjóðminjasafn/Árnastofnun laða að sér um það bil 300.000 gesti á ári til að byrja með. Þetta eru samt ekki nema 800 manns á dag eða samtals 20 rútuþylli þannig að þetta er mjög varlega áætlað. Aðgangseyrir væri um það bil 100 milljónir á ári. Hugsanlegar tekjur af sölu bókmennta og minjagripa ætti að vera um það bil 200 milljónir. Þessir gestir dreifast síðan á sögustaði og náttúruundur umhverfis landið enda mun safnið vísa mönnum í allar áttir.

## SÝNINGIN

Það er í rauninni óþarfi að ákveða hvernig sýningin á að vera eða hvernig hún ætti að vera fram sett enda ætti hluti safnsins að vera síbreytilegur. Það er allavega ljóst að rýmið þarf að vera margfalt meira en nú er. Norræna goðafræðin ein og sér ætti að hafa nokkur hundruð fermetra fast sýningarsvæði, þar sem hægt væri að fræðast um heimsmyndina, þar sem goðin væru kynnt til leiks og hlutverk þeirra og sögur af þeim væru sagðar. Þar væri hægt að sjá hugmyndir listamanna frá öndverðu til vorra daga um þennan heim, myndir af fornminjum sem tengjast sögunni, hlusta á Wagner og sjá teiknimyndir og það væri jafnvel tekið á hættulegum hlutum eins og tengingu öfgahópa við arfinn og reynt að fjalla um þær eða hrekja þær hugmyndir, til dæmis með hugmyndum Snorra um að Óðinn hafi komið frá Asíu eða þá að menn gæti þess að leggja áherslu á hið sammannlega fremur en hið sérnorræna. Það mætti hugsa sér tengingu við goðafræði Indlands, Grikklands og Rómverja. Frá þessum hluta sýningarinnar verður skýr tenging við Reykholtt í Borgarfirði og mönnum vísað þangað til að vita meira um Snorra Sturluson, konungasögur og annað sem honum viðkemur.

ÍSLENDINGASÖGUR, HEIMSMYND MIÐALDAMANNA, VÍSINDI...

Þar verður fjallað um Íslendingasögurnar, helstu einkenni þeirra, hetjur þeirra og söguvið. Litið verði á safnið sem miðpunkt menningarlegrar ferðapjónustu á Íslandi. Safn sem þetta er ekki í samkeppni við aðra sögustaði. Þetta verður safnið sem gerir það að verkum að áhugamenn um miðaldir telja sig verða að koma hingað í fyrsta lagi. Sá sem ferðast um landið gæti rekist á Njálubækling á upplýsingaskrifstofum en ekkert „opinbert“ kerfi vísar mönnum þangað og enginn „vísindalegur“ gæðastimpill er á starfsemi eða sögunni sem hún miðlar. Ef 300.000 manns renna gegnum Þjóðminjasafn/Árnastofnun er hægt að segja frá Njálu í stuttu máli og sýna mönnum handrit af sögunni, vopn og klæðnað frá söguöld en þaðan verður mönnum vísað í Fljótshlíðina eða á aðrar sögulóðir Njálu sem spanna nánast allt landið.

## INGOLF ARNARSON KOM „SEJLENDE FRA HAVET“ DÆMI UM VANRÆKTAN „MARKHÓP“

Fyrirsögnin er tekin úr bæklingi Ferðamálaráðs á norsku sem kom út árið 1997. Í bæklingnum var fjallað um Ísland og minnst á Ingolf Arnarson en orðið norskur eða Noregur kom hvergi fyrir í bæklingnum. Ekkert var talað um Snorra Sturluson, Heimskringlu, Snorra-Eddu. Í handritum eru varðveittar ótal myndir af Ólafi helga Noregskonungi, Flateyjarbók inniheldur margar konungasögur og Snorri Sturluson er einn mikilvægasti maðurinn í norski sögu. En Ingolf kom bara sejlende fra havet, kannski ný kenning um sjálfrvikun Íslendinga. Líklega var þetta sparnaður og einföldun vegna samprents. Bæklingurinn

var samþrent fyrir ýmsa menningarheima, frá Japan til Bandaríkjanna og því þurfti samræmdar upplýsingar.

*En með því að nefna ekki Reykholt, Heimskringlu, Eddu og Snorra er verið að vanmeta drifkraft sögunnar. Þannig var til dæmis ekki virkjaður drifkrafturinn sem fékk gamla konu sem ég þekki til að fara með Jóni Bøðvarssyni til Orkneyja, Englands, Grænlands, Noregs og Rómar að ógleymdum Njáluslóðum, Eyrbyggjuslóðum, Egluslóðum og svo framvegis. Þetta voru mörg hundruð manna hópar. Hversu margar slíkar gamlar konur leynast ekki í Noregi sem getu komið hingað til að leita að eigin sögu?*

Snorri, Edda, Heimskringla, Reykholt, sameiginlegar rætur, sérstæð náttúra og margt fleira gæti laðað að þúsundir norskra skólabarna árlega. Sterk safnkennsludeild Þjóðminjasafns/Árnastofnunar, í nánu samstarfi við Reykholt og ferðaskrifstofur, gæti tengst norskum söfnum og unnið með skólakerfinu. Þess má geta að á síðustu árum hafa mörg þúsund frönsk skólaborn komið til landsins í skólaheimsóknir. Það er fyrst og fremst frumkvæði eins manns sem vinnur hjá Samvinnuferðum-Landsýn.

*Þetta er bara spurning um að halda áfram starfi Snorra: Að segja Norðmönnum eigin sögu.*

## ÆÐ ÓGLEYMDUM GLEYMDU ÞÁTTUNUM

Safn þetta á ekki að staðfesta smekk og gildi fyrri kynslóða heldur verður það að vera í mjög nánnum tengslum við fræðin og vera vettvangur frjórar umræðu og endurskoðunar sögunnar. Nýjar upplýsingar um fortíðina skila sér oft alls ekki upp á yfirborðið og bókmenntir sem ekki voru í tísku fyrir 100 árum hafa enn ekki notið sannmælis.

### MYNDLISTARHEFÐIN

Það er ríkjandi skoðun að Íslendingar eigi enga myndlistarhefð, tónlistarhefð eða hefð í byggingarlist og innan veggja Árnastofnunar/Þjóðminjasafns verður hægt að bæta úr því. Þegar Árnastofnun/Þjóðminjasafn/ Landsbókasafnið er komið undir sama þak verður hægt að skoða samhengi myndlistarsögunnar í heild sinni. Hvernig mynstur í handritum speglast í tréskurði og skyldleika við listina á meginlandi Evrópu og hvernig miðaldamynstur finnast jafnvel ennþá í tréskurði í upphafi 20. aldar. Ímynd handritanna er of bundin við hugmyndina um morkin skinn. Stór hluti Íslendinga hefur aldrei séð handrit og þótt nöfn eins og Konungsbók og Flateyjarbók séu alþekkt er ekki víst að menn myndu vita hvort er hvað. Rannsóknir á myndlistararfinum hafa verið mjög litlar og enginn virðist hafa kveitt eld hjá ungu fólki sem hyggur á nám í listasögu. Handritalistin er ósýnileg að mörgu leyti, margar skritnar myndir hafa hvergi birst og eru jafnvel aðeins geymdar í handriti eða á svarthvítum ljósmyndum. Í verslunum er aðeins hægt að kaupa póstkort með landslagsmyndum þótt búið sé að framleiða mjög falleg kort með handritamyndum, þeim er einfaldlega ekki dreift. Þótt póstkort séu smáatriði þá eru þau samt mikilvægur þáttur í kynningu á söfnum en þannig dreifist ímynd eða áhugi á söfnum og gripum mjög víða.

### TÓNLISTARHEFÐIN

*Loksins þegar tónlistarmenntað fólk komst með krumlurnar í kisturnar á Landsbókasafni kemur í ljós að íslensk tónlistarsaga var miklu ríkari en nokkur gat gert sér grein fyrir. Hugmyndir manna um tónlistararfinn eiga eftir að gjörbreytast á næstu árum.*

Um hana gildir það sama og um myndlistina og á síðustu árum höfum við eignast lög sem enginn hefur heyrt í margar aldir. Útgáfa á rímnadiskum hefur tekist vel, Þorlákstíðir voru fluttar í fyrsta sinn í margar aldir og öflug tónleikaröð hefur verið í Skálholti. Innsýn í tónlistararfinn myndi gefa safninu mjög lifandi vídd. Mikilvægt er að staða í þessum fræðum verði stofnuð til að auka enn á þekkinguna, miðla henni og búa til fræðimenn framtíðarinnar. Áhugasömum yrði vísað í Skálholt eða á Siglu-fjörð þar sem stefnt er að því að haldnar verði Þjóðlagahátíðir á næstu árum í tengslum við nýstofnað Þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar. Safnið verður samt sem áður lifandi vettvangur Þjóðlagarannsóknna og miðlunar enda eru handritin og segulbandasafn Árnastofnunar brunnar sem menn eiga eftir að ausa endalaust úr. Þessar rannsóknir munu skila sér upp á yfirborðið í tónlistarviðburðum um allt land. Þjóðlöggin sem verið er að grafa upp ætti að vera meiri frétt hérlendis en nýfundnar upptökur með Bítlunum.



## HVAÐ HEITIR MAÐURINN MEÐ STANDPÍNUNA?

Mikilvægasti punkturinn er enn þessi. Konungsbók Eddukvæða er merkilegasta listaverk á Íslandi. Gripur sem ætti að rata í kennslubækur og menn eiga að vilja sjá. Með henni er hægt að búa til miðpunkt miðlunar á norrænni goðafræði á Íslandi með Eddu í miðjunni, raða utan um hana heimildum um víkinga og miðaldir og kristnitöku og bókmenntir og tónlist og búa til sterka og sýnilega og alþjóðlega fræða- og fræðslumiðstöð sem jafnframt verður fjölsóttasti ferðamannastaður á Íslandi. Við getum lagt áherslu á að ef handritin hefðu glatast væru menn úti í heimi að klóra sér í hausnum yfir myndum á rúnasteinum og spyrja sig: Af hverju er hesturinn með átta lappir? Tvö hestöfl? Hvað heitir maðurinn með standpínuna? (Freyr)

## VIÐ VERÐUM AÐ KAUPA AUGLÝSINGAR Í HLÉI Á SUPERBOWL

En hvernig kynna menn safnið og gripina sem fólk vill sjá? Við getum auglýst. Við getum hent milljörðum í stærstu dagblöð heims og keypt sjónvarpsauglýsingar í hléi á Superbowl og kostað fótboltalið og Ólympíuleika í þeirri von að nokkrar ofmettaðar hræður taki eftir miðjunni og táknuinu í hálfu mínútu áður en næsta auglýsing gleypir athyglina.

### EN HEIMSMYNDIN ER BÚIN TIL Í SKÓLUM

Það er ekki ólíklegt að safn eins og þetta, með öflugra fræðsludeild gæti komið sjálfu sér nokkuð auðveldlega á kortið í skólakerfi heimsins. Blöð og tímarit og fjölmiðlar hefðu líka loksins efnivið og myndefni og upplýsingar til að miðla þegar fjalla skal um Ísland. Núna eru víkingar kringum Fjörúkrána oft aðalmyndefnið þegar sjónvarpstökumenn leita að einhverju tengdu Saga eða Viking ímynd Íslands.

Safnið gæti stutt við þemaverkefni í skólum, miðlað upplýsingum og stutt beinlínis við kennsluefni með því að vera mynda-, upplýsinga- og hugmyndaveita. Það væri hægt að fanga athygli barna í mun lengri tíma en hægt er þegar fullorðnar manneskjur eiga í hlut. Segulpunktur eru margir. Edda og goðafræðin ætti að höfða til allra en þó sérstaklega til Þjóðverja og Norðurlandabúa. Siglingar og landafundir tengjast kennsluefni Kanadamanna, Bandaríkjamanna og Norðurlandabúa. Snorri og konungasögur er mikilvægasti arfur Norðmanna. Allar þessar tengingar hefðu það síðan að markmiði að draga athyglina að safninu, miðjunni og landinu.

Það er mikilvægt að búið verði til „vörumerki“, gæðastaðall, og að safnið og fræðsluefni á netinu finnist ekki um víðan völl í tengslum við hina og þessa síðuna, heldur verði byggð upp einhverskonar „opinber heimasíða“ sem jafnframt yrði framhlið Þjóðminjasafns/Árnastofnunar/Landsbókasafns. Þá myndu kraftar manna nýtast best. Ég skýri betur út nethugmyndina og framkvæmd hennar í kaflanum um „Öld ársins“. Fjölmargir skólahópar koma nú þegar utan úr heimi en það er mjög tilviljanakennt flæði og aðstaða til að taka á móti þeim er misgóð. Eins og dæmið með kanadísku krakkana sem þurftu að bíða í hálf tíma á meðan hinn helmingurinn skoðaði handrit í hálf tíma og öfugt. Þessir krakkar hefðu getað eytt heilum degi á góðu safni. Það skal þó tekið fram að þeir voru ánægðir með móttökurnar.

## JARÐGÖNG INN Í FORTÍÐINA

Þegar nýtt safn verður reist við Suðurgötu þá tel ég að menn ættu að hugleiða vandlega þá möguleika og þá gríðarlegu stöðuorku sem gæti búið í þessu nýja safni. Að menn horfi fram á veginn og hugsi fyrir alvöru hvað við viljum sýna fólki sem hingað kemur. Kóngar fá alltaf að sjá handritin. Ætti venjulegt fólk að hafa verri smekk? Væri ekki dálítill reisin yfir því að búa til alvöru gáfulegt safn í nánnum tengslum við vísindastarf í landinu og skólakerfi landsins og heimsins. Með samtengingu Árnastofnunar og Þjóðminjasafns skapast möguleikar á að búa til eitt besta safn á Norðurlöndum. Þetta er safn sem ætti að nýtast allri ferðafjónustu á landinu, það myndi vekja áhuga og athygli á sögunni, þetta væri safn sem menn í skyndiheimsóknum gætu skoðað en einnig væri þetta upphafspunktur og grunnsegull fyrir þá sem leggja upp í söguferðir um heiminn.

Sterkt safn af þessu tagi myndi nýtast best þar sem fólk er flest og færð er greiðust, þar sem flestir skólar hafa aðgang að því og stutt er í næsta flugvöll fyrir erlenda gesti. Þessar hugmyndir þola umræðu og gagnrýni og það er hægt að fetta fingur út í margt en í grunninn held ég að hugmyndirnar séu alls ekki óraunhæfar. Fyrst og fremst ætti þetta að vera áhrifaríkasta leiðin til að miðla sögunni og breiða út fagnaðarerindið. Ef menn hugsa þetta sem jarðgöng inn í fortíðina, þá er kostnaðurinn smáaurar. Það mætti athuga hvort safn af þessari stærðargráðu væri hægt að reka eins og Hvalfjarðargöng. Það er ekki ólíklegt að sístreymi skólabarna og gamalmenna gæti aukið sætanýtingu Flugleiða verulega yfir vetrarmánuðina.

## ÞINGVELLIR DÆMI UM SÖGULAUSAN SÖGUSTAD

Á hverju ári fara tugþúsundir manna til Þingvalla, þangað steymir fólk á öllum aldri af ýmsum þjóðernum en ef menn hafa gleymt grunnskólalærdómnum og eru ekki í fylgd með leiðsögumanni þá er ólíklegt að menn fái nokkuð að vita um stórmerkilega sögu staðarins. Landslagið er vissulega flott, og enn merkilegra þegar maður veit að þarna eru Evrópa og Ameríka að toga landið í sundur en þar er engin sýning og lítið af upplýsingum sem segja manni hvað er svona merkilegt við þennan stað fyrir utan náttúrufrægurð og plötuskilin.

Í handritum er geymt gríðarlega mikið myndefni sem sjaldan eða aldrei hefur komið fyrir almenningssjónir. Það má segja að þar geymist nánast óþekktur fjársjóður. Stór hluti þessa myndefnis er geymt í lögbókum, þar má finna mynd af sauðabjólfi sem er leiddur fyrir dómara áður en hann er hengdur, þarna er mynd af náttvígi þar sem maður er höggvinn í herðar niður undir næturhimni, þarna eru myndir af hvalskurði, daglegu lífi og drykkjuskap, þar má sjá klæðaburð á 15., 16. og 17. öld, menn við heyskap, hesta, hunda, dreka og ótrúlegustu furðuverur. Þessar bækur voru í farteski manna sem komu til Þingvalla og það sem merkilegra er að þótt Snorrabúð sé stekkur og lyngið á lögbergi helga bláni af berjum hvert ár þá eru bækurnar ennþá til! Og það sem merkilegra er:

ÞÆR ERU NÁNAST EINU MANNANNA VERK SEM SANNARLEGA HAFU VARÐVEIST FRÁ ALÞINGI HINU FORNA Á ÞINGVÖLLUM.

Búðir, klæði, húsgögn, vopn, skart, nánast allt er horfið. En þessar bækur eru nánast óþekktar á Íslandi. Bækur frá goðunum gömlu, grána af ryki hvert ár. Bækurnar voru skreyttar ekki síst vegna þess að menn báru saman bækur sínar, menn dáðust að myndunum, falleg lögbók var stöðutákn. Þær voru skreyttar vegna þess að menn áttu að sjá og njóta myndanna. Kannski er hægt að orða þetta á sterkari hátt: Þær voru skreyttar til þess að eigendur bókanna gætu montað sig af þeim þegar þeir komu til Þingvalla. Við erum eigendur bókanna. Er ekki ráð að MONTA SIG AF ÞEIM Á ÞINGVÖLLUM? Aðeins fáar myndanna hafa komist á síður safnríta, hinar liggja ósýnilegar í Árnagarði, þótt menn megi auðvitað koma og skoða bækurnar þá er ekki víst að margir komi til að skoða það sem þeir vita ekki að er yfirleitt til. Í stað þess að skoða og meta myndlistarhefðina er bara sagt, „við eigum enga myndlistarhefð“, þessi setning heyrir á prenti reglulega.

Ég er ekki að gera lítið úr varðveislugildinu, það er óþarfi að hafa frumritin sjálf til sýnis, myndirnar er hægt að stækka upp, jafnvel í tengslum við lagagreininna sem verið var að myndskreyta. Þess má geta að gildi bókanna vex eftir því sem fleiri hafa áhuga á þeim. Sumir hafa rætt um nauðsyn þess að endurbyggja búðir, sviðsetja bardaga og borga einhverjum fyrir að liggja undir feldi og sýna þannig eitt og annað sem gerðist á Alþingi og efniviður í slíkar sýningar er auðvitað nánast óþrjótandi. En það má ekki gleyma því að bækur og óþrjótandi heimildir eru til, bækurnar eru listaverk hvornig sem á þær er lítið, myndirnar fallegar og lagatextarnir veita manni ómetanlega innsýn í fornan hugsunarhátt og þróað samfélag.

## SAFN UM SÖGU ALÞINGIS Á ÞINGVÖLLUM

Þar er hægt að stækka upp myndir í lögbókunum og heilar opnur og sýna myndir af þeim í tímaröð og þannig er hægt að fá sneiðmynd af íslenskrum myndlistarsögu. Sögu Þingvalla þarf að segja á Þingvöllum, það er ekki hægt að treysta á það sem maður lærði í barnaskóla. Það þarf að segja frá stórviðburðum og lögnum og örlögum fólks sem fór ekki eftir þessum lögum. Skógar-menn, hórdómsbrot, sauðabjólfar, þarna er efniviður sem snertir alla þætti Íslandssögunnar og lífs í landinu og ætti að vera mönnum endalaus efniviður í breytilegar sýningar í sýningarskálunum. Þarna vantar tilfinnanlega fræðslu fyrir ferðamenn, skólafólk og venjulegar fjölskyldur sem eru að gera sér dagamun. Allt þetta ætti að komast fyrir undir einu þaki nálægt þeim stað sem þjónustumiðstöðin er nú.

## SAGA ALÞINGIS

Þetta safn ætti ekki síst að geyma sögu Alþingis, frá 930 til vorra daga. Sýningarskálinn væri þáttur í námi og námsferðum allra grunnskólabarna, þáttur í ferðum erlendra barna til Íslands og hluti af þeirri aðstöðu sem þarf að skapa til að grundvöllur sé fyrir sögulegri ferðabjónustu kringum landið. Í þeirri uppbyggingu má alls ekki gleyma stöðunum sem eru allra mikilvægastir og Þingvellir verða að teljast sá almikilvægasti. Sýningin á Þingvöllum myndi ekki aðeins stórbæta upplýsingar um söguna og fræðslugildi Þingvalla og gildi þeirra fyrir ferðamennsku heldur myndi virðing manna fyrir Alþingi og skilningur á því aukast og það hlýtur að vera mikils virði á þessum síðustu og bestu tímum. Auk þess myndu menn skilja í alvöru hvers vegna Þingvellir eru helgistaður, en þegar menn þekkja ekki sögu staðarins nema í örfáum stikkorðum þá er ekki skrítið þótt menn hafi litla tilfinningu fyrir sögunni. Það má líka ímynda sér að dökku þættirnir þættu nútímamönnum ekki síður spennandi,

helgimyndin má alls ekki verða glansmynd.

## ÖLD ÁRSINS - DRÖG AÐ SÖGUÁÆTLUN

Ef leitað er á vefnum að upplýsingum um sögu Íslands er fremur erfitt að finna upplýsingar sem er treystandi og yfirleitt eru þær fremur yfirborðslegar. Eini vefurinn sem virtist vera „opinber“ virðist tengjast utanríkisþjónustunni: „Brief history of Iceland“ og sá vefur er ekki mjög „djúpur“ það er ekki hægt að smella og fara í djúpköfun um söguna og ekki er vísað á frekari heimildir. Samkvæmt síðunni gerist ekkert eftir 1300, eftir gullöldina hina fyrri og Sturlungaöld: „when bad got even worse“. Þá kemur eyða alveg til Jóns Sigurðssonar.

Þessi eyða er líka í höfði flestra Íslendinga. Hugmyndir Tómasar Inga snerust að miklu leyti um miðlun á miðaldaarfnum og þeim ríkulegu heimildum sem við eigum um miðaldirnar og notkun á upplýsingatækni til að koma þessum upplýsingum á framfæri í nánnum tengslum við sögustaðina. Ég ætla að leyfa mér að fara með þessa hugmynd lengra og finna henni stað innan stærri heildarmyndar þar sem fleiri aðilar gætu tekið þátt. Upplýsingagrunnur einn og sér tryggir ekki áhuga, umræðu eða umferð um vefinn eða ásókn í upplýsingarnar. Ég legg því til að skapaður verði rammi þar sem gömlu góðu upplýsingamiðlarnir verða nýttir.

### SJÓNVARPIÐ - HINN VANNÝTTI MIÐILL

Þegar rætt er um upplýsingatækni og möguleika hennar þá gleyma menn stundum því að sjónvarpið er ennþá sterkasti og áhrifamesti miðillinn. Sjónvarpið hefur til dæmis gjörbreytt hugmyndum Íslendinga um eigið land. Skyndilega eru manni hjartfölgirnir staðir sem maður hefur aldrei séð nema í sjónvarpi. Hornstrandir í hjartanu og með Kverkfjöll á heilanum án þess að maður hafi nokkru sinni komið nálægt þessum stöðum.

Hið sama gildir ekki um sögu Íslands. Sagan hefur sárastaldan ratað í sjónvarpið, nýjar kenningar og uppgötvanir sem fræðimenn grafa árlega upp hafa ekki ratað í þann miðil. Almenn þekking er bundin við það sem menn meðtóku í barnaskóla en lítið bætist við hana seinna á lífsleiðinni nema menn beri sig sérstaklega eftir frekari fróðleik og nýjum uppgötvunum, rannsóknir og kenningar berast sjaldan gegnum jafn aðgengilegan og sjálfsagðan miðil og sjónvarpið er. Sögustaðir eru byggðir upp kringum landið og menn þykjast góðir ef þeir fá tveggja mínútna innslag í 10 fréttum, hvað þá að um staðinn sé gerð 40 mínútna heimildarmynd. Sögusöfn þurfa því að markaðssetja sig með bæklingum og hátíðum og hefðbundnum blaðaauglýsingum en ná sjaldan neinni „frægð“ á sama hátt og náttúruperlur.

Fornminjar íslenskar hafa lítið sem ekkert verið kynntar í sjónvarpi. Bókmenntasögu, tónlistarsögu, stjórnálagasögu, listasögu, hamfarasögu, hvaða sögu sem er hefur aðeins verið miðlað í myflugumynd þrátt fyrir að stór hópur landsmanna sé mjög söguþyrstur. Útvarpið, Morgunblaðið og bókaútgefendur hafa staðið sig talsvert betur. Ég ætla því að leggja fram hugmynd sem heitir Öld ársins og hún á að vera rammi sem allmargir ættu að geta fyllt upp í og tekið þátt í. Ef vel tekst til á þessi áætlun að geta hrært verulega upp í söguhugmyndum Íslendinga og kveikt áhuga manna á þáttum sem áður voru afgreiddir sem ómerkilegir, hnignunarkerki eða rusl. Má þar til dæmis nefna rímur, ferðasögur, riddarabókmenntir, þýðingar og ýmislegt fleira.

## ÖLD ÁRSINS - AÐ ENDURSKOÐA OG ENDURMETA SÖGUNA

Þrátt fyrir það sem ég sagði um sjónvarpið þá er full ástæða til að byggja upp öfluga fræðslu og upplýsingaveitu um sögu Íslands og sjónvarpið kemur vissulega inn í það mál. Slíkur vefur væri nauðsynlegur fyrir skólakerfið, ferðamennsku og almenning og netið sem slíkt enda skortir það fyrst og fremst innihald. Ýmsir eru að gramsa í hinum ýmsu þáttum sögunnar í sínu horni, einstaklingar jafnt sem skólafyrirvöld.

### SÖGUVAFUR. ANDLIT ÞJÓÐMINJASAFNS/ÁRNASTOFNUNAR/ÞJÓÐARBÓKHLÖÐU

Settur verði upp öflugur fræðslu- og upplýsingavefur um sögu Íslands. Hann verður andlit Þjóðminjasafns/Árnastofnunar/Þjóðarbókhöfðs. Búið verður til þema sem kallast Öld ársins. Á hverju ári verður ein öld tekin fyrir sem þema og hún skoðuð frá öllum hliðum. Þemað verður ekki eingöngu á vefnum heldur mun ramminn ná langt útfyrir netheima. Ýmsir aðilar í raunheiminum munu taka þátt, bókaútgáfur, bæjarfélög, söfn, skólar, fjölmiðlar, listamenn og aðrir.

## HEILDARRAMMI TIL AÐ FYLLA

Vefurinn verður settur upp og heildarramma Íslandssögunnar markaður. En til þess að halda vefnum á lífi og til þess að vinnsla hans verði raunhæfur möguleiki þá verður ein öld tekin fyrir á ári sem „Öld ársins“. Byrjað verði á landnámsöld og svo koll af kolli. Í heilt ár verður ákveðin öld í brennidepli, hún verður skoðuð í útvarpi, sjónvarpi og blöðum í víðu samhengi og þegar sú umfjöllun hefur farið fram verður efnið vistað á „Söguvefnum“, hinum viðurkennda söguvef Þjóðminjasafns/Árnastofnunar/Þjóðarbókhöfðu. Margmiðlun á næstu árum verður ekki síst fólgin í því að geta sótt sjónvarpsþætti, útvarpsþætti, myndir og annað í ákveðna upplýsingaveitu sem er í rauninni beint framhald af heimasíðunni. Helstu sögustaðir aldarinnar verða í sviðsljósinu og fá að njóta sín, staðir sem stóðu í blóma á ákveðnu tímabili eða tengdust merkismönnum og atburðum en falla samt yfirleitt í skuggann af öðrum sögustöðum. Kraftar stofnana myndu nýttast á einum áberandi stað í stað þess að hver og einn byggji upp sitt tölvakerfi og haldi úti sínum vef, það má til dæmis ímynda sér að umferð um vef Árnastofnunar verði alltaf fremur takmörkuð en með þessum vef myndu fleiri skoða handritin sem verið er að skanna inn, í samhengi við sögulega atburði eða bókmenntir sem verða í brennidepli undir merkjum „aldar ársins“. Það má til dæmis ímynda sér að ekki séu margir sem beinlínis hafi áhuga á að skoða riddarasöguhandrit frá 15. öld. Þegar 15. öld verður öld ársins má hins vegar ímynda sér slíkt handrit í brennidepli um leið og riddarasagan er lesin í útvarpi eða lestur hennar verður aðgengilegur á netinu ásamt lestri og úrvali af helstu verkum tímabilsins. Þannig mætti ímynda sér að þegar svona rammi hefur verið markaður gætu bókaútgáfur séð sér hag í því að gefa út bókmenntir sem annars eiga erfitt með að rata inn í opinbera umræðu. Bókaforlagið Edda gefur til dæmis út ritröð sem nefnist Íslands þúsund ár. Það má ímynda sér að slík ritröð gæti fylgt öld ársins eftir með einni bók á ári. Skáld sem voru ef til vill merkustu skáld sinnar aldar en eru dæmd til að falla í skugga „Þjóðskáldanna“ gætu fengið að standa í eitt ár sem merkustu skáld sinnar aldar.

## ÁÆTLUN FYRIR ÖLD ÁRSINS:

- 5-10 sjónvarpsþættir verði gerðir um öldina, þeir verða síðan vistaðir og gerðir aðgengilegir á vefnum. (Tæknilega mögulegt nú þegar og aðgengilegt almenningi innan 5 ára.)
- Námskeið og málþing verði haldin í Háskólanum.
- Útvarpsþættir verða gerðir.
- Merkustu bækur og textar aldarinnar verði gefnir út eða gerðir aðgengilegir. Handrit frá þeim öldum sem eru í brennidepli verður hægt að skoða á vefnum.
- Merkustu menn aldarinnar, áhrifamestu skáld, höfðingjar og listamenn verða í brennidepli.
- Kjör almennings verði skoðuð.
- Tónleikar haldnir og myndlist aldarinnar sýnd í alþjóðlegu samhengi.
- Fornminjar, húsaskipan, klæðaburður og heimildir um matargerð aldarinnar verða dregnar fram í dagsljósið.
- Helstu sögustaðir aldarinnar verða í brennidepli.
- Sögustaðir gætu lagt áherslu á öld ársins eins og hægt er. Nokkrir merkustu staðirnir fengu veglega umfjöllun í heimildarmyndum. Gagnvart stöðum eins og Þingvöllum myndi áætlun sem þessi stækka staðinn í hugum manna og líklega yrði hann ekki aðeins sveipaður glæsijóma heldur einnig nokkru myrkri enda mikil örlög sem þar réðust.
- Fræðimenn fengu tækifæri til að miðla nýjustu rannsóknum og hugmyndum innan þessa ramma.

## AÐ LOKUM

Á þessum 10 árum væri Íslandssagan skoðuð frá mörgum sjónarhornum. Það sem ég nefni hér í þessari skýrslu er það sem ég sé frá mínum bæjardyrum og eflaust má tína margt og mikið til sem ég læt ónefnt. Öld ársins er þannig áætlun að fátt ætti að þurfa að vera ónefnt innan þess ramma. Söguskoðun Íslendinga er að mörgu leyti stírnúð og manni finnst eins og arfur Jónasar frá Hriflu sé enn sterkur í söguhugmyndum. Brief History of Iceland bar keim af því. Haugur af skemmtilegu og merkilegu efni, sögum, ljóðum og heimildum bíður þess að vera sett í rétt samhengi og verða matreitt og miðlað á skemmtilegan hátt.

## NIÐURLAG

Ég veit ekki til þess að miklir stóratburðir eða stórafmæli séu framundan og núna ætti okkur að gefast færi á að skoða Íslands þúsund ár í ró og næði. Eins og áður sagði eru þetta hugmyndir og orðalag, staðhæfingar og annað gæti verið gagnrýnivert og kannski er ég kominn langt út fyrir verksvið mitt með því að sameina stofnanir, grafa göng undir götur og vanmeta eitt og annað. En sagan er löng og merkileg og skemmtileg og algjör óþarfi að hræðast endurskoðun á henni eða myrkar aldir. Við sem lifum þessa efnahagslegu og menningarlegu gullöld hefðum gott af því að skoða fortíðina í heild sinni. Við erum líka

orðin nógu stór til að þora að horfast í augu við verstu tímabilin, nú þegar menn þurfa ekki lengur að sækja fyrirmyndir í glæsta gullöld. Við getum því leyft okkur að sjá hvort gullöldin var svona gyllt og myrku aldirnar jafn myrkar því ekkert er jafn skemmtilegt og að endurskoða hugmyndir, slík endurskoðun er drifkraftur og grundvöllur þess að menn fái sjálfsprottinn áhuga á sögunni. Það er líka eflaust nauðsynlegt fyrir nýrka þjóð sem vill halda jarðsambandi.







Samgönguráðuneytið  
ágúst 2001

un mugi m uega s av vna w p w  
dungr ok æ menra æ uega en tu  
ve. þiordunga ued. S æ er ammar  
pundari er hett handpundari. Sa  
ik risa at hælþri o. ok æ menra  
æ uega en hælþam amam þiordug  
þ ik vera tungu pundari. Stuka  
ik gizza. y. almar stikar segn út  
hava. En þessi iko va mæti koflo  
v þu mænau ok þu þu þu mæti